

ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

Á aflmikinn bíl

bílar tíska ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÓTTAR GUÐNASON

Tekur aðþrengda eiginkonu upp

Eva Longaria leikur í auglýsingu hjá kvikmyndatökumanninum FÓLK 62



dofri.is

Ný viðhorf
Dofra
í 4.-6. sæti

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

11. febrúar 2006 — 41. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Skáldskapurinn hefur síðasta orðið



Jón Kalman Stefánsson hlaut Íslensku bókmennta-verðlaunin á dögunum fyrir bók sína Sumarljós og er að eigin sögn seinþroska rithöfundur.

VIÐTAL 26

Kristin menning

Áður var það ekki tiltökumál fyrir Íslendinga að vera kristnir, segir Sverrir Jakobsson og veltir fyrir sér þeirri nýtilkomnu þörf til Íslendinga að hampa hinni kristnu arfleifð sérstaklega.

Í DAG 12

Hin lífsglaða Lafði Dench

Enska leikkonan Judi Dench er tilnefnd til óskars-verðlaunanna fyrir leik sinn í aðalhlutverki í kvikmyndinni Mrs. Henderson Presents.




VIÐTAL 54

Megi betra liðið vinna

Ingemar Linnél, þjálfari sænska landsliðsins í handbolta, býst við afar jöfnum og hörðum slag þegar Íslendingar og Svíar mætast í undankeppni fyrir HM í Þyskalandi í sumar.

ÍÞRÓTTIR 56

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL VESTAN TIL Í dag verður yfirleitt suðvestlæg átt, en norðvestlæg á Vestfjörðum. Yfirleitt fremur hægur vindur, síst þó með norðausturströndinni. El af og til vestan til en bjartviðri eystra. Hiti 0-3 stig en frost á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

GÓÐUR DAGUR TIL AÐ KJÓSA

Skoðaðu blaðsíðu 11

Íslendingur í Litháen ætla í mál við ASÍ

Íslenskur eigandi starfsmannaleigu í Litháen segir Alþýðusamband Íslands hafa lofað litháískri konu gulli og grænum skógum fyrir uppreisn gegn vinnuveitanda á Íslandi. ASÍ segir gróflega hafa verið brotið á starfskjörum konunnar.

STARFSMANNALEIGUR Ágúst Grétarsson, eigandi starfsmannaleigunnar 3B Baltic í Litháen, segir að allar líkur séu á því að hann sláið við ASÍ í réttarsal vegna starfsmanna sem hann sendi til starfa hjá BeBe Vöruhúsi í Kópavogi. „Ég er ekki hræddur við eitt eða neitt. Við höfum fengið lögfræðinga til að fara yfir þetta, bæði á Íslandi og í Litháen og þetta stenst öll lög,“ segir hann.

Ágúst segir að Alþýðusamband Íslands hafi lofað litháísku konunni Rimu, sem sagði sögu sína af

íslenskum vinnumarkaði í fjölmiðlum nýlega, gulli og grænum skógum gegn því að hún gerði uppreisn gagnvart vinnuveitandanum. Ágúst hefur eftir systur Rimu í Litháen að ASÍ hafi sagst myndu greiða henni mismun þeirra launa sem hún fær samkvæmt litháískum samningum og þeirra launa sem viðgangast á Íslandi, upphaldi meðan á mála-rekstrinum stæði og flugfarið heim aftur til Litháens. Samtals geri þetta 400 þúsund krónur í peningum og er þá hvorki flugfar né upphald reiknað með.

„Mér finnst ofboðslega leiðinlegt hvernig þetta hefur farið. Fólk á að koma hreint fram og láta vita ef það er óánægt. Þetta fólk er í vinnu hjá mér og ég borga skatta og skyldur af þeim hér í Litháen. Ef

Íslendingar halda að þeir geti látið fólk af öðru þjóðerni greiða skatta og gjöld á Íslandi en sjálfir komið svo öðruvísi fram þegar þeir senda fólk til annarra landa þá er það mikill misskilningur.“

Halldór Grönvold, aðstoðarfrankvæmdarstjóri ASÍ, segir litháísku starfsmennina, sem unnu í BeBe vöruhúsinu í Kópavogi, hafa búið við starfskjör sem voru ekki í samræmi við það sem gildir á vinnumarkaði hér.

„Við höfum ekki boðið einum eða neinum gull og græna skóga en það er réttur fólksins að það fái greidd laun samkvæmt íslenskum lögum. Ef Ágúst telur sig eiga eitthvað vantal að við okkur þá verði honum það að góðu.“

- ghs/ sjá síðu 34



SJÓNARSPIL Vetrarólympíuleikarnir voru settir í 20. skipti við hátíðlega athöfn í Tórinó á Ítalíu í gærkvöld. Gríðarlega mikið var lagt í opunarathöfnina og var hvert glæsiatriðið flutt af öðru. Fimm Íslendingar keppa á leiknum að þessu sinni.

NORDIC PHOTOS AFP

Múhamedsteikningafárinu ætla seint að linna:

Kallað eftir hryðjuverkum

MÚHAMEDSTEIKNINGAR Um allan hinn íslamska heim tóku and-dönsk mótmæli við af föstudagsbænum í gær. Herskáasta tóninn mátti heyra í Gazaborg, þar sem þúsundir múslíma kölluðu eftir nýjum hryðjuverkaárásum al-Kaíða á Danmörku og Vesturlönd.

„Osama bin Laden, sprengdu Kaupmannahöfn,“ hrópuðu mótmælendur við Al-Azhar-moskuna í Kaíró í Egyptalandi, eitt elsta og helgasta bænahús súnní-múslíma. „Með sálum okkar og blóði end-

urleysum við þig, íslam,“ sögðu mótmælendurnir er þeir kvektu í dönskum fánum.

Fréttir bárust einnig af mótmælum um öll Mið-Austurlönd, Afríku og Suður-Asíu.

Ahmed Abu Laban, múslím-aklerkur í Kaupmannahöfn sem var einn aðalhvatamaðurinn að því að gerð var út sendinefnd múslíma frá Danmörku til að vekja athygli á Múhamedsteikningum Jótlandsþóstsins í Mið-Austurlöndum, bar hins vegar af sér ábyrgð á því að hafa tendrað hið

and-danska fár í múslímalöndunum. Hann sagðist í gær fordæma ofbeldið sem sumir mótmælendur hefðu gert sig seka um, en sagði að hamagangurinn hefði skapað betri skilning á gildum múslíma á Vesturlöndum. Yfirgnæfandi meirihluti Dana telur hins vegar Laban og félag hans bera meginábyrgðina á fárinu. Samkvæmt viðhorfsskönnun sem birt var í gær töldu 58 af hundraði Dana þá bera höfuðábyrgðina. 22 prósent töldu Jótlandsþóstinn bera hana.

- aa



GRAFARRÓ RASKAÐ Múmiurnar eru fimm og hafa hvílt í grafhýsinu í minnst 3.200 ár.

NORDICPHOTOS/AFP

Uppgötvun í Egyptalandi:

3000 ára gaml- ar múmíur

EGYPTALAND, AP Bandarískir fornleifafræðingar hafa uppgötvað áður óþekkt, óraskað grafhýsi í Dal konunganna í Egyptalandi, rétt hjá grafhýsi Tutankamons faraós sem Bretinn Howard Carter fann árið 1922. Ekkert áður óþekkt grafhýsi hefur fundist á svæðinu síðan, fyrr en nú.

Í grafhýsinu liggja fimm múmíur, í líkamslöguðum kistum skreyttum að hætti Forn-Egypta. Af skreytingunum má ráða að grafhýsið er frá tímum 18. konungsríkisins, sem var við lýði frá 15. fram á 13. öld fyrir Krist. Ekki hafa enn verið borin kennsl á þá látnu sem þarna hafa legið í yfir 3.000 ár, en sennilegt þykir að þeir séu konur. Er vonast til að nöfn þeirra megi ráða af myndtáknum á líkkistunum. ■

Aftakaveður á Flateyri:

Verkstæðishús splundraðist

ÓVEÐUR Verkstæðishús splundraðist í aftakaveðri sem gekk yfir Flateyri í gærkvöld. Að sögn varðstjóra lögreglu á Ísafirði f auk gaflinn á húsinu með þeim afleiðingum að þakið hrundi niður.

Brak úr húsinu f auk í allar áttir og meðal annars á fjóra bíla sem var lagt í nágreininu. Bílarnir skemmdust töluvert. Björgunarsveitir voru kallaðar út frá Suðureyri og Ísafirði til að koma í veg fyrir frekara tjón. Þær upplýsingar fengust hjá Veðurstofu að vindhviður á Flateyri hafi mælst allt að 43,9 metrum á sekúndu.

-shá



Nám styrkir stoðir

Auglýst er eftir umsækjendum um styrki til viðbótarnáms á sviði húsgagna- og innréttingasmíði en frestur rennur út miðvikudaginn 1. mars. Nánari upplýsingar á www.si.is





SPURNING DAGSINS

Arnþjórg, er nokkuð hætta á því að Ronja steli senunni?

Já, við erum líka með auka sviðsmynd til öryggis.

Ronja ræningjadóttir er vöknud úr dvala og mætir á fjalir Borgarleikhússins á sunnudag. Arnþjórg Hlíf Valsdóttir leikur ræningjadótturina.

D-listinn á Akureyri: Veruleg fjölgun í flokknum

PRÓFKJÖR Skráðum félögum í Sjálfstæðisfélagunum á Akureyri og í Hrísey hefur fjölgað um hátt í 50 prósent frá áramótum. Í dag fer fram prófkjör flokksins vegna komandi sveitarstjórnarkosninga og síðdegis í gær voru 1.327 komnir á kjörskrá og hafði þá fjölgað um vel á fimmta hundrað frá áramótum. Tuttugu frambjóðendur bjóða sig fram í prófkjörinu og segist Björn Magnússon, formaður fulltrúaráðs, eiga von á góðri kjörsókn.

VIÐSKIPTI

Ökutækjaskrá flyst Umferðarstofa hættir sölu upplýsinga úr ökutækjaskrá 15. febrúar nk. Lánstraust tekur við þessari þjónustu og bætir henni við vinnslu úr upplýsingaskrá ökutækja sem fyrirtækið hefur sinnt undanfarin ár.

BANDARÍKIN

Flugvélar rákust saman Tvær einkaflugvélar rákust saman og hröpuðu logandi til jarðar í útjaðri San Diego í sunnanverðri Kaliforníu á miðvikudag. Þrír fórust. Tveir þeirra voru Svíar.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

Ræningjar komust yfir upplýsingar viðskiptavina bankana og millifærðu peninga:

Fólk passi upp á aðgangsorð

LÖGREGLUMÁL Guðjón Rúnarson, framkvæmdstjóri samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, segir þjófnadinn sem nú er til rannsóknar hjá lögreglu vera af sama meiddi og heimabankaránin sem lögreglan er enn að rannsaka. Í báðum tilfellum hafi óprútnir aðilar komist yfir upplýsingar viðskiptavina bankanna sem enginn annar en viðskiptavinurinn eigi að hafa. „Það er verið að ná í aðgangsupplýsingar hjá viðskiptamanni sem síðan eru notaðar til þess að millifæra peninga á reikninga. Það er eðlilegt að starfsmenn skuli framkvæma millifærslur ef öll skilyrði til þess



GUÐJÓN RÚNARSON Brýnir fyrir fólki að passa upp á aðgangsupplýsingar.



HÖRÐUR JÓHANNESSON Segir bankarán af þessu tagi afar fátíð.

eru uppfyllt. Það er mikilvægt að fólk haldi vel utan um aðgangsupplýsingar að bankareikningum og heimabanka sínum.“

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar í Reykjavík, segir rannsókn málsins nú standa yfir. Hörður segir mál af þessu tagi því betur vera fátíð. „Rannsókn málsins eru í eðlilegum farvegi. Þegar nauðsynlegt er þá vinnum við að lausn málsins með öllum þeim sem að málinu koma, og þar á meðal starfsfólki bankanna. Það er ekki um að ræða háar upphæðir í þessu tilfelli en því betur koma mál af þessu tagi afar sjaldan upp.“

Von er á nýjum tækjabúnaði í banka og sparisjóði til þess að tryggja öryggismál enn frekar.-mh



Í KIRNGLUNNI Hvorki Síminn né Og Vodafone eru tilbúin að gefa upp hvenær boðið verður upp á áskriftarleiðir með netsíma. Bæði segja hins vegar nýja tækni fela í sér mikil tækifæri og ætla að keppa við hvort annað og önnur fyrirtæki í nýju símaþjónustunni. SAMSETT MYND

Sprengju kastað á símamarkaðinn

Stóru símafyrirtækin og fleiri ætla að bjóða nýja tegund símaþjónustu, netsíma. Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimilað flutning símanúmera yfir í nýja kerfið. Útlit er fyrir stóraukna samkeppni og lækkandi símakostnað.

FJARSKIPTI Fjöldi fyrirtækja ætla að bjóða nýja tegund símaþjónustu, svokallaða netsíma, eftir að Póst- og fjarskiptastofnun heimilaði í gær að símanúmer yrðu flutt úr hefðbundinni símaþjónustu yfir í nýja kerfið sem byggir á gagnasendingum yfir internetið (VoIP).

HVAÐ ER NETSÍMI?

■ *Einhver kann að hrökkva í kút við að verða boðið ný tegund símaþjónustu, sérstaklega efla það er heitum á borð við VoIP eða netsíma.* Netsíminn byggir á svokallaðri Voice over IP tækni (oftast stýtt í VoIP), og stendur IP fyrir Internet Protocol. Þarna er því um að ræða símatækni þar sem hljóðið er flutt sem gagnasending með internettækni en ekki um hefðbundnar símalínur eða farsímakerfi. Fyrst í stað verða í boði tvær tegundir þjónustu, annars vegar netsími í heimahúsi, þar sem virknin er nánast sú sama og í hefðbundnum síma, en kostnaður við símtöl margfalt minni. Þar er hægt að nota gamla símanúmerið áfram. Hinn kosturinn er ný tegund af símanúmeri sem hægt er að hafa með sér og hringja úr hvar sem hægt er að komast í netsamband og nota þá annað hvort til þess tölvu, eða sérstakt símtæki, ekki ósvipað farsíma.

Stofnunin hefur einnig ákveðið að úthluta sérstökum símanúmerum fyrir „flökkupjónustu“ sem ekki er bundin við ákveðna staðsetningu. Þau númer byrja á 49 og auðkennd með því.

Stóru símafyrirtækin ætla bæði að bjóða upp á netsíma og Skýrr hefur hafið undirbúning að net-símaþjónustu fyrir almenning. Eins ætla Hive og fyrirtækið NetAFX að bjóða þjónustuna, en bæði bjóða nú þegar upp á símtöl yfir internetið. Svo hugsja internetþjónustur sér sumar til hreyfings.

„Þetta er sprengja á Símamarkaðnum,“ segir Jón Elíasson, framkvæmdastjóri NetAFX, sem ætlar að bjóða flökkunúmer til að byrja með, en segist þó hafa alla burði til að bjóða fastnúmer líka. Þeim fylgja þó meiri kvaðir, svo sem um talhólf, númerabirtingu, hlerunargetu yfirvalda, rekstraröryggi og að hægt sé að hringja í neyðarnúmer.

Jón segir ljóst að símakostnaður lækki mikið með nýju þjónustunni og bendir á að þróunin hafi verið sú erlendis. „Hjá Telio í Noregi er fólki boðið fyrir 1.500 krónur

íslenskar á mánuði að tala frítt inn-anlands og upp að 150 mínútum til útlanda,“ segir hann.

Guðmundur Kr. Unnsteinsson, framkvæmdastjóri Hringiðunnar, segir alla símstöðvar og símatækni almennt að færast yfir á IP staðla. Hann segir fyrirtækið vera að skoða af fullri alvöru að bjóða símaþjónustu og hafi þegar hafið umsóknarferli vegna þess. „En búnaðurinn er dýr og dýrt að gera þetta almennilega.“

Talsmenn Símans og Og Vodafone segja netsímann spennandi nýjung sem fylgi mörg ný tækifæri. Fyrirtækin eru þó ekki tilbúin að segja til um hvenær nýjar áskriftarleiðir verði tilbúnar hjá þeim, málið sé í skoðun.

Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, bendir á að VoIP tækni hafi verið í umræðunni síðustu átta árin og því kunni að vera óráð að fara sér of hratt. Hann segir fyrirtækið hins vegar stefna á að bjóða almenningi símaþjónustu og að unnið sé að undirbúningi þess. „Við sjáum í þessu heilmikil tækifæri og tæknin er á fljúgandi ferð,“ segir hann.

olikt@frettabladid.is

Danskt stjórnarfrumvarp:

Reykingabann boðað í haust

DANMÖRK Ríkisstjórnarflokkarnir í Danmörku hyggjast leggja fram frumvarp í haust sem felur í sér bann við reykingum á opinberum stöðum. Að sögn Berlingske Tidende nær bannið meðal annars til reykinga á kaffihúsum, veitingastöðum og lestarstöðvum. Reykingar verða leyfðar á börum þar sem ekki er seldur matur.

Ekki er sátt innan þingflokka-anna um frumvarpið. Sumir þingmenn vilja ganga lengra á meðan aðrir vilja óbreytt ástand. Á hinum Norðurlöndunum eru víðast hvar í gildi strangari lög um reykingar og Danir reykja mest norræna þjóða.

- ks



Á SLYSSTAÐ Bílarnir rákust saman á vegkafila þar sem ein akgrein liggur í hvora átt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Harður árekstur á Hellsheiði: Í gjörgæslu eftir árekstur

LÖGREGLA Kona liggur alvarlega slösuð á gjörgæsludeild Landspítans eftir harðan árekstur sem varð á Hellsheiði í gærmorgun. Fólksbíll og sendibíll, sem komu úr gagnstæðri átt, rákust saman. Klippa þurfti konuna úr fólksbílnum en ökumann sendibílsins sakaði lítið.

Hellsheiði var lokað fyrir umferð á meðan sjúkralið var að störfum og var umferð beint um Þrengslin á meðan. Að sögn varðstjóra lögreglu á Selfossi eru tildrög slyssins ókunn en veður var slæmt, þoka, rok og rigning.

- gag

Stúlkunni sleppt úr haldi:

Einn grunaður um smyglið

FÍKNIEFNAMÁL Maðurinn sem tekinn var á Keflavíkurflugvelli, ásamt kærustu sinni, með fjögur kíló af amfetamíni í ferðatösku, situr nú einn í haldi hjá lögreglu.

Kærustu mannsins var sleppt í gær og beinist rannsóknin nú að honum og er hann talinn bera einn ábyrgð á smyglinu.

Maðurinn sem er í haldi er einnig grunaður um að rán á peningum í einkabankamálinu svonefnda þar sem milljónum var stolið af banka-reikningum með millifærslum úr einkabanka af netinu. Hann hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 17. febrúar.

-mh

Mikil veiði fyrir sunnan land og sjómenn vilja aukinn kvóta:

Óvenju stór og falleg loðna

SJÁVARÚTVEGUR „Við erum á leið í land með því sem næst fullfermi því það er mikið af loðnu hér og hún er stærri og fallettri en mörg undanfarin ár,“ segir Hörður Már Guðmundsson, skipstjóri á Þorsteini GK.

Mörg skip eru á svæðinu út af Ingólfshöfða þar sem loðnugengdin er hvað mest. Hluti hennar sækir vestur á bóginn en að sögn Sveins Sveinbjörnssonar, sérfræðings frá Hafrannsóknarstofnun, sem er um borð í rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni, er einnig loðna að finna austur af höfðanum og þangað sé ætlunin að fara næst. Fyrstu mælingar þeirra staðfesta að mikil gengd sé á svæðinu og segir Sveinn að loðnan sé afar stór og falleg.

Fjöldi sjómanna hefur kallað eftir frekari aukningu í loðnukvóta í kjölfar mikillar gengdar



RANNSÓKNARSKIP HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR Fyrstu mælingar staðfesta að mikil loðnugengd er á svæðinu út af Ingólfshöfða.

en kvótinn var síðast aukinn þann 3. febrúar um 103 þúsund tonn.

Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir að beðið verði niðurstaðna

athugana Árna Friðrikssonar áður en frekari kvótaaukning komi til greina en það sé ekki úr myndinni gefist tilefni til.

- aðe





...ekkert mál!



Loftljós
hvítt
6034272

Verðhrun á ljósum aðeins um helgina



Útiljós
Tin, á vegg, tvöf., burstað stál, 18x11,5 sm
6010208 **2.495**
~~4.625~~
Tin, á vegg, einf.,burstað stál
6010209 **1.595**
~~2.725~~



Öll Mikka Mús ljós á tilboði
6040820-22



Kastari
Króm, hvítt matt gler
6034110-111



Kastari
Salina, silfur
6034391



Kastari
500 W, á vegg, hamrað lakk
5880060



20-70% afsláttur
af öllum ljósum



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ		
GENGI GJALDMIÐLA 10.2.2006		
	KAUP	SALA
 Bandaríkjadalur	63,09	63,39
 Sterlingspund	110,25	110,79
 Evra	75,5	75,92
 Dönsk króna	10,112	10,172
 Norsk króna	9,347	9,403
 Sænsk króna	8,151	8,199
 Japanskt jen	0,5364	0,5396
SDR	90,81	91,35
Gengisvísitala krónunnar		
106,0024		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



SKÝJUM OFAR Fossett flýgur í um 13.500 m hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Metflugstílaun Fossetts: Á að lenda í Kent í kvöld

HNATTFLUG, AP Ævintýramaðurinn Steve Fossett nálgadist vesturströnd Norður-Ameríku á tilraunaflugvél sinni GlobalFlyer í gær, og var þar með búinn að leggja að baki um tvo þriðju af áformuðu 43.000 kílómetra viðstöðulausu flugi.

Hann lenti í mikilli ókyrrð yfir Indlandi, en annars hefur flugið gengið vel það sem af er. Gangi allt að óskum síðasta sólarhringinn lendir hann í Englandi í kvöld. Í stjórnstöðinni á Flórída höfðu menn þó áhyggjur af litlum meðvindi á síðasta leggnum yfir Atlantshafið, og af takmörkuðum eldsneytisbirgðum. Markmiðið með fluginu er að setja nýtt langflugs-heimsmet. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slapp lítið meiddur Bill valt í mikilli hálfu við bæinn Fiskilæk sunnan við Borgarnes í gær. Ökumaður bílsins slapp lítið meiddur en billinn er mikið skemmdur.

Tveir keyrðu á staur Ölvaður ökumaður keyrði á ljósaustur í Ártúnsbrekku í fyrrinótt. Maðurinn slasaðist lítillega. Staurinn féll í götuna og bíll sem kom aðvífandi hafnaði á staurnum. Ökumaður þess bíls slasaðist nokkuð.

NÁTTÚRA

Jarðskjálfti við Grímsey Jarðskjálfti af stærðinni 3,7 mældist klukkan 18 í gærkvöldi um 40 kílómetra NNV af Grímsey. Þrír smærri skjálftar mældust í kjölfarið en skjálftavirkni er töluverð á þessu svæði.



Elín Margrét

hefur sýnt frumkvæði, áráðni og dugnað í störfum sínum. Tryggjum henni brautargengi í prófkjörinu í dag, tökum þátt og höfum áhrif.

Kæri kjósandí.

Ég hef áhuga og vilja til að efla okkar góða bæjarfélag enn frekar og óska því eftir þínum stuðningi í prófkjöri sjálfstæðismanna á Akureyri í dag.

Elín Margrét

www.elinmargret.is

NATO-ráðherrar hvetja til stillingar í Mið-Austurlöndum:

Reyna að draga úr spennu

NATO, AP Varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsins hvöttu til stillingar í Mið-Austurlöndum vegna teikninganna af Múhameð spámanni á fundi með ráðherrum frá Ísrael og sex arabalöndum í Taormínu á Sikiley í gær.

„Að draga úr spennu er boðskapur dagsins,“ sagði þýski varnarmálaráðherran Franz Josef Jung. NATO-ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að uppfæra hernaðarlega getu bandalagsins svo að það sé í stakk búið að mæta nýjum ógnum, en gott dæmi um slíkar nýjar hættur er aðsúgurinn sem reiðir múslímar í Afganistan gerðu í vikunni að friðargæsluliðum

NATO þar. Breski varnarmálaráðherrann John Reid sagði að bandalagsþjóðirnar yrðu að verja meiru fé í að þróa herafla sem sé fær um að bregðast hratt og örugglega við hættum eins og hryðjuverkum, gereyðingarvopnum og ríkjum í upplausn.

NATO hyggst innan tíðar senda hermenn til suðurhluta Afganistans en þar hefur óöld ríkt lengi. Bandalaginu er nauðsynlegt að hafa til þess stuðning þjóða á svæðinu en Múhameðsteikningafárið hefur sett strik í þann reikning. Gerir það illt verra að í hópi þeirra 16 þúsund hermanna sem eiga að fylla raðir gæsluliðs NATO í Afganistan



NATO-RÁÐHERRAR SAMTAKA Nokkrir NATO-ráðherranna fylgjast með flugsýningu ítalska flughersins. Gunnar Gunnarsson, fastafulltrúi Íslands hjá NATO, er lengst til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

eru 300 danskir hermenn, en stöku ofstækismenn úr röðum múslíma hafa einmitt hvatt sérstaklega til árása á Dani hvar sem til þeirra næst.

- aðe/aa

Fjöreggið í hreiður Kauphallar Íslands

FL Group selur í Icelandair til almennings og fagfjárfesta. Verðmætið hleypur á tugum milljarða króna og eigendur FL Group hagnast verulega. Ferðapjónustufyrirtækin Kynnisferðir og Bílaleiga Flugleiða verða einnig seld.

VIÐSKIPTI Icelandair Group verður skrásett í Kauphöll Íslands að loknu hlutafjárútboði til almennings og fagfjárfesta sem fram mun fara á fyrri hluta árs.

Hannes Smárason, forstjóri fjárfestingarfélagsins FL Group, móðurfélags Icelandair, segir að markmiðið sé að gera Icelandair að almenningshlutafélagi í dreifðri eign en jafnframt verði núverandi eigendur tilbúnir að veita því trausta kjölfestu.

Verðmæti Icelandair Group, sem rekur meðal annars Icelandair, Flugfélag Íslands og Flugleiðahótelin, hleypur á tugum milljarða og fellur mikill söluhagnaður til FL Group þar sem Icelandair var bókfært á aðeins 4,4 milljarða króna þann 30. september. Hlutaþréf í FL Group hækkuðu um fjögur prósent eftir tíðindin og hafa hækkað um 30 prósent frá áramótum.

„Markmið FL Group með þessari aðgerð er að fyrst og fremst það að efla getu og styrk félagsins. Við erum með mörg stór verkefni í burðarliðnum,“ segir Hannes en getur ekki tjáð sig um það nánar.

Hannes og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, telja að Icelandair þurfi að hafa aðgang að hlutabréfamarkaði fyrir frekari vöxt og þróun félagsins til framtíðar. „Við lítum á þetta sem mjög skemmtilegt verkefni að takast á við. Þarna er verið að fara með á markað gifurlega stórt og öflugt félag sem fær svoltið sjálfstæðara líf en hefur verið undanfarin ár,“ segir Jón Karl.



ICELANDAIR Á MARKAÐ Jón Karl Ólafsson og Hannes Smárason kynna áform FL Group að setja félagið á markað í vor.

Þar með kemur Icelandair, eða gömlu Flugleiðir, aftur inn á hlutabréfamarkað sem alhliða ferðapjónustufyrirtæki.

Um mikla og tímafreka aðgerð verður að ræða, enda flókið verkefni að aðskilja á milli Icelandair og FL Group. Til dæmis verða rekstrartengdar eignir, eins og flugflotinn, og skuldir færðar frá móðurfélagi til Icelandair. Íslandsbanki og KB banki munu vinna að skráningunni.

Yfir 70 prósent af tekjum FL Group koma frá starfsemi Icelandair Group. Velta félagsins er um 40-50 milljarðar á ári, þar af koma þrír fjórðu hlutar tekna

erlendis frá. Uppgjör Icelandair Group á síðasta ári liggur ekki fyrir en ljóst er að félagið skilaði betri árangri en árið 2004. Í níu mánaða uppgjöri FL Group á síðasta ári var greint frá því að hagnaður af alþjóðlegum flugrekstri og ferðapjónustu hafi numið 1.539 milljónum króna.

Aðrar veigamiklar breytingar verða gerðar á FL Group samstæðunni. Stjórn félagsins hefur ákveðið að selja Kynnisferðir og Bílaleigu Flugleiða en önnur dótturfélög innan FL Travel Group verða sett inn í Icelandair Group og FL Travel lagt niður.

eggert@frettabladid.is

Slæmt skyggni undir Eyjafjöllum:

Keyrði inn í nautgripahóp

LÖGREGUMÁL Bílslys varð undir Eyjafjöllum í fyrrakvöld þegar ekið var á hóp nautgripa undir Eyjafjöllum.

Nautgripahópur hafði sloppið úr girðingu rétt við veginn. Ökumaður bifreiðar sem ekið var eftir veginum í slæmu skyggni, sá ekki hópinn fyrr of seint og keyrði því af nokkrum krafti inn í hann. Bifreiðin skemmdist mikið en nautin hlupu á brott og hurfu út í myrkrið. Svo virðist sem þau hafi sloppið við alvarleg meiðsl.

Tveir ungir menn voru í bílnum og sluppu þeir báðir ómeiddir.

-mh

Forsetakjör á Haítí: Preval með mikið forskot

HAÍTÍ, AP Samkvæmt fyrstu tölum úr talningu atkvæða í forsetakosningunum á Haítí hafði Rene Preval mikið forskot á aðra framþjóðendur.

Kjörstjórnin birti fyrstu tölur í gær og staðfestu þar að að Preval ætti flest atkvæðin sem talin hefðu verið, eða rúm 60 prósent. Preval var pólitískur samherji Jean-Bertrand Aristide fyrrverandi forseta sem var bolað úr landi fyrir tveimur árum.

Kosningarnar voru víða erfiðar í framkvæmd í þessu fátækasta landi Vesturheims. 9.000 gæsluliðar SP aðstoðuðu við framkvæmdina.

- aa

Starfslok sparisjóðsstjóra: 84 milljónir fyrir 120 daga

VIÐSKIPTI Björn Ingi Sveinsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar, fékk greiddar 84 milljónir vegna starfsloka á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársreikningi Sparisjóðsins.

Björn Ingi gegndi starfinu í fjóra mánuði en í ráðningarsamningi var fallist á að hann hlyti ríflegar bætur ef breytingar yrðu á yfirstjórn sjóðsins. Ný stjórn, sem var kosin síðasta sumar, sagði Birni upp og réð annan sparisjóðsstjóra. Fréttablaðið greindi frá starfslokum Björns í fyrrasumar en þá var talið að starfslokasamningurinn hljóðaði upp á 50 milljónir.

- shá



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

LEIÐINDA HORFUR Á MORGUN



Það verður yfirleitt skaplegasta veður í dag með einhverjum eljagangi vestan til. Á morgun hins vegar nalgast landið mjög kröpp lægð með tilheyrandi vindgangi og eru horfur á stormi sunnan lands og vestan með snjókomu norðan til en slyddu eða rigningu syðra. Rétt er að fylgjast með spám til að fylgjast með þróuninni í dag.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Hæg vestlæg átt og stöku el. Hiti 0-3 stig, svalast síðdegis.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Hvassviðri eða stormur, sist norðaustan til.

» mánudagur

Yfirleitt hægur vindur.

Kaupmannahöfn	0°C léttskýjað	Paris	6°C léttskýjað	Alicante	18°C heiðskirt
Oslo	-4°C léttskýjað	Berlín	2°C léttskýjað	Milano	6°C léttskýjað
Stokkhólmur	-1°C heiðskirt	Frankfurt	3°C léttskýjað	New York	2°C snjóél
Helsinki	-8°C alskýjað	Madrid	15°C heiðskirt	San Francisco	18°C léttskýjað
London	7°C heiðskirt	Barcelona	11°C léttskýjað	Orlando/Flórída	21°C skúrir

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

RAVMÖGNUM SÝNING!

Nýr RAV4 frumsýndur á laugardag og sunnudag



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFNAN/SA.IS TOY 11143 02/2006

RAV4 - alveg nýr heimur

Nýr RAV4 er kominn til landsins. Hann er ekki aðeins í breyttri útgáfu. Hann er alveg nýr heimur. Bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og hlaðinn tækni-nýjungum á borð við „Integrated Active Drive System“ sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Komdu á frumsýningu á nýjum RAV4 á Nýbýlavegi um helgina kl. 12 - 16 á laugardag og kl. 13 - 16 á sunnudag og hjá umboðsmönnum Toyota í Reykjaneshæ, á Selfossi og á Akureyri. Léttar veitingar í boði.

Komdu og upplifðu nýjan RAV4 - alveg nýjan heim.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000



KJÖRKASSINN

Á að gera jarðgöng til Vestmannaeyja?

JÁ	15,6%
NEI	84,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu sammála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að fella úr gildi hámarksökutaxta hjá leigubílum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Friðrik Ólafsson og Boris Spassky heyja skákeinvígi í Reykjavík í dag:

Friðrik á harma að hefna

SKÁK Stórmeistararnir Friðrik Ólafsson og Boris Spassky heyja skákeinvígi í aðalútibúi Landsbankans við Austurstræti í dag. Setjast þeir að tafla að loknu erindi Spasskys um Friðrik sem hefst klukkan hálf tvö.

Í erindi sínu ætlar Spassky að fjalla um alþjóðlegan feril Friðriks en hann var í röð fremstu skákmanna heims á sínum tíma. Friðrik varð stórmeistari 1958, fyrstur Íslendinga. Hann varð Íslandsmeistari fimm sinnum og sigraði á nokkrum sterkum alþjóðlegum skákmótum. Þá var hann forseti Alþjóða skáksambandsins frá 1978 til 1982.



FRÍÐRIK ÓLAFSSON



BORIS SPASSKY

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands, segir efnt til þessa viðburðar til að fagna því að Friðrik sé kominn á besta aldur. Hann varð sjötugur á síðasta ári og lét þá af störfum sem skrifstofustjóri Alþingis. „Nú vonum við að hann snúi sér meira

að skákinni aftur,“ segir Guðfríður Lilja.

Friðrik og Spassky hafa teflt sex opinberar skákir um ævina og stendur Spassky betur að vígi. Hann sigraði í þremur en hinum þremur lyktaði með jafntefli.

Þetta er áttunda heimsókn Spasskys til Íslands en hann kom fyrst til landsins árið 1958 og tefldi á Heimsmeistaramóti stúdenta.

Að einvígi Friðriks og Spassky loknu fer fram hraðskákmót, Friðriksmótið 2006, þar sem nokkrir af sterkustu skákmönnum landsins taka þátt. Omar er frá Egyptalandi.

-bþs

Lét greipar sópa í Eyjum:

Braust tvisvar inn sama kvöld

DÓMSMÁL Maður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir tvö innbrot í Vestmannaeyjum í maí á síðasta ári. Í fyrra tilvikinu braust hann inn á veitingastaðinn Lundann með því að spenna upp glugga og hnuplaði þar lítillræði af afengi. Starfsmaður staðarins sá manninn hlaupa á brott með góssið.

Seinna um kvöldið braust maðurinn svo inn í sýningarsal Eyjamynda og rændi þar um sjö þúsund krónum í peningum og nokkrum greiðslukortakvittunum. Lögreglan hafði fljótlega upp á manninum og er þess nú krafist að hann verði dæmdur til refsingar.

-mh



Söluvagnar á göngum Kringlunnar

Kringlan leigir söluvagna í eina til fjórar vikur í senn!

Upplýsingar um verð og leyfilegar vörutegundir veitir þjónustustjóri Kringlunnar í síma 568 9200 eða á netfanginu soluvagnar@kringlan.is.



Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærri innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu



550 2000 | www.sph.is



ODDNÝJU Í 4. SÆTI

Allir geta kosið unga konu til áhrifa í Reykjavík

Óttast að óvandaðir bílstjórar hækki verð

Samkeppniseftirlitið hefur fellt úr gildi hámarksökutaxta fyrir leigubíla og segir neytendur muni njóta góðs af. Leigubílstjórar eru ósammála.

SAMKEPPNISMÁL „Menn verða að gera greinarmun á neytendafrelsi annars vegar og neytendavernd hins vegar og það er vandmeðfarið,“ segir Hjalti E. Hafsteinsson, stjórnarmaður í leigubílstjórafélaginu Framu.

Innan stéttar leigubílstjóra eru margir afar ósáttir við þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að fella úr gildi hámarksökutaxta fyrir leigubíla en það hefur í för með sér að frá og með 1. maí getur hver og einn bílstjóri sjálfur ákveðið taxtann fyrir hverja ferð.

Meðal bílstjóra telja menn þetta ávísun á að frumskógalög máli muni ráða verðlagi leigubílstjóra þar sem óvandaðir hækki taxtann við sérstök tækifæri. Hjalti tekur dæmi af fólki í miðbænum sem þarf að komast til sín heima í Breiðholti eða Hafnarfirði í stórhrið og kulda. „Hvað á að stöðva óvandaða bílstjóra í að bjóða farið á tíu þúsund? Í þessari stétt eins og öðrum eru misjafnir sauðir og reynslan af því að gefa þetta frjálst annars staðar í heiminum hefur gefist illa.“

Guðmundur Sigurðsson hjá Samkeppniseftirlitinu er þessu ekki sammála. „Þetta kemur að okkar mati neytendum til góða. Leigubílstjórar taka sjálfir ákvörðun um taxa sinn en einnig er ekki lokað fyrir að leigubílstjórar hjá sömu stöð geti sótt um undanþágu til að bjóða sama verð og þannig geti leigubílastöðvar boðið áfram eitt og sama verð fyrir allan sinn flota. Þannig yrði breytingin í raun engin nema hvað bílstjórar sjálfir ákveða taxtann í stað okkar áður. Þetta ætti að skapa meiri samkeppni en nú er. Svo verður að koma í ljós hvort bílstjórar nota tækifærið til hækkana eða lækkana.“

Hvorki hjá Framu, félagi leigubílstjóra, né hjá stærstu leigubíla-



SANNGJARNT VERÐ EÐA OKUR? Frá og með maí verður frjáls verðsamkeppni milli leigubílstjóra. Skiptar skoðanir eru um hvort neytendur muni njóta góðs af eða hvort leigubílstjórar muni notfæra sér stöðu sína þegar svo ber undir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stöð landsins, Hreyfli, eru menn sammála þessu mati Guðmundar. Sæmundur Kr. Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils, segist ekki lesa það úr úrskurði Samkeppniseftirlitsins að heimild sé til að hafa verðsamráð milli bílstjóra á sömu stöð en lögmenn stöðvarinnar fara nú yfir úrskurðinn.

Hjalti segir fullvíst að innan Framu muni menn áfrýja þess-

um úrskurði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en er þó ekki bjartsýnn á breytingar. „Í öllu falli fáum við þá rökstuddan úrskurð en miðað við reynslu annarra þjóða af því að gefa þetta frjálst þá er voðinn vís. Skýrasta dæmið er frá Svíþjóð þar sem menn hafa algjörlega snúið við blaðinu eftir að hafa gefið þetta alveg frjálst.“

albert@frettabladid.is

Seinni bylgja hryðjuverkaárása á Bandaríkin var í bígerð:

Áttu að ráðast á Los Angeles

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaforseti greindi frá því í ræðu á fimmtudag að al-Kaída-liðar ætluðu að ráðast á vesturströnd Bandaríkjaanna árið 2002 á sama hátt og gert var í hryðjuverkaárásunum á New York og Washington 11. september 2001. Skotmarkið var Bankaturninn svokallaði sem er hæsti skýjakljúfur Los Angeles.

Þessi seinni bylgja árása var hugarfóstur Khalíds Shaik Mohammed, hins sama og grundaður er um að hafa skipulagt fyrri árásirnar. Hann sagði í yfirheyrslum að skipulagning seinni bylgju árásanna hefði aldrei komist á lokastig þar sem hann var of upptekinn af því að skipuleggja

árásirnar 11. september.

Malasískur verkfræðingur, Zaini Zakaria, var einn þriggja manna sem var ætlað að ræna farþegaþotum og fljúga þeim á skýjakljúfinn í Los Angeles, en hann lét sig hverfa þegar hann sá eyðileggingu fyrri árásarinnar, segja yfirvöld í Suður-Asíu. Hann dvaldi í búðum al-Kaída í Afganistan árið 1999 og hafði réttindi til að fljúga smærri gerðum flugvéla en reyndi að fá þjálfun í Ástralíu til að fljúga farþegaþotum. Zaini, sem hefur verið haldið föngnum í Malasíu án réttarhalda síðan hann gaf sig fram í desember 2002, sagði að hann vildi ekki taka þátt í heilögu stríði með þessum aðferðum. ■



BANKATURNINN Í LOS ANGELES Hæsta byggingin á vesturströnd Bandaríkjaanna átti að vera skotmark nýrrar flugrásárásar.

NORDICPHOTOS/AFP

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörum á Íslandi
er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemun við VSK
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 9.-12. febrúar
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 9.-12. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval snyrtivöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Umsóknir um ferðastyrki Vildarbarna Icelandair

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Sjóðurinn hefur gert 50 fjölskyldum kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.

Styrkir verða í þetta skipti veittir til barna á aldrinum 6-16 ára.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á **www.vildarborn.is**



Alva Lena og systir hennar í Florida.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2006.

Úthlutað verður úr sjóðnum 20. apríl 2006.

Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir. Landsbanki Íslands sér um fjárhald sjóðsins.

ICELANDAIR

**NISSAN
MICRA**



SKIPT_um væntingar



RISASTÓR!
... með fría sjálfskiptingu

100.000 kr. verðlækkun
í febrúar og öryggisins vegna fylgja vetrardekk á felgum með!

Micra
Verð 1.390.000 kr.

Með nagladekkjum, sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lyklalaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.



Alfegur á mynd eru aukahlutur

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Koizumi um boðað frumvarp um ríkiserfðir í Japan:

Kvenerfðum frestað

JAPAN, AP Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, gaf í gær til kynna að hann myndi leggja til hliðar frumvarp að breytingum á lögum um ríkiserfðir þannig að þær gætu eins gengið til kven- og karlerfingja keisarans.

Áformað hafði verið að frumvarpið yrði lagt fram í sumar, en Koizumi tjáði fréttamönnum í gær að það kynni að frestast. „Kringumstæður hafa breyst,“ sagði hann og virtist með því vísa til fregna af því að Kiko prinsessa, eiginkona Akishinos yngri bróður krónprinsins, eigi von á barni í haust. Drengur hefur ekki fæðst innan keisara-fjölskyldunnar í 40 ár. ■



VON Á RÍKISARFA? Kiko prinsessa, Akishino prins og dætur þeirra Mako (t.v.) og Kako.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



TRÖLLVAXNIR JEPPAR Ríkarður Sigmundsson, starfsmaður R. Sigmundsson, afhendir leiðangursmönnum Halldóri Sveinssyni og Kristjáni Kristjánssyni GPS-leiðsögutæki til fararinnar.

Feta í fótspor Vilhjálms

Ævintýraleiðangur fimm íslenskra ferðalanga um Norður-Kanada hefst í dag. Eknir verða 14 þúsund kílómetrar á tröllvöxnum jeppum.

JEPPALEIÐANGUR Ómar Friðþjófs-son leiðangursstjóri segir að hvatinn að ferðinni sé að í ár verði liðin 100 ár frá því að landkönnuðurinn og fræðimaðurinn Vilhjálmur Stefánsson fór í sína fyrstu för um Norður-Kanada. „Leiðangurinn mun taka tæpa tvo mánuði og leið okkar mun liggja í fótspor Vilhjálms. Ekin vegalengd verður samtals um 14.000 km og þar af verða um 7.000 km utan vegar á slóðum sem ekki hefur fyrr verið ekið um,“ segir Ómar.

Lagt verður upp frá Vestur-farasetrinu á Hofsósi og ekið að Grafarkirkju á Höfðaströnd í Skagafirði þar sem séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur mun fara með ferðabæn. Þaðan liggur leiðin til Reykjavíkur þar sem þrír tröllvaxnir fjallajeppar fara um borð í flutningaskip 17. þessa mánaðar en leiðangursmenn fljúga til Kanada 25. febrúar næstkomandi.

Ferðalangarnir fimm eru allir þaulvanir vetrarferðalögum og auk Ómars skipa hópinn þeir Friðþjófur Helgason, Kristján Kristjánsson, Karl Rútsson og Halldór Sveinsson.

Þegar komið verður til Kanada mun Þorsteinn J. Vilhjálms-

son bætast í hópinn en hann mun hafa yfirumsjón með gerð heimildarmyndar um förina. Gert er ráð fyrir að myndin verði sýnd í sjónvarpsstöðvum á Íslandi, Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu Kvikmyndataka verður í höndum Friðþjófs Helgasonar. „Við viljum kynna íbúum Evrópu og Ameríku lífsbaráttu fólks á norðlægum slóðum og sýna þeim þá stórbrotnu náttúru og þau höfðu lífsskilyrði sem mótað hafa íbúana í gegnum aldirnar. Ef útkoman verður eins og við væntum er líklegt að myndin laði ferðafólk til norræna slóða og styrki ferðabjónustu bæði á Íslandi og í Kanada,“ segir Friðþjófur.

Þrír mikið breyttir Ford 350 pallbílur verða notaðir í leiðangurinn og verða þeir búnir öllum nauðsynlegum búnaði til vetrarferða. „Kostnaður við breytingar á bílunum er um fjórar milljónir króna á bíl. Íslendingar hafa mikla reynslu af fjallaferðum á svona bílum en samt vitum við ekki hvort þetta verkefni er yfir höfuð framkvæmanlegt. Gangi dæmið upp munum við brjóta blað í samgöngusögu Kanada,“ segir Ómar Friðþjófs-son leiðangursstjóri.

kk@frettabladid.is

Listahátíð gerir samning um samstarf:

Samskip flytja list

LISTAHÁTIÐ Samstarfssamningur á milli Listahátíðar í Reykjavík og Samskipa var undirritaður í gær.

Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa undirrituðu samninginn, sem felur meðal annars í sér sjöflutninga fyrir Listahátíð í framtíðinni.

Þórunn sagði Samskip vera mikilvægan samstarfsaðila fyrir Listahátíð því oft þyrfti að flytja verðmæt listaverk og leikmyndir til landsins frá fjarlægum heims-



FRÁ LISTAHÁTIÐ Listahátíð í Reykjavík verður sett í maí næstkomandi.

hlutum og að stór verkefni sem krefjast mikilla sjöflutninga séu væntanleg á Listahátíð á komandi árum.

- hsv

Til sigurs!



Kjósum Stefán Jón Hafstein í fyrsta sæti

Allir mega kjósa í prófkjörinu um helgina

Ég á mér þann draum að Reykvíkingar sameinist um manngildishugsjón jafnaðarmanna.
Ég vil skapa samfélag í borg þar sem allt lítróf lífsins nýtur sín og allir eiga jöfn tækifæri.
Ég mun sem borgarstjóri í Reykjavík vinna af fullkomnum heilindum að því að gera Reykjavík að fyrirmyndarborg.

www.stefanjon.is



FRÉTTABLAÐIÐ/A

HÆSTIRÉTTUR

Dómur staðfestur Hæstiréttur staðfesti sex mánaða fangelsisdóm úr héraði yfir manni sem ók ölvaður án réttinda. Maðurinn hafði verið sviptur ökuréttindum ævilangt. Honum var einnig gert að greiða málsvarnarlaun og sakarkostnað, samtals tæplega 350 þúsund krónur. Maðurinn hefur margoft hlotið dóma fyrir umferðarlagabrot.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með föðurnafn Hafþórs Hafsteinssonar, forstjóra Avion Group, í viðskiptafrétt á síðu 24 í blaði gær dagsins. Hafþór kynnti kaup Avion Group á Star Airlines, næststærsta leiguflugfélagi Frakklands.

Benedikt XVI páfi fer í opinbera heimsókn til Tyrklands:

Piggur boð Tyrklandsstjórnar

TYRKLAND, AP Benedikt XVI páfi hyggst þiggja boð tyrkneskra stjórnvalda og fara í opinbera heimsókn til Tyrklands í nóvember. Þetta verður fyrsta heimsókn hans til lands þar sem íslam er ríkjandi trú.

Bartólómeus I., pátríarki
réttrúnaðarkirkjunnar í Kon-
stantínópel, eða Istanbúl eins og
borgin hefur heitið frá því þessi
fyrirverandi höfuðborg Bysans
og Austurkirkjunnar féll í hend-
ur Tyrkja árið 1427, bauð páfa að
heimsækja sig á Andrésarmessu,
30. nóvember í fyrra, en tyrk-
nesk stjórnvöld heimiluðu þá ekki
heimsóknina. Benedikt XVI hefur



FRÉTTABLAÐIÐ/AF

sagt það vera eitt helsta forgangs-
verkefni sitt að yfirvinna 1000 ára
klofning kirkjunnar.

Páfi sagði í vikunni að hann vonaði að „förn séra Santoros“, káþólski prests sem var myrtur af ungum múslima í borginni Trabzon um síðustu helgi, yrði til að „styrkja samræðuna milli trúarbragða og friðar þjóða í millum“. Adeins fáein þúsund íbúa Ístanbúl tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni, en Bartólómeus patriarki er andlegur leiðtogi 250 milljóna rétttrúnaðar-kristinna um allan heim. Kirkjan er elsta starfandi trúfélagið í Tyrklandi, stofnuð árið 381.

- aa

Reykjavíkurborg dæmd:

Parf að endur- greiða skatt

DÓMSMÁL. Hæstiréttur dæmdi í gær Reykjavíkurborg til þess að endurgreiða Landsafli ehf. tæpar þrjátíu milljónir í fasteignaskatt. Endurgreiðslan er tilkomin vegna húsnæðis þar sem Tækniháskólinn var til húsa, við Höfðabakka.

Ágreiningurinn í málinu sneri að tekjustofnum sveitarfélaga, þar sem skólahúsnæði var undanþegið fasteignaskatti en á þessu ákvæði hafa nú verið gerðar breytingar.

Reykjavíkurborg var sýknuð af greiðslukröfum Landsafls ehf. í héraðsdómi vegna formgalla á ákæru en Hæstiréttur féllst á kröfu Landsafls.

-mh

Lögleysa fer vaxandi á Gazasvæðinu:

Sendierindreka rænt

PALESTÍNA, AP Grímuklæddir byssu-
menn rændu í fyrradag egypskum
sendierindreka á Gaza. Þeir skutu
á dekk bifreiðar mannsins og drógu
hann síðan á brott með sér.

Enginn hafði lýst verknáðinum á hendur sér í gær, en talsmaður Hamas-hreyfingar Palestínumanna sem sigraði í þingkosningunum fyrir skemmstu, fordæmdi mann-ránið og sagði það geta skaðað sam-

skipti Palestínnumanna og Egypta. Mahmoud Abbas, forseti Palestínnumanna, fyrirskipaði leynipjónustunni að finna og handtaka tafarlaust mannræningjana. Mannránid þykir merki um vaxandi lögleysu á heimastjórnarsvæðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF



Millilandaflug frá Akureyri:

Stuttar ferðir í boði til Evrópu

SAMGÖNGUR Ferðaskrifstofa Akureyrar mun í vor, sumar og næsta haust bjóða upp á samtals 11 ferðir með beinu flugi frá Akureyri til sjö áfangastaða í Evrópu.

Ragnheiður Jakobsdóttir, skrifstofustjóri Ferðaskrifstofu Akureyrar, segir að áhersla sé lögð á helgarferðir til nokkurra stórborga og stuttar sólarlandaferðir en verð fyrir flug og gistingu sé frá 55 þúsundum króna. „Viðbrögð hafa verið mjög góð og má búast við að uppselt verði í einhverjar ferðanna innan skamms,“ segir Ragnheiður.

- kke

Vinstri grænir á Akureyri:

Vilja ekki álver við Akureyri

SVEITASTJÓRNARMÁL Baldvin H. Sigurðsson segir það vera aðalbaráttumál Vinstri grænna að forðast að fá álver við Eyjafjörð. „Ég held

BALDVIN H.
SIGURÐSSON

næstunni og þar verða helstu bar-
áttumál okkar kynnt.“

Baldvin, sem er matreiðslu-
meistari, mun leiða lista Vinstri-
grænna í sveitarstjórnarkosning-
unum í vor. Kristín Sigfúsdóttir, er
í öðru sæti, Dýrleif Skjöldal Ingi-
marsdóttir nemi er í þriðja sæti og
Jón Erlendsson, starfsmaður Vaga-
gerðarinnar í fjórða sæti. -mh

-mh

Veljum **3JÖRK**

í 3. sæti



Virkjum velferðina

– í þágu allra

Við styðjum óháð framboð Bjarkar:

Abraham Shwaiki bilaviðgerðamaður
 Anna Geirsdóttir lækni og fyrrv. borgarfulltrúi
 Arna H. Jónsdóttir leikskólakennari og lektor
 Ástríður Guðrún Eggertsdóttir arkitekt
 Bergvin Oddsson framhaldsskólanemi
 sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur
 Bjarni Kristinsson jarðfræðingur
 Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu
 Ellen Kristjánsdóttir söngkona
 Erla Ingólfssdóttir húsmóðir
 Eva Einarsdóttir verkefnisstjóri í mannréttindamálum
 Eva Kaaber fulltrúi
 Felix Bergsson leikari
 Garðar Sverrisson rithöfundur, fyrrv. formaður ÖBÍ
 Gestur Guðmundsson prófessor í félagsfræði
 Gisli Tryggvason lögmaður
 Guðmundur Jónsson vefsíðuhönnuður
 Guðný Aradóttir stafgöngubjálfari
 Guðrún Hannesdóttir, Hringisá - starfsbjálfun fatlaðra
 Guðrún Helgadóttir rithöfundur
 Guðrún Ögmundsdóttir alþingiskona
 Halldór Gunnarsson félagsráðgjafi
 Haukur Helgason skólastjóri
 Hector Angarita verkfræðingur

Herdís Sveinsdóttir prófessor í hjúkrunarfræði
 Hlín Guðjónsdóttir iðjubjálfi
 Ingibjörg Bjarnardóttir lögmaður
 Kjartan Pálmarsson strætisvagnabílstjóri
 Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt
 Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur
 María Kristjánsdóttir félagsráðgjafi
 Ólafur Darri Andrason hagfræðingur
 Ragnheiður Pálsdóttir fyrrv. gjaldkeri
 Salmann Tamimi tólvunarfræðingur
 Sigrún Jónsdóttir sjúkralíði
 Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf
 Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir
 Stefán Unnsteinsson fiskútflýtyjandi
 Svandís Sigurðardóttir lektor í sjúkrahjálfun
 Svanhvit Sveinsdóttir grunnskólakennari
 Svanur Kristjánsson prófessor í stjórnmálafræði
 Sveinn Rúnar Hauksson lækni og eiginmaður
 Súsanna Svavarsdóttir rithöfundur
 Tólli Morthens listmálari
 Þorsteinn J. Óskarsson rafeindavirkjameistari
 Þorvaldur Kristinnsson bókmenntaritstjóri
 Þóroddur Þórarinnsson broskubjálfi
 Þórólfur Antonsson fiskifræðingur

Kosningaskrifstofa á Skólavörðuholtinu www.bjorkv.is

IMPENZA

FJÓRHJÓLADRIFINN

160 HESTÖFL!

- 2.0 lítra

- 160 hestöfl

- Sjálfskiptur

- Sítengt fjórhjóladrif

- Kastarar í stuðara

- 16" álfelgur

Tegund	Verð
IMPENZA sedan	2.130.000,-
IMPENZA wagon	2.180.000,-



www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD

 SUBARU

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Þetta er mynd af forðum útgáfum og er ekki til að sýna ástand eða eiginleika. Þetta er mynd af forðum útgáfum og er ekki til að sýna ástand eða eiginleika.



GÓÐUR DAGUR TIL AÐ KJÓSA

Prófkjör Samfylkingarinnar í dag og á morgun er opið öllum Reykvíkingum, óháð stétt og stöðu, flokkslínunum, aldri og áhugamálum.

Dagur B. Eggertsson læknir og borgarfulltrúi er talsmaður þess breiða hóps Reykvíkinga sem vill að borginni sé stjórnað af fagmennsku og í nánú samráði við hin ýmsu framfaraöfl íbúanna sjálfra.

Með þá hugsjón að leiðarljósi getur Samfylkingin undir forystu Dags unnið sigur í borginni. Með því að taka þátt í prófkjörinu getur þú veitt þessari hugsjón liðsinni þitt.

Nú er tækifærið til þess að mæta á kjörstað og setja kraftmikinn og framfarasinnaðan mann í fyrsta sætið.

Stuðningsfólk

DAGUR1 SAETI

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Stjórnendur stóru bankanna fengu átta milljarða að láni á tveimur árum.

Ofurlaun og milljarðalán

Fjármála- og stórfyrirtækin halda um þessar mundir hvert af öðru aðalfundi sína, þar sem lagðir eru fram reikningar og skýrslur um starfsemina á liðnu ári. Hjá fyrirtækjum sem eru í Kauphöll Íslands kemur þá í ljós hver starfskjör æðstu stjórnendanna voru á árinu. Þar er ekki aðeins um að ræða bein laun, heldur líka kaupréttarsamninga og starfslokasamninga þeirra stjórnenda sem horfið hafa frá fyrirtækjunum á árinu, ef um það er að ræða.

Mörgum hefur gjarnan hnykkt við þegar greint hefur verið frá afkomutengdum launum og starfslokasamningum. Skemmt er að minnast margumtalaða starflokasamninga hjá FL Group, en það er víðar en þar sem um stórar upphæðir er að ræða.

Jafnframt er nauðsynlegt að hafa öflugar eftirlitsstofnanir svo almenningur fái traust á þeim. En þær mega ekki ofgera fólki með óhóflegum launum og fyrirgreiðslu til æðstu stjórnenda sinna því með því veikja þau tiltrú fólks á fyrirtækin og stofnanirnar sem í hlut eiga.

Það er ekki nóg með að æðstu stjórnendur stórfyrirtækjanna séu á ofurlaunum, heldur lánuðu stóru bankarnir þrír stjórnendum sínum um átta milljarða króna á árunum 2003 og 2004, eða frá því Kauphöllin gaf út reglur um þessi mál. Ekki er að furða þótt sumum blöskri. Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður hefur á yfirstandandi þingi lagt fram margar fyrirspurnir til Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra um ýmsa þætti varðandi kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda bankanna og almennt um upplýsingaskyldu bankanna.

Yfirlit um lánveitingarnar er að finna í svari ráðherra við fyrirspurn Jóhönnu. Gera má ráð fyrir að meirihluta þessara átta milljarða króna hafi verið varið til hlutabréfakaupa í bönkunum sjálfum, og væntanlega hafa bankarnir haft góðar tryggingar að baki þessum lánum, svona líkt og þegar Pétur og Páll fá lán í bönkunum. Stjórnendurnir hafa verulegt forskot á almenna hluthafa í bönkunum því þeir vita betur en þeir hvað er framundan í rekstri þeirra og taka því lán í samræmi við það.

Eftir að Kauphöll Íslands var sett á stofn hafa með ári hverju verið settar æ strangari reglur um upplýsingaskyldu og fleira varðandi félög sem eru á markaði, og það er þess vegna sem almenningur á betur með að átta sig á því hvað er að gerast í félögunum en áður. Áður voru aðeins takmarkaðar upplýsingar gefnar á huggulegum aðalfundum stóru hlutafélaganna hér, og þeir gjarnan kallaðir „kverúlantar“ sem spurðu um einstaka liði í rekstrinum.

Það er ánægjulegt hvað fjármálastofnanir og mörg önnur stórfyrirtæki hér á okkar mælikvarða blómstra, og þau þurfa að hafa svigrúm og frelsi til þess. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa öflugar eftirlitsstofnanir svo almenningur fá traust á þeim. En þær mega ekki ofgera fólki með óhóflegum launum og fyrirgreiðslu til æðstu stjórnenda sinna því með því veikja þau tiltrú fólks á fyrirtækin og stofnanirnar sem í hlut eiga. Auðvitað eiga þessir stjórnendur að hafa viðunandi laun, en í sumum tilfellum hafa menn farið langt yfir markið, og þá ekki síst með þessum síðustu upplýsingum um lánveitingar til stjórnendanna.

AF GÖFUGUM ÆTTUM



PB 051 Lexus GS430 Luxury, Sóllúga
09/05 með öllu
Verð: 7.000.000 kr.

Sjá nánar á www.lexus.is
Notaðir Lexus bílar.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólund stjórnarandstæðinga

Það er ekki alltaf sældarlíf að vera ráðherra byggðamála og hafa fáa til varnar þegar stjórnarandstöðupingmenn hamra látlaut á svikum og aðgerðarleysi í byggðamálum í átta klukkustundir samfellt.

„Þetta hefur ekki verið umræða hér í dag. Ef það hefði verið málefnaleg umræða hefði ég komið hér að sjálfsögðu í lokin til að tala og tjá mig. Þetta hefur verið mjög neikvæð umræða, nánast raus í háttvirtum þingmönnum.

Arásir og niðurrif. Það hefur ekki verið bent á kosti í stöðunni og mér finnst það ekki þingmönnum til sóma að niðurlægja landsbyggðina með þessum hætti og landsbyggðarfólk.



Þess vegna hef ég ekki nokkurn áhuga á að koma hér upp í lokin og tala um málefnið.“ Þannig mælti Valgerður Sverrisdóttir byggðamálaráðherra á Alþingi í fyrra-kvöld við svo lítinn fögnuð stjórnarandstöðunnar að í gær voru ummælin tekin sérstaklega fyrir í upphafi þingfundar. Eftir allnokkra ofanigjöf gekk hún í pontu og kvaðst standa við hvert orð.

Spjöld sögunnar

Kristján L. Möller, Samfylkingunni, kallaði ummælin dómgreindarleysi og dónaskap. „Hún kann ekki að skammast sín“. Hlynur Hallsson, Vinstri grænum, upplýsti þingheim að Valgerður hefði skömmu áður borið lof á ræðu hans í spjalli. „Og svo kemur hún með ótrúlega ræðu og undanskilur engan þingmann, talar um niðurrifsstarfssemi. Þingmenn hafi talað niður til fólks á landsbyggðinni. Sú var alls

ekki raunin... Ég reyndi í minni ræðu að benda á það sem er gott og að það eru margir góðir punktar í byggðaaætluninni. En það er bara ekki farið eftir þeim.“ Magnúsi Þór Hafsteinsyni, Frjálslynda flokknum, þótti einkennilegt hvað stjórnarliðar voru fámennir í umræðum um byggðaaætlunina og kannski hefði gremja ráðherrans átt rætur að rekja til þess. „Það er eitthvað mikið að en það er ekki okkur stjórnarandstæðingum að kenna,“ sagði Magnús.

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni sagði að ummæli Valgerðar færu á spjöld sögunnar „sem einhver ruddalegasta framganga ráðherra sem um getur í seinni tíma sögu þingsins.



johannh@frettabladid.is

Eitthvað til að miklast af?

Í DAG

TRÚARBRÖGÐ

SVERRIR
JAKOBSSON



Fyrir nokkrum áratugum var það ekki tiltökumál fyrir Íslendinga að vera kristnir. Enda þótt 98% landsmanna tilheyrðu þá þjóðkirkjunni var ekki mikið fjallað um kristin gildi eða kristna menningararfleifð Íslendinga. Þetta þótti sjálf-sagður hlutur en ekki eitthvað til að miklast af. Núna er orðin breyting þar á og varla hægt að komast í gegnum dagblað án þess að finna leiðara eða grein þar sem hinni kristnu arfleifð er hampað. Í leiðinni er iðulega undirstrikað hversu öfgalaus og umburðarlynd kristin trú Íslendinga sé og þá jafnframt gefið í skyn að svo sé ekki um önnur trúarbrögð eða aðrar kristnar þjóðir. Þetta virðist raunar fyrst og fremst meðvituð pólitík af hálfu vissra hópa í þjóðfélaginu en ekki neitt gos úr þjóðardjúpinu. Hópskröp Íslendinga á kristni-hátíðinni 2000 sýnir nefnilega að þjóðin er frekar áhugalítill um sinn kristna menningararf. En hvers vegna hefur þá þessi umræða sprottið upp undanfarin misseri? Hvaða tilgangi þjónar hún?

Hinn nývaknaði áhugi á kristni, oft af hálfu fyrrverandi róttæklinga eða manna sem viðurkenna að sjálfir séu þeir hálftrúlausir, stafar af öðru en áhuga á kenningum Krists. Hér er fyrst og fremst á ferð tilraun til að gera kristni að þjóðhverfu gildi, skapa kristinn „etnósentrisma“. Hin kristna menning er þá notuð sem tæki til að skilja á milli okkar og hinna. „Hinir“ eru þá fyrst og fremst múslimar og allt talið um kristin gildi liður í að styrkja sjálfmynd „okkar“, hvort sem það er liður í „stríði gegn hryðjuverkum“ eða óskilgreindum átökum menningarheima.

Hinn kristni etnósentrismi er kannski örliðið framandi í okkar augum, enda höfum við vanist því að kynþáttahyggja sé helsta aðferð vestrænna þjóða við að gera lítið úr öðrum jarðarþúum. En fyrir daga kynþáttahyggju var aðgreining á grundvelli trúarbragða raunar megináðferð hins kristna heims við að skapa óvinaímyndir. Gyðingahatur var ekki fundið upp af Adolf Hitler og félögum hans. Núna er kristinn etnósentrismi aftur kominn á dagskrá vegna þess að hinn meinti óvinur sem á að þjappa Vesturlöndum saman er heimur islam. Viðhorf þeirra sem hafa völdin á Vesturlöndum til múslima einkennast af orðræðu ofbeldisins. „Við“ þurfum að ráðast á „þá“ vegna þess að „þeir“ eru hryðjuverkamenn. Eða vegna þess að „þeir“ eiga gereyðingarvopn. Öll skiptin sem „við“ höfum sprengt upp fjölskyldur „þeirra“ tiljast ekki með þegar við fordæmdum öfgamennina hinum megin. Gereyðingarvopnin „okkar“ ekki heldur.

Hinn kristni etnósentrismi sækir nefnilega fátt í boðskap Krists. Sagði ekki Kristur: „Hví sérð þú flisina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga sjálfs þín?“ Það er augljóslega ekki í hans anda að kvarta

yfir hatri múslima á tjáningar-frelsnu og gera gys að því þegar þeir reiðast yfir skrípamyndum af Múhameð spámanni í dönsku dagblaði, en minnast ekki þess að múslimar hafa leyft kristnum mönnum að iðka sína trú í löndum islam öldum saman. Þar eru kirkjur á hverju strái. Hins vegar hefur ekki ennþá tekist að koma upp mosku fyrir múslima í stórborginni Kaupmannahöfn, eins og fyrrverandi ritstjóri Politiken, Herbert Pundik, minnti á fyrir skömmu. Danmörk er ekki frjálsari en þetta í raun. Í Reykjavík virðast ríkja svipuð viðhorf. Í nýjasta hefti tímaritsins Grapevine er sagt frá því hvernig skipulagsýfirvöld í Reykjavík hafi þvælst fyrir byggingu mosku fyrir múslima og byggingu kirkju fyrir kristna sem aðhyllast rétttrúnað-arregluna.

Jesús sagði: „[H]ver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða.“ En hinir kristnu etnósentristar sem úthúða múslimum við hvert tækifæri fylgja ekki fordæmi hans. Þvert á móti eru dagblöð og hvers konar fjölmiðlar á Vesturlöndum uppfyllir af skrifum um múslima sem eru ekkert annað en endurtekning á bæn fariseans sem sagði: „Guð, ég þakka þér, að ég er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, rangláttir, hörkarlar eða þá eins og þessi tollheimtumaður.“

Boðun Krists er falleg hugmyndafræði, á sama hátt og það er bæði fallegt og eðlilegt að vera stoltur af sínu landi og þjóð. En þær hugmyndir eru ekki til sem ekki er hægt að afbaka og gera að grundvelli etnósentrisma og sjálfsdýrkunar.

MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

- 1 Kom, sá og sigraði** Silvía Nótt stal senunni eins og hún lagði sig þegar hún flutti Til hamingju Ísland í söngvakeppni RÚV.
- 2 Kæran tekin fyrir í dag** Í byrjun vikunnar leit hins vegar út að Silvíu gæti verið vísað úr keppni í kjölfar stjórnsýslukæru Kristjáns Hreinssonar texahöfundar.
- 3 Hagnaður af rekstri SAS** 4,7 milljarða hagnaður varð af rekstri norræna flugfélagsins SAS fyrir skatta á síðasta fjórðungi ársins 2005.
- 4 Hermdu eftir hárinu** Fréttablaðið fékk sérfræðing til að leggja línurnar um hvernig hægt er að verða eins um höfuðið og Silvía Nótt, sem ótvírætt er kona vikunnar á Vísi. Galdurinn er að „túbera nógu mikið og spreya nógu mikið.“
- 5 Gala-kvöld eftir gagngerar endurbætur** Fjölmenni mætti á opunarhátíð í Þrastalundi í Grímsnesi þegar staðurinn var opnaður með formlegum hætti eftir miklar breytingar. Nýr vert er Garðar Kjartansson, oft kenndur við NASA.
- 6 Undirskriftasöfnun vegna Silvíu Nóttar** Undirskriftasöfnun hófst á netinu til stuðnings þátttöku Silvíu Nóttar í Eurovision-keppninni.
- 7 Silvía Nótt áfram með** Útvarpsráð tók af öll tvímæl um að Silvía Nótt yrði áfram með í sönnvakeppni sjónvarps þegar það blessað fyrri ákvörðun útvarpsþjóra um málið í bak og fyrir.
- 8 Robben hlýtur að vera hálsbrottinn** Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool var æfur út í Arjen Robben sem fiskaði markvörð Liverpool, Jose Reina út af með rautt spjald þegar Chelsea lagði piltana frá Bítlaborginni 2-0.
- 9 Sirrý í Ísland í bítið** Sigríður Arnardóttir var ráðin til starfa hjá 365 miðlum og mun taka við umsjón morgunþáttarins Ísland í bítið á NFS og Stöð 2 með hækkanði sól.
- 10 Þóttist vera Íslendingur** Norska blaðakonan Line Fransson sagði í pistli í Dagbladet að trúlega hafi það orðið henni til lífs að hún þóttist vera Íslendingur þegar hún fylgdist með mótmælum í Teheran vegna skopmyndanna af Múhameð spámanni og múgurinn gerði aðsúg að henni.

Þessar greinar voru mest lesnar á Vísi vikuna 4. til 10. febrúar

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík. **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Raunávöxtun tæp 18% 7% hækkun réttinda

Árið 2005 var fyrsta starfsár Gildis-lífeyrissjóðs, en sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Samanburðartölur fyrir árið 2004 eru samanlagðar tölur úr reikningum eldri sjóða.

Starfsemi á árinu 2005

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2005	31.12.2004
Verðbréf með breytilegum tekjum	84.210	56.609
Verðbréf með föstum tekjum	83.934	75.292
Veðlán	9.852	10.214
Bankainnstæður	2.074	1.587
Kröfur	1.292	1.821
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	265	372
Skuldir	- 331	- 117
Hrein eign til greiðslu lífeyris	181.296	145.778
Breytingar á hreinni eign:	2005	2004
Iðgjöld	6.628	5.644
Lífeyrir	- 4.109	- 3.677
Fjárfestingartekjur	33.292	23.722
Fjárfestingargjöld	- 113	- 99
Rekstrarkostnaður	- 209	- 208
Aðrar tekjur	29	26
Hækkun á hreinni eign á árinu	35.518	25.408
Hrein eign frá fyrra ári	145.778	120.370
Hrein eign til greiðslu lífeyris	181.296	145.778
Tryggingafræðileg staða:	2005	2004
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	32.077	16.021
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	21,0%	11,9%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	28.877	6.066
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	10,9%	2,6%
Kennitölur:	2005	2004
Raunávöxtun	17,8%	15,0%
Hrein raunávöxtun	17,7%	14,9%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	8,6%	5,0%
Eignir í ísl. kr. (%)	83%	80%
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)	17%	20%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	21.828	21.400
Fjöldi launagreiðenda	3.933	3.446
Fjöldi lífeyrisþega	13.654	13.113

Ávöxtun:

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2005 var 22,6% sem jafngildir 17,8% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins s.l. 5 ár er 8,6%. Raunávöxtun skuldabréfa var 5,23%, ávöxtun innlendra hlutabréfa var 71,5%, en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 64,7%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins var 16,3% í íslenskum krónum, en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 12,2%. Nafnávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I 15,7% (11% raunávöxtun) og Framtíðarsýn II 10,2% (5,4%). Framtíðarsýn III er verðtryggður innlánsreikningur sem bar 4,3% verðtryggða vexti á árinu 2005.

Hækkun réttinda:

Í ljósi góðrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans samþykkt að leggja til við ársfund að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.

Ársfundur 2006.

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins.

Ari Edwald, formaður
Friðrik J. Arngrímsson
Konráð Alfreditsson
Sveinn Hannesson

Helgi Laxdal, varaformaður
Höskuldur H. Ólafsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson



Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is





Leiðandi í framleiðslu og sölu tilbúinna rétta og hátíðarmatvöru í Evrópu.

		
		Bretland Skelfiskur Reyktur lax
	Frakkland Reyktur lax Foie gras Blini og smurréttir Saltfiskur Sild	
Spánn Reyktur lax Blini og smurréttir		

Alfesca starfrækir 12 framleiðslueiningar í þremur löndum: Í Frakklandi eru starfrækt dótturfélögin Labeyrie, SIF France og Blini, Lyons Seafoods og Farne í Bretlandi og Vensy á Spáni. Alfesca er í fararbroddi í Evrópu í framleiðslu á tilbúinni matvöru, svo sem reyktum laxi, blini, smurréttum, skelfiski, foie gras, saltfiski og ýmsum öðrum réttum.



SÍF hefur tekið upp nýtt nafn

Alfesca

Alfesca er framsækið fyrirtæki með aldarlanga sögu sem á rætur sínar í útflutningsverslun sjávarafurða frá Íslandi. Á síðustu misserum hefur eðli starfseminnar gjörbreyst og í dag er félagið leiðandi í framleiðslu og sölu tilbúinna rétta og hátíðarmatvöru í Evrópu.

Helstu vörumerki Alfesca:



DV Helgarblað

Yngsti Íslendingurinn með

ALNÆMI

5 ára og smitaðist í móðurkviði



Hefur þú séð DV í dag?

MAÐUR VIKUNNAR

Öðlingur sem fer stundum fram úr sér

KRISTJÁN HREINSSON
SKÁLD

Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld hefur verið fyrirferðarmikill í vikunni, enda hleypti hann mikilli orrahríð af stað þegar hann lagði fram stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar Páls Magnússonar útvarpsstjóra um að leyfa laginu „Til hamingju Ísland“ í flutningi Silvíu Nóttar að vera með í keppninni þrátt fyrir að lagið hafi lekið á netið fyrir keppni. Sjálfur er hann rómað textaskáld og á texta við þrjú lög í lokaúrslitum keppninnar. Sitt sýnist hverjum um framtak Kristjáns, honum er ýmist hampað sem hetju sem er rekin áfram af réttlætiskenndinni einni saman eða úthrópaður sem smámunasamur nöldrurseggur. Hann bregst hins vegar við af miklu æðruleysi og kveðst eingöngu vera að fara fram á það að reglum sé fylgt eftir og aðrir lagahöfundar og flytjendur styðji við bakið á honum.

Kristján Hreinsson fæddist í Reykjavík 7. janúar 1957 en ólst upp í Kópavogi. Hann byrjaði ungur að yrkja og sendi frá sér fyrstu bókina á unglingsárunum. Hann hefur síðan samið fjöldann allan af ljóðum, söngtextum og leikritum, þýtt bækur og stjórnað útvarpsþáttum. Kristján bjó í Björgvin í Noregi um skeið þar sem hann nam leikhúsfræði. Hann býr nú Skerjafirðinum, sem hann er stundum kenndur við, þar sem hann stundar skriftir, en nú síðast fyrir jól gaf hann út bókina Pétur poppari, um sinn Pétur heitinn Kristjánsson tónlistarmann.

Kristján hefur í gegnum tíðina verið atkvæðamikið tónskáld, eins og áður sagði. Þeir sem hafa unnið með honum bera honum vel söguna og segja gott að vinna með honum; hann sé hugmyndaríkur, frjór og lifandi og veit hvað hann vill. Kristján á

um fé eða frama í þeim tilgangi. Sumir finna honum það reyndar til foráttu að hann getur verið góður með sig, og segja gárungarnir að hann hljóti að eiga ættir að rekja til Þingeyinga.

Margir fræknustu popparar Íslandssögunnar hafa leitað á náðir hans eftir textum, enda er hann sagður hraðvirkur og stendur við gerða samninga. Hann leitar að sama skapi til tónlistarmanna en kys helst að launa með mótframlagi. Einn tónlistarmaður sem leikið hefur inn á plötur fyrir Kristján lýsti því að í staðinn hafi Kristján launað honum með ljóðum og kurteisheimsóknum. Hann er tíður gestur í sundlaugum borgarinnar hefur iðulega umræðurnar í pottunum á hærra og skemtilegra plan, en hann þykir meinfyndinn.

Sumir segja hans helsta kvilla vera að hann getur verið taktlaus og farið fram úr sjálfum sér. Þessu til stuðnings var stjórnsýslukæran vegna lags Silvíu Nóttar nefnd sem dæmi. Á móti kemur að hann veigrar sér víst ekki við að viðurkenna þegar honum verður á í messunni.

Kristján er músikalskur maður og spilar á gítar.

Hann hefur samið mörg lög og þótt hann sé fyrst og fremst maður orðsins segja félagar hans að hann sé langt því frá slakur trúbador og geri alltof lítið af því að troða upp með gítarinn í fanginu. ■

auðvelt með að treysta öðrum en treystir sjálfum sér best, að sögn þeirra sem hann þekkja. Hann er hins vegar afskaplega óeiginlegur maður, vill hvers manns vanda leysa og sést ekki fyrir í hjálpsemi sinni við náungann, enda hefur hann aldrei hugsað

ÞAU VORU LÍKA Í FRÉTTUNUM

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, kom við kaunin á mörgum þegar hann fór hörðum orðum um stóriðjustefnu stjórnvalda á Viðskiptaþingi í vikunni.

Sjónvarpskonan Sirrý er með eindæmum hæfileikarík, enda var Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás Eins, ekki reiðubúinn að sleppa henni hávaðalaust þegar hún ákvað að söðla um og hefja störf hjá NFS í vikunni.

Sigurður Guðmundsson landlæknir vill að læknar séu leystir undan þagnarskyldu ef til þeirra leitar fólk sem er flækt í glæpi. Skiptar skoðanir eru um málið innan læknastéttarinnar, en landlæknir vill förna minni hagsmunum fyrir meiri.





Þú getur **kosið**...

- ... aukinn launajöfnuð og hækkun lægstu launa.
- ... gjaldfrjálsan leikskóla.
- ... að borgin taki yfir heilbrigðisþjónustu við aldraða.
- ... sigur á Sjálfstæðismönnum í vor.

Prófkjör Samfylkingarinnar er opið öllum Reykvíkingum 18 ára og eldri. Ekki þarf að vera flokksbundin(n) til að taka þátt í því.

Kjóstu!

Steinunn Valdís
- með kjarkinn sem þarf

UMMÆLI VIKUNNAR

„Þetta hefur verið mjög neikvæð umræða, nánast raus í háttvirtum þingmönnum. Árásir og niðurrif... mér finnst það ekki þingmönnum til sóma að niðurlægja landsbyggðina með þessum hætti og landsbyggðarfólk.“

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra á Alþingi síðastliðið fimmtudagskvöld.

„Hvaða útflutningsgreinar munu þola áratugar nær samfellt uppbyggingarskeið í stóriðju frá 2003 til 2013?“

Ágúst Guðmundsson í Bakkavör á Viðskiptaþingi síðastliðinn miðvikudag.

stjórnmal

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

Úr bakherberginu...

Gjafir

Margir mannfræðingar halda því fram að aðeins örfá atriði séu öllum samfélögum sameiginlegt, hvar sem er og hvenær sem er. Eitt þeirra eru sífjareglur. Þótt þær séu ólíkar frá einu menningarsvæði til annars eru reglurnar fyrir hendi. Þetta eru eiginlega reglur um það hver megi sofa hjá hverjum. Annað atriði eru gjafir en þær lúta reglum. Fyrsta skyldu-boðið er að gefa. Önnur reglan er skyldan að þiggja og hin þriðja er skyldan að endurgjalda. „Æ sér gjöf til gjalda“ eða „Glik skulu gjöld gjöfum,“ segir í Hávamál-um.

Nú má velta því fyrir sér hvornig þessi lögmál snerta íslenska stjórnmalaflokka sem þiggja gjafir og styrki.

Sem kunnugt er geta einstaklingar og fyrirtæki fengið gjafir og styrki til líknarstarfsemi, stjórnmalaflokka og trúfélaga dregnar frá skatti. En allt er þetta víst til skoðunar.



Hvað er stjórnmalaflokkur?

Í bréfi frá 3. desember 2002, sem kallast „ákvarðandi bréf frá ríkisskattstjóra er reifuð spurningin um það hvað sé stjórnmalaflokkur. „...löggjafinn hefur haft ákveðnar skoðanir á því hvert inntak hugtaksins „stjórnmalaflokkur“ er og er það sú sem lýst er hér að framan, það er sérhver þau samtök sem starfa með skipulegum hætti í þeim tilgangi að bjóða fram í eigin nafni til Alþingiskosninga.“

En svo kemur þetta: „Rök mæla með því að sama gildi um samtök eða flokka sem bjóða fram í eigin nafni til sveitarstjórnarkosninga. Samtök sem starfa að framboði einstaklinga í kosningum, hvort sem um er að ræða prófkjör til Alþingis eða sveitarstjórna eða öðrum kosningum þar sme andlag kosninganna er einstaklingur en ekki flokkurinn getur því ekki talist stjórnmalaflokkur í skilningi laga.“

Merkir þetta ekki að frambjóðendur í prófkjörnum um að undanfögnu og þeir sem láta þeim í té gjafir eða styrki þurfi báðir að greiða af þeim skatta? Von að Sigurjón Þórðarson þingmaður Frjálslynda spyrji, en hann gróf upp umrætt bréf.

VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

Það sem gæti verið



Eins og annað í mannlífinu getur þjóðarhagur verið eitthvað sem er áþreifanlegt og satt. Menn finna hann í buddunni, versluninni, í gluggaumslaginu og örorkubótunum. Þjóðarhagurinn er einskonar staðreind.

Þjóðarhagur er einnig eitthvað sem gæti verið. Menn gerast framsýnir, kortleggja þróun og geta í eyður. Eiga sér drauma og reyna að spá fyrir um óorðna hluti.

Á mörkunum þess sem er og hins sem gæti verið liggja stjórnmalin og viðskiptalífið. Mörkin þarna á milli eru grundvöllur þess sem við köllum væntingar.

Oddvitar stjórnarflokka hafa átt feril sinn nánast allan í hugmyndaheimi íslenskra stjórnmalum um þau gæði sem þjóðinni gætu hlotnast

ef henni tækist að selja auðlind fallvatnanna. Forsætisráðherra jafnaði þessari auðlind við olíuauðlindir annarra þjóða á Alþingi í gær. Hann kvaðst ekki vita um neina þjóð sem vildi ekki nýta þær olíulindir sem hún réði yfir.

Virkjun fallvatnanna í samræmi við gamla drauma er orðin að veruleika vegna þess að menn stefndu að því að svo yrði.

Fram á sviðið stígur Ágúst Guðmundsson í Bakkavör, einn umsvifamesti útrásarmaður þjóðarinnar, og blæs á frekari stóriðjuframkvæmdir. Hefur aðra sýn. Framleiðsluhagkerfi er gamaldags og þekkingar- og þjónustupjóðfélagið er framtíðin að hans mati.

Þetta er sýn í mótnun en ekki alveg orðin að veruleika rétt eins og átti við um stóriðjudrauminn árið 1975.

Hugmyndirnar togast á um hríð. Stjórnmalaforingjarnir verjast og segja að stóriðja og þjónustu- eða þekkingarþjóðfélag geti lifað góðu samlífi.

Eitthvað er í gerjun en ekki alveg orðið að veruleika. Það á líka við um þá sýn eða spásögn forsætisráðherra að Ísland verði gengið í Evrópusambandið árið 2015. Íslendingar fara inn í Evrópusambandið ef stjórnmalin taka þá stefnu. Hvort þessi sýn eða spádómur verður að veruleika ræðst í alþingiskosningum eftir rúmt ár.



ÚR KERSKÁLA NORÐURÁLS Deilt er um hver eiginleg ruðningsáhrif stóriðjunnar eru.

Álkerin verma hagkerfið

Rétt eina ferðina tókust menn á um efnahagsmálin á Alþingi í gær og settu stóriðjumálin í brennidepil. Forsætisráðherra telur að hagkerfið eigi að þola 30 milljarða fjárfestingar í virkjunum og stóriðju ár hvert án þess að allt fari um koll.

Jón Bjarnason Vinstri grænum tók málið upp á Alþingi í gær utan

dagskrár og beindi spjótum sínum að Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra. „Aðrar atvinnugreinar voru beðnar að sýna biðlund meðan kúfurinn af núverandi stóriðjuframkvæmdum gengi yfir.“ Jón varaði enn við því að þessi áform settu atvinnulífið í uppnám. „Þeim skoðunum vex nú ásmegin að nóg sé komið í bili af álverum,“ sagði Jón og vitnaði til ræðu Ágústs Guðmundssonar hjá Bakkavör á Viðskiptaþingi í vikunni. Ágúst gaf lítið fyrir arðsemi raforkusölnunnar og efaðist um að útflutningsgreinar þyldu álag

stóriðjuframkvæmda í heilan áratug.

Jón hafði á takteinum ákall ferðapjónustufyrirtækja nú í vikunni um að stóriðjustefna stjórnvalda væri að sliga greinina. Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum nefndi sjávarútvegsfyrirtæki sem væri að loka.

Þetta á allt að ganga...

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra setti upp dæmi og gaf sér þá forsendu að tveir álverskostanna yrðu að raunveruleika fyrir árið 2015. „Þetta gæti verið fjárfesting upp segjum 300 milljarðar króna og 500 þúsund tonna ársframleiðslu samtals. Við erum þá að tala um að skapa um það bil 2.500 vel borguð og varanleg störf. Og við erum að tala um hagvöxt umfram það sem annars yrði upp á sex prósent.“

Halldór sagði að ef þetti sýn yrði að raunveruleika gæti árleg meðalfjárfesting í orkuöflun og álíðnaði numið um 30 milljörðum króna. „Það eru ekki tölur sem valda neinum vandamálum að mínu mati í sambandi við gengi krónunnar eða verðbólgu,“ sagði Halldór.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra var sammála Halldóri, „en auðvitað þá og því aðeins að það sé hægt að afla orkunnar með skynsamlegum hætti á þessu tímabili. Þá og því aðeins að hægt sé að gera það með ábyrgum hætti gagnvart náttúrunni... og gagnvart útblæstri og öðru þessháttar. Og þá og því aðeins að við komum því fyrir innan skynsamlegra marka hvað varðar efnahagsstjórnina í landinu almennt.“

Norðurland er næst

„Það er stefna okkar Framsóknarmanna að næsta álver verði reist á Norðurlandi,“ sagði Birkir J. Jónsson þingmaður Framsóknarflokksins í umræðunum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir Samfylkingunni sagði stjórnvöld ganga fram af miklu tillitsleysi á öllum sviðum. „Hér er aðeins tekið tillit til Framsóknarflokksins.“

„Eru það hagsmunir Framsóknarflokksins að hann líti með velvilja til fólks á Norðurlandi,“ spurði forsætisráðherra á móti.

johannh@frettabladid.is

Þjónustuver KB banka • 444 7000

Líka opið á laugardögum!

Þjónustuver KB banka verður framvegis opið á laugardögum frá kl. 10-16. Virka daga er opið frá kl. 8-19. Starfsfólk þjónustuversins annast alla almenna bankapjónustu í síma 444 7000.



KB BANKI

HONDA
The Power of Dreams

4x4xleikfangabíll



Fullbúinn **CR-V** með
rými fyrir öll leikföngin
verð frá aðeins:

2.690.000 kr.

28.181 kr.
á mánuði*

honda.is



Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á leikvöllinn. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn kemur hann þér leikandi létt í gegnum leiðangra þína – innanbæjar sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér Honda CR-V því þegar lífið er leikur þarftu bíl sem leikur með.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Framsóknarmaddaman „Mamma Benz“

Hér lýkur dagbókarfærslum frá Afríku. Þráinn Bertelson sér menn ganga á vatni, fer á eintrjáningi yfir Mónófljót og smygla vegabréfslausum þingmanni af Fremra-Hálsætt yfir til Benín, hittir framsóknarmaddömunu „Mömmu Benz“, snæðir tógólenskan kvöldverð og kveður Afríku með söknuði.

■ SUNNUDAGUR, 5. FEB.

Galtómur ríkiskassi

Í gærkvöldi bættust þrír Íslendingar í hópinn hérna á hótelinu, frændi minn af Fremra-Hálsætt, Össur Skarphéðinsson og svo Steingrímur myndatökumaður og Jón Ársæll frá Stöð 2 sem eru að mynda Beru og Njörð.

Það er ekkert upp á veðrið hér að klaga. Sólskin og rúmlega þrjátíu stiga hiti upp á hvern dag. Mikill lofttraki.

Það hefur vakið eftirtekt mína hversu fólk hérna er upp til hópa hreinlegt með sig og gengur snyrtilega til fara þrátt fyrir fátæktina. Samt geri ég ráð fyrir því að í Arnarnesinu heima séu fleiri þvottavélar heldur en fyrirfinnast samanlagt í gervöllu Tógólandi. En hreinlætinu eru takmörk sett. Ég er sannfærður um að í Lomé hefur ekki sést götusópari svo lengi sem elstu menn muna. Umgengnin er vægast sagt skelfileg. Tómir plastpokar og hvers konar úrgangur liggur hér úti um allt. Ruslatunnu hef ég enga séð. Þær götur sem ekki eru moldargötur eru holóttar og gatnamálastjórinn virðist hafa misst áhugann á starfinu. Ein aðalgatan sem liggur inn í bæinn hefur upprunalega verið steinlögð, en margir virðast hafa haft not fyrir götusteina og rifið þá upp eftir þörfum. Sums staðar liggja steinar í haug á miðri götunni og engum dettur í hug að fjarlægja grjótið og bílstjórar telja ekki eftir sér að beygja framhjá sömu steinahrúgunni dag eftir dag, mánuð eftir mánuð. Engum dettur í hug að staðnæmast og fjarlægja stein úr götu sinni eða náungans.

■ MÁNUDAGUR, 6. FEB.

Á Fjallabaksleið

Ekki óraði mig fyrir því í morgun að ég ætti eftir róa í eintrjáningi yfir fljót til að smygla íslenskum þingmanni, vegabréfs- og peningalausum, inn í Afríkúlýðveldið Benín. En svona er þetta ferðalag, eitthvað nýtt á hverjum degi.

Eftir rólegan morgun lögðum við Íslendingarnir af stað í rútufurðalag austur með strandlengjunni og var ferðinni heitið á markað í ofurlitlu þorpi í námunda við bæinn Aneho. Ferðin gekk mjög vel allt þar til framöxullinn í rútunni hrökk í sundur og við neyddumst til að stansa. Sól var í hádegisstað og akuryrkjufólk svaf hádegislúr í skugga baobab-trjánna og eggaldin á ökrumum spruttu hjálparlaust á meðan. Rútubílstjórinn hringdi á



umferðarmiðstöðina í Lomé og pantaði aðra rútú undir farþegana, því að gleymst hafði að gera hann út með varaöxul í þessa ferð. Hinum brotna öxli til afsökunar skal það tekið fram að það sem ég hef séð af vegakerfi Tógólands reynir mjög á fjaðrabúnað, drifsköft og öxla ökutækja og minnir helst á Fjallabaksleið af þeim þjóðvegum sem ég þekki á Íslandi.

Á svipstundu hafði hópur léttklæddra bifvélavirkja skotið upp kollinum á þessum stað og þeir tjökkðu upp rútuna og drógu bæði sleggju og skrúflykla úr pússi sínu og voru búnir að ná framhjólunu undan þegar vararútan birtist, og hef ég aldrei séð annan eins mannfjölda við að losa dekk undan bíl.

Áfangastaður okkar reyndist vera lítið þorp á bakka árinna Mónó sem skiptir þarna landamærum með Tógó og Benín. Útimarkaður var í fullum gangi og mikil mannmergð, enda voru hátíðahöld í uppsiglingu. Tilkynt hafði verið að þennan dag ætlaði mikill galdramaður að koma gangandi á vatninu frá Benín til Tógó og fremja seið sinn á markaðstorginu.



Gengið á vatni

Þetta stóð allt heima. Á tilsettum tíma sáuðum við hvar stráþúst lagði af stað út á djúpið og tók að kjaga yfir vatnið með þúfnagöngulagi í áttina til okkar sem stóðum Tógó-megin á bakkanum. Það var merkileg sjón og mikill mannfjöldi safnaðist saman til að ákalla galdramanninn og bjóða hann velkominn. Trumbur voru barðar og margir sungu og stigu dans. Stráþústin sveif yfir vatnsflötinn með gönguhraða og var allt í einu komin á þurrt land og tók þá að hringsnúast og mjakast í áttina að opnu svæði í þorpinu þar sem trumbuslagarar voru samankomnir og víðúdjáknar og guðfræðinemar héldu mannfjöldanum í skefjum að galdapresturinn væri ekki troðinn undir.

Ég fyrir mitt leyti hafði fengið nægilegan skammt af vúdu og galdramönnum fyrir fáeinum dögum og nennti ekki að elta stráþústina upp á torgið heldur stóð kyrr á árbakkanum og góndi yfir til Benín á fólkið sem var þar á ferli því að mér var nýnæmi í því

að hafa útsýni yfir í önnur lönd.

Sem ég stend þarna á bakkanum er hnippið í mig. Þar er kominn frændi minn Össur Skarphéðinsson og spyr hvort við eigum ekki að bregða okkur til útlandsins í staðinn fyrir að standa þarna og góna. Ég taldi öll tormerki á því, enda kann ég ekki þá list að ganga á vatni, og auk þess þurfa útlendingar sem vilja heimsækja Benín að vera með vegabréf upp á vasann með réttari áritun og bólusetningarvottorð að auki. Ég benti Össuri á að ekkert af þessu hefðum við meðferðis og skilríkjalausir menn í Benín ættu yfir höfði sér að vera stungið í svartholið grunaðir um njósnir.

Það kom mér mjög á óvart að þingmaðurinn virtist kæra sig kollóttan um alþjóðalög og reglur og sagðist með einbeittum brota-vilja vera kominn til Afríku til að lenda í ævintýrum og heimtadið að ég útvegaði sér ástundinni bæði eintrjáning og ræðara því að hann ætti brýnt erindi við Benín-búa að kynna þeim stefnu og hugsjónir Fremri-Hálsættarinnar og Samfylkingarinnar og bera þeim kveðju Alþingis íslendinga. Þar sem þessi frændi minn er hjartaprúður og góður drengur og þar að auki formaður SPES á Íslandi taldi ég það skyldu mína að greiða götu hans eftir mætti. Ekki gat ég heldur haft það á samviskunni að Benín-menn misstu af sjaldgæfu tækifæri til að sjá norrænan eðalkrata holdi gæddan svo að ég spurðist fyrir um það þarna á árbakkanum hvort einhver viðstaddra hefði þor til að smygla íslenskum stjórnarandstöðingi yfir landamærin. Ungur maður, Sakid Adedokun, gaf sig fram og eftir stutta en snarpa samningalotu urðum við ásáttir um ferjutoll, en fargjald fyrir okkur Össur báða til Benín fram og til baka var þúsund krónur, og hef ég ekki áður ferðast til útlanda á svo lágu fargjaldi.

Skika af Afríku í fóstur

En að öllu gamni slepptu er skelfilegt að sjá hina sáru fátækt sem þetta fólk býr við og hið fullkomna bjargráðaleysi sem þarna ríkir. Þetta vesalings fólk hefur frétt af nútímanum og velsæld og þægindum sem honum eiga að fylgja, en því er meinaður aðgangur að nægtabörði samtímans. Þetta ástand á sér margvíslegar skýringar og flestar ljótar. En það sem máli skiptir er að þessu fólki verði

hjálpað, að börnin fái menntun og gamla fólkið aðhlyningu.

Einu sinni var það í tísku á Íslandi að hvetja fólk til að græða upp landið með því „að taka flag í fóstur“. Mannræktaráttak í líkingu við landverndaráttakið væri hægt að gera með því að kaupstaðir, þorp eða byggðarlög á Íslandi tækju „skika af Afríku í fóstur“. Þar er af nógu að taka. Víða vantar allt til alls. Kennslutæki í skólum eru skólatafla og kritarmoli. Íslensk fyrirtæki gætu eignað sér smáþorp á einhverjum afrískum útnára og bæði eigendur og starfsfólk fyrirtækjanna gætu samglaðst yfir því að sjá hversu miklu er hægt að fá áorkað þarna með tiltölulega litlum fjármunum og fyrirhöfn. Kærleikurinn býr í okkur öllum, viljinn til að gera gott, en það eru verkin sem tala.

Mér varð hugsað til þess þegar ég var staddur þarna í Aneho innan um þetta blásnauda fólk, að eitthvað svipað hefðu þeir bresku fyrirmenn upplifað sem bjuggu í höllum og gerðu sér það til gamans að heimsækja Ísland á 18du og 19du öld og sáu manneskjur sem skriðu grálúsugar út úr daunillum moldarkofum og góndu ólundarlega á fyrirmennina, ýmist með öfund í svip eða forvitni og börnin stóreyg og soldið smeyk.

Við sem erum komin af þessum vesalings fátæklíngum ættum flestum öðrum ríkum þjóðum betur að geta skilið hversu sárt það er að vera afskekktur, arðrændur og vinnafar. Við eigum ekki að sækjast eftir montsæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Við eigum að vera í fararbroddi þeirra þjóða sem reyna að rétta þróunarlöndum hjálparhönd, og við eigum að gera það á þann hátt að þróunarhjálpin komist alla leið til þeirra sem á henni þurfa að halda og bróðurparturinn fari ekki í umsýslukostnað, laun, ferðalög og risnu hjálparstofnana.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 7. FEB.

Framsóknarmaddaman „Mamma Benz“

Í dag fórum við að hitta vinkonu mína hana Mireille sem ég kynntist af því að ég var svo heppinn að lenda við hliðina á henni í flugvélinni hingað. Mireille rekur ekki eina heldur tvær kvenfata- og álnavörverslanir í miðbænum og hún er



Kæra
Dagbók

Þráinn Bertelson skrifar



kjarnakona, dugmikil, greind og drifandi manneskja sem fær mann til að trú á þann kraft sem býr með þjóðinni í Tógólandi.

„Mamma Benz“ er nokkurs konar kvenfélag sem nýtur mikillar virðingar í Tógó. Það er eins konar samvinnuhreyfing eða kaupfélag sem nokkrar framsóknarkonur stofnuðu með sér í Lomé. Þeim þótti álnavara dýr og brugðu á það ráð að brjótast undan franskri einokun og flytja inn fataefni frá Hollandi sem voru framleidd samkvæmt þeirra teikningum og forskrift. Þessi verslun gagnaðist fátæku fólk vel og skilaði aukin heldur góðum arði svo að sumar kvennanna höfðu ráð á því að kaupa sér ökutæki og einhver þeirra náði sér í gamlan Mercedes Benz sem þykir mikið stöðutákn hér um slóðir. Þess vegna festist nafnið „Mamma Benz“ við þessar kjarnakonur.

Mireille fæst við sams konar rekstur og Mamma Benz en hún er ekki í samvinnufélaginu og segist komast vel af. Við buðum henni á veitingahúsi í kvöldmat og höfðum mikla ánægju af að spjalla við þennan kvenskorung sem að atgervi er greinilega margra manna maki.

■ FIMMTUDAGUR, 9. FEB.

Bilaður klósettkassi

Upplifanir hér taka engan endi. Mireille bauð okkur heim til sín í gærkvöldi í mikla matarveislu með þjóðlegum réttum. Það var góð veisla enda eru tógó-menn sagðir vera eldameistarar Afríku.

Velvild, gestrisni og hjálpsemi þess fólks sem við höfum náð að kynnst ofurlítið á sér engin takmörk.

FERMINGARVEISLA



Ef einhverjum kynni að detta í hug að ferðast hingað mundi ég vilja benda á eftirfarandi: Tógó er fátækt land og vestræn þægindi af skornum skammti. Hér eru að vísu hótél sem bjóða upp á lúxusgistingu og verðlagið á þeim lúxus er hið sama og í Evrópu.

Okkur líkar vel hér á Hótel Napóleon. Hér kostar hjónaherbergi um 3500 íslenskar krónur. Morgunverður, brauð, kaffi og ávextir kostar um 600 kr. Kvöldverður kostar kannski 600 til 1000 kr. Lítri af vatni kostar 140 kr. Flaska af frönsku rauðvíni kannski 900 kr. Þetta er allt miðað við verðlag á veitingastað.

Herbergin eru þökkalega hrein, en ekki dauðhreinsuð. Hér er loftkæling. Þjónusta er ágæt en gengur fremur rólega fyrir sig því að engum liggur lífið á.

Það olli mér nokkru hugarangri fyrstu tvo dagana að ekki var hægt að sturta niður úr klósettinu og öll lofordi um að kippa því í lag reyndust marklítill, svo að ég sá að það stóð upp á sjálfan mig að leysa þetta vandamál með þeim einfalda hætti að lyfta lokinu af klósett-kassanum og toga í hið innra gangvirki og þá fer skolun af stað.

Aðeins örfáir ferðamenn leggja leið sína hingað, en fyrr á árum var þetta eftirsóttur vetrardvalarstaður fyrir þýska og franska millistétt. Hér ríkir hnignun, það er kreppuástand. En fyrir þá sem eru sæmilega sjálfhjarga og vilja upplifa eitthvað sem er handan við það sem hinn alþjóðlegi ferðamannaíðnaður býður upp á er þetta Paradís.

FÖSTUDAGUR, 10. FEB.

Fimmtíu lítil ljós

Þessir dagar hafa liðið alltof fljótt. Ánægjulegur tími fyrir okkur og yndislegt að fá að sjá krakkagrislingana á barnaheimili SPES. Fimmtíu kátir krakkar. Í dag geta þau altént brosað og verið áhyggjulaus, hvað svo sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þeirra biður að minnsta kosti einhver framtíð.

Við höfum verið hér í tæpar tvær vikur og á meðan hafa um fimmtán þúsund börn dáið úr hungri og vanrækslu í Afríku. Á hverri mínútu deyr barn. Allt mannkynið ber sameiginlega ábyrgð á þeirri staðreynd.

Á sunnudagskvöld leggjum við af stað heim. Ég er með tsjilaverndargrip um hálsinn og ferðagoðið Sudeme í vasanum svo að mér er ekkert að vanbúnaði. Í Herrans nafni og fjörutíu. Og ég veit að þegar nóttin breiðir svartan væng sinn yfir þessa heimsálfu loga fimmtíu lítil ljós í einu horninu á helgidómi lífsins, ljós sem mannúðin hefur kveikt. Sá sem ekki tendrar ljós lifir í myrkri. Svo einfalt er það.

Vertu sæl, Afríka. ■

KB banki býður viðskiptavinum sínum **sérkjör** á miðaverði á söngleikinn Carmen í febrúar.

Carmen

Söngleikur um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög.

Carmen er funheitt verk um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög sem enginn má láta fram hjá sér fara. Á sviði Borgarleikhússins hefur þessari ástsælu óperu Bizets verið snúið í söngleik sem er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



KB BANKI

– leggur leiklistinni lífi!

LUSÝNINGIN hafin!



Allt það nýjasta í veisluskrauti, serviettur, kerti, sálmaþækur, áletranir, föndur o.fl. o.fl..

-LÁTTU HEILLAST!



Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300
www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

STÓRSÝN

Glæsileg sýning á Mitsubishi jeppum og öðrum aldrifsbílum hjá HEKLU um helgina. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Opið laugardag og sunndag kl. 12–16

Einnig hjá söluumboðum HEKLU í Reykjanesbæ, á Reyðarfirði, Selfossi og hjá Höldi – Akureyri.

MYTA WISB / SA-5477



Mitsubishi Pajero Sport

er fullvaxinn alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla.

NÝTT verð 3.250.000 kr.



Mitsubishi Outlander

sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Bíll fyrir þá sem gera kröfur.

Verð frá 2.290.000 kr.

ING 4X4



Pajero Dakar 35" breyttur, verð 5.480.000 kr.

Mitsubishi Pajero

Hörkutól og eðalvagn, sigursælasti bíll frá upphafi í Paris-Dakar rallinu. Pajero er tilbúinn í allt sem þú leggur á hann – og það er öruggt að það fer vel um þig á meðan.

Verð frá 4.290.000 kr.

- Sýnum í fyrsta sinn Pajero með 44" breytingu og 38" breyttan björgunarsveitarbíl.
- Kynning á aflauka frá Mitsubishi (Ralliart Power Pack) fyrir Pajero, Pajero Sport og L-200 dísilvélar. Sem dæmi um ávinninginn þá skilar vél með aflauka 182 hestöflum í Pajero með 3,2 l vél. Komdu og reynsluaktu.
- Nýr og hagstæður verðlisti.

RENE DESCARTES (1596-1650)
LÉST PENNAN DAG.

„Hvert vandamál sem
ég leysti varð að reglu,
sem síðar nýttist til að
leysa önnur vandamál.“

Rene Descartes var franskur
heimspekingur og stærðfræð-
ingur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 11. FEBRÚAR 1975

Thatcher verður leiðtogi íhaldsins

Á þessum degi árið 1975 kaus breski íhaldsflokkurinn sér nýjan leiðtoga. Margrét Thatcher sigraði andstæðinga sína í prófkjöri flokksins en fjórir karlmenn höfðu boðið sig fram á móti henni. Þar með varð Thatcher fyrsta konan í Bretlandi til að leiða stjórn mála flokk. „Þetta er draumi líkast,“ sagði kvenskörungurinn við þetta tækifæri.

Fyrirverandi leiðtogi flokksins Ted Heath sagði af sér viku fyrr þar sem Thatcher hafði betur í fyrstu umferð prófkjörsins. Hann neitaði síðar að þjóna í skuggastjórn Thatchers.

Thatcher var skilgreind sem hægrisinnuð íhaldsmanneskja,



algerlega upptekin af innanríkis-
málum. Hún sigraði í almennum
kosningum árið 1979 og varð þar
með fyrsti kvenforsætisráðherra
Breta. Íhaldsflokkurinn hlaut
meirihluta sæta í breska þinginu
eða 43 sæti.

Járnfrúin, eins og hún var oft
kölluð, neyddist til að segja af
sér í nóvember árið 1990 eftir að
hún tapaði í leiðtogaslag flokks-
ins. Hún hafði þá setið í stól for-
sætisráðherra í ellefu ár, lengur
en nokkur annar ráðherra frá
árinu 1827.

MARGRÉT THATCHER

MERKISATBURÐIR

- 1858 María guðsmóðir birtist
heilagri Bernadette í Frakk-
landi.
- 1945 Franklin D. Roosevelt,
Winston Churchill og Jósef
Stalín skrifa undir Jöltu-
samkomulagið.
- 1970 Fyrsta japanska gervihnett-
inum er skotið út í geim.
- 1973 Sjóstjarnan fórst milli
Færeyja og Íslands og með
henni tíu manns.
- 1973 Kvikmyndin Brekkukots-
annáll, eftir skáldsögu Hall-
dórs Laxness, er frumsýnd í
Sjónvarpinu.
- 1990 Nelson Mandela er sleppt
úr fanglesi í Suður-Afríku en
þar hafði hann dúsað í 27
ár.
- 2000 Um eitt hundrað bílar sitja
fastir á Reykjanesbraut
vegna ófærðar.

ANDLÁT

Helgi Björnsson, Helgafelli 5,
Eskifirði, lést á heimili sínu þriðju-
daginn 7. febrúar.

Sigríður Kristjánsdóttir, frá Súða-
vík, lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði
þriðjudaginn 7. febrúar.

Huldar Örn Andrésson lést á
Barnaspítala Hringins miðviku-
daginn 8. febrúar.

14.00 **Ingunn Elín Angantýsdóttir**,
Pingeyri, verður jarðsung-
in frá Þingeyrarkirkju.

14.00 **Sigurgeir M. Jónsson**, frá
Efri-Engidal, verður jarð-
sunginn frá Ísafjarðarkirkju.

AFMÆLI



Kári Jónasson ritstjóri
er 66 ára.



Geir Magnússon,
fyrirverandi forstjóri
Óliufélagsins, er 64
ára.

JARÐARFARIR

13.00 **Svava Evelyn Adolfsdóttir**,
Austurvegi 5, Grindavík,
verður jarðsöngin frá
Grindavíkurkirkju.

14.00 **Gísli Vigfússon**, frá Skálmar-
bæ, verður jarðsönginn frá
Grafarkirkju í Skaftártungu.



FIGURBÓKMENNTIR Ragnar Einarsson batt þessar fögru bækur inn á síðasta ári. Þetta eru Eddukvæðin og Íslandssagan, unnar í vandað skinn sem er innlagt með lituðu skinni.

HIÐ ÍSLENSKA BÓKBINDARAFÉLAG: 100 ÁR FRÁ STOFNUN

Bókbandið lifir góðu lífi

„Þegar Hið íslenska bókbindarafélag
var stofnað þann 11. febrúar 1906 voru
einungis mjög fá verkalýðsfélög til.
Dagsbrún hafði verið stofnuð aðeins
nú dögum fyrr og prentarafélagið
nú árum þar á undan,“ segir Svanur
Jóhannesson bókbindari um upphaf
samta bókbindara fyrir hundrað
árum. „Helstu forgöngumennirnir að
stofnun félagsins voru þeir Pjetur G.
Guðmundsson og Lúðvík Jakobsson
en Pjetur var einnig aðalmaðurinn í
stofnun Dagsbrúnar,“ útskýrir Svan-
ur sem sjálfur byrjaði sem bókbindari
í kringum árið 1950 og var um tíma
formaður félagsins.

Um aldamótin var ekki mikið að
gera fyrir bókbindara að sögn Svans.
Algengt var að þeir færu til sjós á
skútun hálftrí árið. „Svo var skútunum
lagt á haustin og þá reyndu þeir að
fara í bókbandið,“ segir Svanur sem

man eftir þessu fyrirkomulagi frá því
hann var lítill drengur.

Við stofnun bókbindarafélagsins
var mest allt starf unnið í höndum og
var það þannig fram til ársins 1930 að
sögn Svans. Á þeim tíma var fyrsta
saumavélin og gyllingarvélin flutt til
landsins en mesta vélaukningin varð
þó upp úr síðari heimstyrjöldinni. Þá
tók tölvuvæðingin við og nú orðið eru
notuð mjög fullkomin og hraðgeng
tæki við bókbandið. Þó að flest allt
bókband sé vélvætt í dag læra bók-
bindarar enn að binda inn bækur í
höndunum. Svanur segir erfitt að fá
menn til að læra bókband nú orðið,
enda hefur félögum aðeins lítið eitt
fjölgað frá því um miðja tuttugustu
öld.

Þó eru alltaf einhverjir sem hafa
áhuga á bókbandi og er til dæmis
starfandi virkur handbandsklúbbur

sem kallar sig JAM-hópin. Verður
hann með sýningu á verkum bókbind-
ara í sal Félags bókagerðarmanna að
Hverfisgötu 21, en þar verður opið hús
í dag milli klukkan 14.00 og 16.00.

Þar verða til sýnis meðal annars
verk nú bókbindara sem tóku þátt í
alheimskeppni bókbindara síðasta
sumar. Þá verða einnig til sýnis þrjár
bækur sem bundnar voru inn í sumar
af Ragnari Einarssyni. Þetta eru
Eddukvæðin og Íslandssagan unnar
í vandað skinn og innlagðar með lit-
uðu skinni. Þá má á á sýningunni líta
merkan bókaskáp með yfir hundrað
handunnum bókum, margar hverjar
frá því um aldamótin 1900. Hefur í
þennan skáp verið safnað einni bók
frá hverjum bókbindara. Öllum er
velkomið að líta inn og þiggja léttar
veitingar og skoða hið fagra handverk
bókbindaranna. ■



+

Yndislegi sonur okkar og bróðir,
Huldar Örn Andrésson

lést á Barnaspítala Hringins þann 8. febrúar.

Andrés Ragnarsson

Inga B. Árnadóttir

Ingibjörg Hinriksdóttir

Birta Dögg Andrésdóttir

Margrét Andrésdóttir



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,
**Sólmundur Aðalsteinn
Jóhannsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja aðfaranótt mánu-
dags 23. janúar 2006. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Hulda Sigurðardóttir

Ólafur Jóhannes Sólmundsson

Sigfríður Hafðis Sólmundardóttir

Jóhanna Guðveig Sólmundardóttir

Sigurður Óskar Sólmundsson

Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir

og barnabörn.

Helga Magnes Birkisdóttir

Gunnar Ingi Gunnarsson

Páll Björnsson

Vilborg Rós Eckard

Björgólfur Jónsson

TILBOÐ

Á LEGSTEINUM,
FYLGJHLUTUM
OG UPPSETNINGU

10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

Steinsmiðjan **MOSAİK**
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



Blautt þorrablót á Suðureyri

„Þetta snýst í raun um
að fólk í litlu sjávarþorpi
kemur saman og heldur
blautt þorrablót,“ segir Kol-
brún Elma Schmidt sem sér
um undirbúning að árlegu
pottormablóti Súgfirðinga
sem haldið verður í áttunda
sinn í sundlauginni á Suður-
eyri í kvöld. „Þetta byrjaði
á því að lítill vinahópur sem
stundaði sundlaugina ákvað
að halda þorrablót í pottin-
um fyrir átta árum,“ greinir
Kolbrún Elma frá en það
má með sannri segja að blót-
ið hafi undið upp á sig en í
fyrsta tóku þrjátíu bæjarbú-
ar þátt í blótinu en í ár verða
þau tuttugu.

Gestir mæta í sundlaug-
ina klukkan átta, yfirleitt
uppáklæddir að einhverju

leyti. Karlar með bindi eða
hatta og konur í kjólum.
Plastborðum er komið fyrir
í miðri barnavaðlauginni og
þorrmat raðað þar á. Eftir
matinn skemmta gestir sér
við söng, köfunarleiki og
magaskellskeppni. Eins og
gefur að skilja hafa blótin
verið haldin í margbreyti-
legu veðri, bæði hefur snjó-
að og rígt. „Við erum vest-
firskir víkingar og látum
það ekki á okkur fá,“ segir
Kolbrún kokhraust og bætir
við að þetta sé tilvalin leið
til að koma fólki saman í
svona litlu bæjarfélagi.

MEÐ HÁKARL Í BADI Kolbrún
Elma Schmidt á góðri stundu á
pottormablóti í sundlauginni á
Suðureyri.





Vilt þú hafa áhrif? Prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra í Reykjavík

Prófkjörið fer fram í dag og á morgun 11. og 12. febrúar.
Allir Reykvíkingar geta tekið þátt í prófkjörinu*

Kjörstaðir verða opnir milli kl. 10 og 18 báða dagana.

**Félagsheimili Þróttar, Engjavegi 7,
Laugardal, 104 Reykjavík**

Boðið upp á aðstoð við kosningu.
Gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða.


Aðalskrifstofa Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Álfabakka 16, 106 Reykjavík, Mjódd (áður höfuðstöðvar VISA)
Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, Grafarvogi (húsnæði Vélamiðstöðvarinnar)
Félagsheimili Fylkis, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík, Árbæ

* Þeir sem verða orðnir 18 ára og eru með fígðheimili í Reykjavík hafa kosningarétt. Einnig þeir sem voru skráðir í Samfylkinguna 16. janúar 2008 og eru búsettir í Reykjavík. Nauðsynlegt er að framvísa gildum persónuskilríkjum með mynd á kjörstað. Litið er á þátttöku í prófkjörinu sem stuðning við stefnu Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Vinum borgina saman!



Samfylkingin
www.samfylking.is



JÓN KALMAN STEFÁNSSON Er að eigin sögn seinþroska rithöfundur, sprakk í tætlur þegar hann var tvítugur og er enn að púsla sér saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skáldskapurinn hefur síðasta orðið

Jón Kalman Stefánsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin á dögnum fyrir bók sína Sumarljós, og svo kemur nóttin. Bergsteinn Sigurðsson spjallaði við Jón yfir kaffibolla um suðið sem knýr skáldskap hans áfram.

„Það er andstyggilegt af þér að spyrja svona,“ segir Jón Kalman og hlær, spurður hvers vegna hann yrki. „Ég held að það sé ekki hægt að svara því. Í gamla daga var þetta kallað köllun, en það þykir hátimbrað í dag. Kannski er þetta eitthvað genatískt.“

Hvað skriftir varðar kveðst Jón Kalman hafa verið seinþroska; stóð á tvítugu þegar hann fann skáldskapinn. „Þá sprakk ég líka í tætlur og er enn að reyna að púsla mér saman.“

Jón Kalman hætti í skóla í 9. bekk og „ætlaði að ferðast um allan geiminn, eða eitthvað í þá áttina“. Leiðin lá hins vegar í fiskvinnslu í Sandgerði og síðar sláturhús í Dölunum áður en hann fór í fjölbrautaskóla átján ára gamall, þar sem áhuginn á skáldskap kviknaði. „Ég las ekkert að ráði nema spennusögur. Ég ætlaði bara að læra stærðfræði og eðlisfræði og verða stjörnufræðingur.“

En það var alltaf eitthvað í mér sem ég skildi ekki; eitthvað óþægilegt suð sem ég losnaði ekki við nema að koma upplifunum og skynjunum í orð. Það var aldrei nóg að virða bara fyrir sér birtuna á himninum.

Þegar Baldur Sigurðsson íslenskukennari lét okkur svo skrifa smásögu, fann ég fyrir einhverju sem ég þekkti ekki.“

Meitlaðar myndlíkingar eru eitt af stíleinkennum Jóns Kalmans, en hann kveðst ekki liggja mikið yfir þeim. „Ekki lengur að minnsta kosti. Svona skynja ég bara heiminn og það eru sjaldan átök á bak við það að koma því í orð.“

Tuttugu ár í Asíu

Þegar Jón fann skáldagáfuna fylgdi sá böggull skammrifi að hann var slakur í íslensku, enda haft lítinn áhuga á tungunni fram að þessu. „Ég man að eitt sinn átti ég að skrifa ritgerð í líffræði. Úr varð löng smásaga sem fjallaði um ábyrgð mannsins; eins konar heimsendakenning sem ég felldi að kenningum í líffræði. Ég fékk vin minn til að lesa yfir þetta og jú, honum fannst þetta nokkuð skemmtilegt, en benti á að stíllinn væri eins og ég hefði verið

En það var alltaf eitthvað í mér sem ég skildi ekki; eitthvað óþægilegt suð sem ég losnaði ekki við nema að koma upplifunum og skynjunum í orð. Það var aldrei nóg að virða bara fyrir sér birtuna á himninum.

tuttugu ár í Asíu og væri að byrja að skrifa íslensku aftur. En ég slípaðist með tímanum og skrifaði mig betur á hvað ég vildi eftir því sem ég skrifaði meira. Mér finnst ég ekki ná suðinu innan úr mér, þessum nið í heiminum, fyrr en ég hef orðað það á ákveðinn hátt.“

Næstu ár las Jón bókmenntafræði í háskólanum og skrifaði mikið. „Ég var líka svo heppinn að búa í Danmörku um þriggja ára skeið, fyrir daga tölvupóstsins og farsíma. Ég skrifaði því ókjör af bréfum, mörg upp á tíu til tuttugu blaðsíður, og það kom mér satt að segja á óvart hvað ákafinn var mikill. Reyndar var fyrsta árið úti dálítið krísutímabil. Ég leit algjörlega á mig sem ljóðskáld en var farinn að efast um að ég gæti ort. Þetta var ósköp dapurt ástand og raunalegt, þangað til ég fór að reyna við prósans. Þá fór ég hægt og bitandi að finna fjölinu aftur og

fékk líka þjálfun í gegnum bréfaskriftirnar.“

Þórbergur var hugljómur

Fyrir rithöfund segir Jón það vera lykilatriði að „lesa nógu andskoti mikið af ólíkum höfundum. Það á að læra af þeim rétt eins og iðnaðarmaður lærir af öðrum í stéttinni. Ég heillaðist af Halldóri Laxness á sínum tíma, en ég held að Þórbergur Þórðarson hafi haft dýpri áhrif á mig. Halldór skrifaði vissulega glæsilegar sögur, en hefðbundnar. Þórbergur vann meira með formið og var frumlegri og nútímalegri. Það var mikil hugljómur að lesa Íslenskan aðal rúmlega tvítugur og ég kynntist honum aftur þegar ég var úti í Danmörku. Síðustu árin hef ég legið í José Saramago, en stend náttúrlega í eilífri þakkarskuld við meistara á borð við Thomas Mann, Knut Hamsun og Martin A. Hansen. Svo sekkur maður sér í jafn ólíka höfunda og Jean Rhys og Jean Giono.“

Jón sækir mikið í ljóð og fer ekki bæjarleið án þess að hafa ljóðabók með sér. „Ég á yfirleitt í stökustu vandræðum með að fara til útlanda því ég tek alltaf með mér tíu bækur; ekki endilega til að lesa, heldur sem félagskap, til að vita af þeim. Ef ég þarf að hvíla getur verið hrein nautn að fara afsíðis og lesa þýðingar Gyrðis Eliassonar á verkum Richards Brautigan.“

Jónas þurfti líka að pissa

Skáldskapurinn sjálfur og tilgangur hans er Jóni hugstæður eins og nokkrar blaðagreinir hans bera vitni um, en hann segist þó aldrei hafa borið óttablanda virðingu fyrir skáldskap eða álitnið hann heilagan. „Mér þykir leitt þegar fólk verður hátíðlegt þegar skáldskap ber á góma og setur hann á stall. Það má til dæmis ekki gleyma að maður eins og Jónas Hallgrímsson var bara venjuleg manneskja sem var stundum í vondu skapi, þurfti að pissa og hafði sínar vonir og þrár. Listin er hluti af okkar umhverfi og það

er ekki hægt að taka skáldskapinn frá lífinu. En þótt manni liggi eitthvað á hjarta gagnvart samfélaginu í dag, verður það að vera á forsendum skáldskaparins. Að skrifa skáldskap ber í sér þá þrá að segja eitthvað sem skiptir máli, ekki bara í dag heldur líka eftir tíu eða þrjátíu ár; að leggja eitthvað fram sem sameinast mannsandanum. Það eru vissulega tónar í verkum mínum sem deila á ríkjandi ástand, sérstaklega í Sumarljósunum, en skáldskapurinn á að eiga síðasta orðið, ekki vegna þess að hann er svo dýrðlegur, svona eru bara lögmálin. Annars getur maður bara skrifað blaðagreinir, sem er fínt í sjálfa sér, en skáldskapurinn er annar miðill og mitt vinnutæki.“

Gerjun í ljóðlistinni

Margt erlendis skilar sér ekki hingað í ljóðum og öðrum skáldskap, sem Jón segir skiljanlegt því við séum fámenn þjóð. „Við erum afskaplega heppin að eiga á lífi höfunda eins og Þorstein frá Hamri og Hannes Pétursson, sem standast fyllilega samanburð við það besta í allri Evrópu. Ég er þó á því að við séum dálítið ánægð með okkur og eigum færri stóra höfunda en við gerum okkur grein fyrir.“

En það er vissulega ákveðin gerjun í gangi, til dæmis í ljóðlistinni. Á 9. áratugnum spratt fram afskaplega sterk kynslóð höfunda á borð við Gyrði Eliasson, Kristínu Ómarsdóttur, Braga Ólafsson og Sjón, svo nokkrir séu nefndir. En síðan þá hefur dálítið vantað. Það kemur vissulega skáld og skáld en það hefur vantað þennan þunga slagkraft. Það er mikill kraftur í kringum hópa eins og Nýhil um þessar mundir en það er enn beðið eftir að eitthvað stórt gerist.“

Búinn að safna kjarki

Jón hefur ekki hugsað sér að taka hlé frá skriftum þótt bókmenntaverðlaunin hafi fært honum dálítið skotsilfur og er þegar byrjaður á næstu bók. „Það er dálítið síðan

Bækur Jóns Kalmans Stefánssonar

Með byssuleyfi á eilífðina (1988)
Úr þotuhreyflum guða (1989)
Hún spurði hvað ég tæki með mér á eyðieyju (1993)
Skurðir í rigningu (1996)
Sumarið bak við brekkuna (1997)
Birtan á fjöllum (1999)
Ýmislegt um risafurur og tímann (2001)
Snarkíð í stjörnunum (2003)
Sumarljós, og svo kemur nóttin (2005)

ég byrjaði. Ég kláraði Sumarljósinn síðasta sumar og finnst mikilvægt að vera byrjaður á næsta verkefni þegar bók eftir mig kemur út.“ Um efnið vill hann minnst segja – „annars deyr það“ – nema að hugmyndin hefur fylgt honum í ellefu ár. „Þetta er eins konar söguleg skáldsaga sem mig langaði að takast á við á sínum tíma en treysti mér ekki í það. Sögulegar skáldsögur geta verið hættulegar að því leyti að margir höfundar verða hreinlega undir forminu, það er svo sterkt og ríkjandi. Það eru vissulega til höfundar, eins og Saramago, sem hafa gert formið algjörlega að sínu. Ég er hins vegar búinn að safna kjarki og reynslu og vona að ég ráði við það.“

Hann skrifar heima, í húsinu Mosfellsbæ, og vill ekki hafa það öðruvísi. „Morgnarnir eru minn tími. Ég vakna með fjölskyldunni um klukkan sjö, hjálpa til við að koma börnunum í leikskólann og skólann, og byrja svo að skrifa. Þegar ég kemst á skrið finnst mér gott að vera byrjaður klukkan sex, það er yndislegur tími.“ Hann við-urkennir að stundum verði hann „hálf vankaður af því að vera svona mikið með sjálfum mér. En ég get ekki hugsað mér annað, svo lengi sem ég finn fyrir suðinu inni í mér.“ ■

„Sesselja Kristjánsdóttir var makalaust kliðfögur og örugg í krefjandi hlutverki Öskubuskunnar Angelínu... .

... Sjónleikur söngvaranna var sem fyrr getið kapítuli út af fyrir sig, enda oft drepfyndinn. ... meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa áhyggjur af framtíð Íslensku Óperunnar.“
Ríkharður Örn Pálsson, Mbl.

„Hin besta skemmtun ... sýningin geislaði af lífi, fjöri og gáska ... var afar fyndin ... ekki missa af þessari óperu ... kjörin sýning fyrir alla fjölskylduna.“
Valdemar Pálsson, Víðsjá, Rás 1



Vinafélag
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR



ÍSLENSKA ÓPERAN

GIOACHINO ROSSINI

ÖSKUBUSKA

Vinafélag Íslensku Óperunnar óskar Óperunni til hamingju með Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins 2005 í flokknum Sígild og samtímatónlist fyrir flutning sinn á Tökin hert eftir Benjamin Britten.

Vinafélagið óskar Óperunni enn fremur til hamingju með glæsilega uppfærslu á Öskubusku sem hlotið hefur góðar viðtökur áhorfenda og lof gagnrýnenda.

Vinafélag Íslensku Óperunnar er félag áhugafólks um óperutónlist og óperustarfsemi á Íslandi. Með því að ganga til liðs við félagið stuðla menn að áframhaldandi uppbyggingu Íslensku Óperunnar og standa vörð um það góða starf sem þar er unnið.

Vinafélag Íslensku Óperunnar
Netfang: vinafelag@opera.is
Sími: 511 6400

Sesselja Kristjánsdóttir
Garðar Thór Cortes
Bergþór Pálsson
Davíð Ólafsson
Hlín Pétursdóttir
Anna Margrét Óskarsdóttir
Einar Th. Guðmundsson

Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Paul Suter
Leikmynd og búningar: Season Chiu
Ljósahönnuður: Jóhann Bjarni Pálmason


Aðeins sýnd í
febrúar og mars

Allir 25 ára og yngri fá
50% afslátt af miðaverði í sal

Miðasala í síma 511 4200
midasala@opera.is
www.opera.is



Til sýnis á eftirfarandi stöðum: Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, Reykjavík / Arctic Trucks, Kletthálsi 3, Reykjavík / Ingvar Helgason, Hrísmýri 2a, Selfossi / Ingvar Helgason, Óseyri 5, Akureyri / Ingvar Helgason, Holtsgötu 52, Reykjanesbæ



STÓRSÝNING

ÆVINTÝRALEGA FLOTTIR BREYTTIR JEPPAR Á
SÝNINGU HJÁ INGVARI HELGASYNÍ UM HELGINA



Navara, engum líkir! **35" breytingar** unnar af **Arctic Trucks**. Til sýnis frá kl. 12 - 16 laugardag og sunnudag.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Reykjavíkurnætur í dag

Næturlífið í Reykjavík hefur ýmist verið rómað fyrir taumlausa gleði eða fordæmt vegna ofbeldisverka og ólifnaðar sem þar viðgengst. *Jón Sigurður Eyjólfs*son blaðamaður og *Haraldur Jónasson* ljósmyndari brugðu sér út á lífið á laugardagskvöldi.

Reykjavíkurnætur eru ýmist rómaðar fyrir taumlausa gleði eða þær ausnar óhróðri fyrir þann ósoma sem þeim geta fylgt. Blaðamaður og ljósmyndari brugðu sér í betri fótin og skelltu sér út á lífið til að sjá hvað þar væri að finna. Á leið sinni um miðborgina rákust þeir á götutrúðador, blauta dverg og unga stúlku sem hræðist það ekki að ganga ein heim á leið þó svo að klukkan sé að ganga sjö.

01.00 Friðarboðskapur í Austurstræti skilar sér

„Keep on rocking in the free world,“ segir götutrúðadorinn Jojo við einn vegfaranda í kveðju-skygni. Hann hefur komið sér fyrir við anddyri bókabúðarinnar í Austurstræti með gítarinn, míkrafóninn og magnarann sem ber söng hans og gítarleik um strætið. Ekki er nóg með að hann syngi fyrir vegfarendur heldur aukar hann að þeim heilræðum og friðarboðskap. „Ég hef verið hérna meira og minna í fjögur ár og Geir Jón yfirlögregluþjónn er mjög ánægður með þetta framtak því frá því ég kom hingað hafa aðeins tvisvar orðið slagsmál í Austurstrætinu,“ segir Jojo og telur svo í næsta lag sem er Imagine eftir John Lennon.



JOJO Í HAM Götutrúðadorinn og friðarsinninn Jojo rokkar meðan miðbæjargestir láta klink og annað af hendi rakna. Á þessum tímum greiðslukorta eru ekki allir með aura á sér og gripu sumir á það ráð að verðlauna trúðadorinn með kveikjurum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



TÚSKILDINGSÓPERAN

Fimm sýningar eftir!



Leiðin liggur á Amsterdam en þar er ekki mörgum kráargestum fyrir að fara. „Bylgjan er ekki komin hingað niður eftir,“ segir Ari Schröder sem rekur krána. „Það byrja flestir uppi á Laugavegi og svo kemur holskeflan hingað niður eftir og um klukkan þrjú verður allt fullt hérna.“

Og ekki getur hann kvartað yfir kúnnunum sem kaupa nóg af mjóði af vertinum. „Á dæmigerðu laugardagskvöldi fara svona um 300 lítrar af bjór, fimm kassar af breezer og um tólf flöskur af sterku víni. Annars getur þetta verið misjafnt; eitt kvöldið fer mikið af bjór og minna af sterku og annað kvöldið er því öfugt farið,“ segir Ari. En ekki verður hjá því komist að forboðinn varningur geri vart við sig á Amsterdam líkt og á öðrum stöðum. „Við verðum ekki varir við neysluna sjálfa en við sjáum vímunu og eins sjáum við, þegar við erum að ganga frá, poka hér og þar sem í hafa verið ýmis efni.“

Sveinn Ásgeirsson dyravörður ber gott skynbragð á þennan vágast og segist sjá það á augum fólks ef það er undir áhrifum fíkniefna. Hann segist sjá ófá slík augnaráð á venjulegu laugardagskvöldi.



LÍFIÐ Í BÆNUM Fjölmennir var í bænum en flesta var að finna um fjögurleytið í biðröðum við krár, skemmtistaði og svo skyndibitastaði. Flestir virðast byrja ofarlega á Laugavegnum en fíkra sig svo niður eftir uns komið er yfir læk. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

02.00 Blautir dvergar

Jón Sigurður og Haraldur ætla ekki að bíða eftir holskeflunni heldur storma á móti henni. En á leiðinni heyra þeir dúndur rokk berast frá Dubliners-kránni svo þeir standast ekki mátið og líta þar við. Það er hljómsveitin Swiss sem leikur þar af fingrum fram.

Á leið upp Laugavegin lendar blaðamaður skyndilega inni í skrautklæddum fimm manna hópi. Þeir syngja og tralla og láta sér í léttu rúmi liggja þó að blaðamaður sé ekki með á nótunum. „Við köllum okkur Blauta dverga,“ segir svo Páll Ólafsson, forsprakki hópsins. Fjórir þeirra eru í „líðsbúningnum“ sem er gul og græn röndótt peysa við svartan jakka. Sá fimmti er hálf utan-gátta í grárrí peysu en bætir það þó upp með að vera í svörtum jakka. Þeir sögðust ætla að djúsa fram á morgun og skipti þá einu að sumir þeirra eiga unnustu sem bíður heima.

Sömu sögu var að segja af fjórum stúlkum sem biðu fyrir utan Vegamót; þær ætluðu að skemmta sér til morguns meðan skilningsríkir unnustar biðu þeirra heima og myndu ekki hafa uppi neinar kvartanir vegna bæjarferða stúlkna sinna.

03.00-04.00 Heimsborgarbragur á næturlífinu

Vilji menn staðfestingu á að Reykjavík sé fjölmenningsborg ættu þeir að bregða sér út á lífið. Á efri hæðinni á Sólun voru tvímenningarnir varir við fjölmarga af asískum uppruna og einnig fjölmörgum frá Suður-Ameríku, enda var suðrænn taktur þeyttur af skífum. Dansinn var kynsandi hjá meyjunum en einnig bar nokkuð á stírbúsalegum Íslands-



BLAUTIR DVERGAR Þessi skrautlegi hópur kallar sig Blauta dverga. Páll Ólafsson, forsprakki hópsins, er lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

sonum sem komnir voru nokkuð út fyrir sitt hæfileikasvið. Á Victor var einnig nokkuð um fólk af erlendu bergi brotið og hvert sem farið var um bæinn mátti heyra mælt á erlendum tungum.

Í Austurstræti má sjá lög-reglumenn sem hlaupa á eftir ofbeldismanni sem hverfur upp Laugavegin með hnúajárn í hendi. Hann var einn af fimm sem réðust á pilt sem eftir liggur slasaður á Lækjargötunni.

05.00 Biðraðir og griðastaðir

Á þessum tíma má líta biðraðir nær hvert sem litið er, fyrir utan skemmtistaði, krár, við leigubílastöppistöðina við Lækjargötu og við Hlíðlabáta og aðra skyndibitastaði sem opnir eru í miðbænum. Margir vegfarenda eru með skyndibita í hendi en aðrir hafa keypt sér pítsu og komið sér fyrir í anddyri Radisson Hótelis þar

sem þeir sitja að snæðingi. Það er vel til fundinn griðastaður því það er farið að rigna á múginn. Lalli Johns kann ráð við svona aðstæður og hefur komið sér fyrir í strætóskyli með litlum áheyrendahópi sem hlýðir á reynslusögur kappans.

06.00 Ein á ferð um miðbæinn

Nú er farinn að þynnast flokkurinn í miðbænum. Þó eru hópar hér og þar á spjalli og biðröðin við leigubílastöppistöðina er löng.

Það kemur því illa við karlmannshjörtu tvímenninganna að sjá unga og fallega stúlku eigna eina um miðbæinn. „Af hverju ætti ég að vera hrædd að vera hérna ein á rölti; ert þú hræddur?“ spyr Vala Hafsteinsdóttir blaðamann beint á móti. „Ég fór í bæinn með vinkonum mínum en þar sem við búum allar hver í sínu hverfi skildu leiðir og nú ætla ég bara að röltu heim í Vesturbæinn. Spyrdú karlmenn líka hvort þeir séu hræddir að labba í miðbænum?“ spyr Vala sem þótti að sér vægið með spurningum blaðamanns og ögrar honum því góðlátlega á móti. „Hvað er að þér, maður,“ heldur hún áfram, „stundum fer ég bara ein út og karlinn er heima með barnið.“ Spurð um hvað karlinum þyki um það að fá Völu sína heim að morgni dags eftir glaum og gleði segir hún: „Það er auðvitað bara allt í lagi. Reyndar er ég rosalega sein núna því ég fór seint út. En mér finnst líka allt í lagi að hann fari út og skemmti sér fram á nótt.“

Af viðbrögðum hennar að dæma er nokkuð ljóst að hún myndi afþakka fylgd heim svo að tvímenningarnir kveðja Völu og halda sína leið.



VALA HAFSTEINSDÓTTIR Vala var ein á ferð um miðbæinn undir morgun og henni þótti það ekkert tiltökumál. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FLÖT PHILIPS SJÓNVÖRP

HÁGÆÐA TÆKI Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI



Philips 37PF5320

32" LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og 600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Nicam stereó með Virtual dolby Surround, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnatólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ

179.995

FULLT VERÐ 299.995



Philips 26PF4310

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Digital Comb Filter og Anti Reflex, 500:1 skerpu, 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D og VGA), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi og borðstandi.

TILBOÐ

109.995

FULLT VERÐ 119.995



Philips 32PF5320

32" LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og 600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Nicam stereó með Virtual dolby Surround, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnatólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ

136.995

FULLT VERÐ 169.995



Philips 42PF5320

42" ED Plasma SJÓNVARP með Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 852x480 upplausn og 10.000:1 skerpu (VGA, SVGA, XGA), HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), sjónsviði: (H/V): 160/160° og birtustigi: 1100 cd/m2, ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnatólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ

169.995

FULLT VERÐ 199.995

ALLAR STÆRÐIR SJÓNVARPA – FRÁ 14 UPP Í 50 TOMMU



ÓUMDEILD GÆÐI

Philips er óumdeildur konungur myndgæðanna þegar kemur að sjónvarpstækjum. Philips hefur unnið hin virtu EISA verðlaun fyrir sjónvörp oft en nokkur annar framleiðandi. EISA eru samtök 50 fagfólkanna í Evrópu og eru verðlaunin talin þau virtustu. EISA eru sannkölluð Óskarsverðlaun raftækjanna.



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTUNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

SKÚFFUSKÁLDIÐ } AÐALSTEINN AÐALSTEINSSON

Gleðimenn fengu að kenna á Kára



AÐALSTEINN AÐALSTEINSSON SKÚFFUSKÁLD FRÁ VAÐBREKKU Eins og sjá má á myndinni er Aðalsteinn rómantískur og sést það á ljóðum hans þó hann geti einnig bitið frá sér eins og lög gera ráð fyrir á þorablótum Jökuldælinga en þá taka sveitungar hver annan í karphúsið.

Þó Jökuldælingar hafi orð á sér fyrir að vera montnir þá er Aðalsteinn Aðalsteinsson frá Vaðbrekku ekkert nema hógværdin þegar véla á hann til að opna ljóðaskúffuna. Hann lætur þó undan að lokum svo lesendur Fréttblaðsins fá nú notið.

„Ég man ekkert hvenær ég byrjaði á þessu og nú er ég að reyna að venja mig af þessum fjára, enda eru þetta lélegar yrkingar,“ segir skúffuskáldið hálf skúffað. „Menn halda greinilega að þetta sé í genunum en foreldrar mínir gátu vel ort og eins er farið með tvo bræður mína þá Ragnar Inga og Hákon og hin systkynin öll gátu einnig ort. Ég er hins vegar ekkert skáld þó ég láti stundum eftir fólki sem krefur mig um einhverja bögu eflaust fyrir ættfræðisakir. Það er kannski að hann Kári geti greint þetta,“ segir Aðalsteinn.

„Reyndar er Kári búinn að skemma fyrir mörgum gleðimanninum en hér áður fyrr gátu menn auðveldlega skotið framhjá án þess að upp kæmist.“ Til að útskýra málið frekar þylur Aðalsteinn eftirfarandi limrur:

„Íslensk erfðagreining,
örugg vísindameining.
Það sem áður var hulið
er ei lengur dulið
um getnað getinn í leyning.

Það er alveg ótrúleg spenna
um ástarfars leyndarmál
kvenna.
Hvernig ættin er rakin
og ættfræðin hrakin.
Það er allt saman Kára að
kenna.“

Þó Aðalsteini þyki þessar tækni framfarir miður þá vil hann ekkert ræða það hvort hann hafi verið sjálfur kvennagull hér áður. „Nei, þá erum við komnir á hálán ís,“ segir hann. „Þó er ég alveg sannfærður um það og það er ekkert launungarmál að kvenmannshjartað getur bjargað hrollköldum karlinum þegar tíðin er köld enda á hjartahlýja konan sér engin takmörk hvað hlýindin varða. Um þetta er eftirfarandi vísa:

Tíðin hefur heldur grá,
harla köldu skartað.
Löngum er þó il að fá
inn við konuhjartað.“

Heimahagarnir í Jökuldal eru Aðalsteini kærir og er það ekki einungis fegurðin í dalnum sem dregur huga skúffuskáldsins heldur leitar hugur hans þangað jafnvel þegar hann er spurður um uppáhaldsskáld. „Við þurfum ekkert að leita út fyrir sveitina. Menn eru alltaf að gera því skóna að Halldór Laxness hafi verið svo mikill snillingur en mér finnst hann hreinlega leiðinlegur. Ég myndi hins vegar nefna í þessu samhengi sveitunga minn Einar Guðjónsson frá Heiðarseli. Hann var afbragðsskáld. Jafnvel þó þú krefðir mig um besta stílistann þá gæti ég enn haldið mig í sveit minni og nefnt Benedikt Gíslason frá Hofteigi; hann er okkar albesti stílisti,“ segir skúffuskáldið frá Vaðbrekku sem er nú komið í ham. Og fyrst Jökuldalsrembingurinn er kominn upp í honum getur hann ekki látið vera að fara með vísu um heimahagana. „Þetta orti ég

þegar ég kom heim að Vaðbrekku þar sem ættingjarnir kváðust á í hlöðunni:

Kveðju fram ég kasta vil,
kominn heim í Dalinn.
Bestan finn ég alltaf il
inn við fjallasalinn.“

Úr Jökuldalsrembingi er ekki langt í pólitíkina en sjálfstæðismaðurinn Aðalsteinn hefur sjaldnast legið á skoðunum sínum í þeim efnum. „Ég var nú þannig villuráfandi hér áður og reyndi að fara í aðra flokka en það gekk aldrei því alltaf rataði ég heim aftur í réttan flokk. Þetta er líka orðið að hálfgerðum lífstíl hjá fólki, meira að segja þingmenn fara ekki varhluta af þessu. Var ekki hann Gunnar Örlygsson meira að segja kominn á þing þegar hann áttaði sig á því að hann var ekki í réttum flokki? Hann kom seint heim sá og því segi ég:

Í ýmsum flokkum ungir sér
dilla,
á endanum sjá að þetta er
villa.
Þá leiðist þeim
og langar heim
Sjálfstæðisflokkinn að fylla.“

Þó enn nái skúffuskáldið ekki til botns í ljóðaskúffunni er ráðlegast að hætta leik nú þegar hátt stendur. Hver veit nema niðvísurnar liggi neðar í skúffunni. Það vita það allir sem komið hafa á þorablót í Jökuldal að slíkar vísur eru ekki hollar viðkvæmum sálum.

22 ÓSKARSTILNEFNINGAR

2 TILNEFNINGAR	6 TILNEFNINGAR	5 TILNEFNINGAR
3 TILNEFNINGAR	4 TILNEFNINGAR	1 TILNEFNING
4 TILNEFNINGAR		

Í BÍÓ UM HELGINA

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is





Árg. '94. Ekinn 148 þús., sjálfskiptur, rafmagn í rúðum, hiti í sætum, cruise control, sóllúga, 33" dekk, álfelgur, dráttarkrókur.

Nýskoðaður.

Einn eigandi frá upphafi.
verð: 430.000
Upplýsingar í s. 893 7773

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR



BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smíðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is



Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Búðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400



ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR

- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



allt atvinna

Alla sunnudaga



París-Dakar rallið reynir á úthald og útsjónarsemi ökumanna. Frá upphafi hafa 46 keppendur látist í rallinu.

LIÓSMYND: NORDICPHOTOS/AFP

Hættulegasta keppnin

París-Dakar rallið hefur tekið sinn toll í gegnum tíðina, bæði meðal keppenda og áhorfenda.

París-Dakar rallinu lauk fyrir um mánuði síðan með sigri Luc Alphand og aðstoðarökumanns hans, Gilles Picard. Þeir kepptu fyrir Mitsubishi og heyrst hefur að raunvirði bílsins sé áætlað um 65 milljónir króna. Það er því ljóst að það þarf meira en þungan bensínfót til að vinna þetta heimsfræga rall. Sigursæl keppnislið eru oft á sérhönnuðum „Dakar-útgáfum“ frá bílaframleiðendum, hafa margra manna viðgerðar- og aðstoðarlið, heilu vörubílsfarmana af vara- hlutum og margra ára reynslu af hverskyns akstursíþróttum.

En það er eitt enn sem keppendur verða að hafa til að bera. Þegar saga rallsins er skoðuð er ekki alveg ljóst hvort á að kalla það stáltaugar eða fifldirfsku. Eitt er víst að ef ökumenn eru ekki búnir undir allt gætu aðstæður komið þeim óþægilega á óvart. Í Sahara-eyðimörkinni hefur orðið óþægilega aðeins dýpri merkingu en víðast annars staðar. París-Dakar rallið er til dæmis eina akstursíþróttakeppnin þar sem blóðflokkur keppenda er skráður skýrum stöfum á bílinn, við hlið nafns þeirra og númer bílsins.

Ástralski ökuþórin Andy Caldecott var af mörgum álitinn besti enduro-ökumaður heima- lands síns. Í fyrra varð hann í sjötta sæti keppinnar á KTM mótörhjól. Í ár missti hann stjórn á hjóli sínu og fékk harka- lega byltu. Hálf tíma síðar komu sjúkraliðar að honum látnum.



Þrátt fyrir að flestir keppendur séu gríðar- lega vel útbúnir koma alltaf upp bílanir og óhöpp. Í París-Dakar er líklegri en í öðrum keppnum að óhöppin hafi dauðsföll í för með sér.

LIÓSMYND: NORDICPHOTOS/AFP



Mikill fjöldi fylgist með keppendunum þar sem þeir þeysa úr einu landi í annað. Starfsfólk og áhorfendur keppinnar eru í síst minni hættu en keppendur en talið er að tala látinna úr þeim hópi sé helmingi hærri en tala látinna keppenda.

LIÓSMYND: NORDICPHOTOS/AFP

Hann hafði hálsbrotnað við fallið og þar með orðið 46. keppandinn til að láta lífið í 26 ára sögu rallsins. Meðal algengustu dánarorsaka eru óhöpp tengd farar- tækjum, byssukúlur og jafnvel jarðsprengjur.

Þá er ótalinn fjöldi starfs- manna og áhorfenda sem dáið hefur meðan á keppninni hefur staðið. Frá upphafi er talið að sú tala sé tvöföld tala látinna þátt- takenda. Í ár létust tvö seneg- ölsk börn í jafnmörgum slysum. Engar opinberar tölur eru til um þessi dauðsföll, né heldur þarf að búast við að nöfn fórnarlambanna séu birt. Kastljósið er á peningun- um í keppninni – hinum rándýru farartækjum og vel launuðum ökuhönnuðum þeirra.

París-Dakar rallið er þess vafa- sama heiðurs aðnjótandi að vera lífshættulegasta akstursíþrótt- keppni í heimi, með töluvert fleiri dauðsföll en Le Mans kappak- sturinn sem er í öðru sæti. Það er því ekki furða að hlutfall þeirra sem klára rallið hefur aldrei farið yfir 40 prósent keppenda. Reyndar þarf ekki alltaf dauðsföll eða slys til. 1982 villtist Mark That- cher af leið og í sex daga beið hann ásamt aðstoðarökumanni

sínum, matar- og vatnslaus, eftir hjálp. Þegar hún barst kom í ljós að Thatcher var um 50 km af leið. Hann ákvað að keppa ekki aftur í París-Dakar.

Þegar ökumenn verða fyrir óhappi í rallinu kveikja þeir á neydarsendi. Þegar neyðarbíllinn kemur að þeim geta þeir klifrað um borð og yfirgefið ökutæki sitt í eyðimörkinni. Hinn kosturinn er að skrifa undir skjal þar sem þeir fría aðstandendur keppinnar allri ábyrgð og bíða svo hjá öku- tækinu. Flestir velja seinni kost- inn og neyðarbíllinn fer að næsta óhappi, enda af nógu að taka. Á hverjum legg keppinnar eru venjulega 10-15 bílar sem þurfa aðstoð.

Það þarf reyndar ekki að vera alsæmt að verða fyrir óhappi í keppninni. Eftir að hafa unnið mótörhjólaflokkinn tvisvar varð Hubert Auriol fyrir áfalli 1989 þegar hann mölbraut báða ökkla sína á lokalegg keppinnar. Þar sem hann gat ekki keppt á hjóli árið eftir vegna meiðsla sinna tók hann þátt á bfl. 1992 sigraði hann svo rallið á Mitsubishi og varð þannig fyrsti maðurinn til að sigrar bæði í mótörhjól- og bílaflokki.

Passat vinsælastur í Þýskalandi 2006

Lesendur bílblaðsins ADAC sæma Volkswagen heiðursverðlaununum Gula englinum.

Guli engillinn frá ADAC er ein allra virtustu verðlaunin sem veitt eru í bílaheiminum. Dr. Wolf- gang Bernhard, stjórnarformaður Volkswagen, tók við verðlaununum í München þar sem 400 boðgestir úr heimi stjórnmála og iðnaðar voru viðstaddir.

Markmiðið með afhendingu Gula engilsins er að gefarökstuddar ábendingar um gæðaframleiðslu

og nýjungar. Fjöldi nýskráninga Passat-bíla hjá þýska bifreiðaeftir- litinu á árinu 2005 gefur einnig til kynna að þeir þyki afar eftirsókn- arverðir meðal bílkaupenda.

Passat og Passat Estate hafa þegar fengið fjölda eftirsótttra verðlauna frá því að þeir voru settir á markað, þar má til dæmis nefna Gullna stýrið hjá Bild am Sonntag.



Volkswagen Passat fær heiðursverðlaun. Rúmlega 320.000 lesendur sendu inn atkvæði sitt í lesendakönnun samtaka þýska bifreiðaeigenda, ADAC. Valið stóð á milli alls 54 tegunda og var Volkswagen Passat sigurvegurinn.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Spottaleikfimi til fjalla

Það ætlar sér enginn að festast. Samt er það nánast óhjákvæmi-legt í jeppaferðum að setjast einstaka sinnum á kviðinn eða spóla frá sér allt grip. Hluti af ævintýrinu er að komast þang- að sem maður ætlar, þrátt fyrir að það taki á öllu sem bíll og maður eiga. Þó svo að togspil séu að verða vinsælli með hverju árinu, enda að mörgu leyti með- færilegri og öruggari búnaður, má samt aldrei skilja spottann eftir heima. Alveg eins og allir sem ferðast með GPS tæki ættu að vera með áttavita á sér líka.

Spottar skiptast í tvær me- ingerðir: með teygju og án. Teygjuspottar eru vinsælli til dráttar því þá er hægt að láta teygjuna vinna með sér. Sá sem er að „kippa“ keyrir frá þeim fasta eins langt og spottinn vill togn og stoppar þar. Teygj- an dugar svo oft til að sá fasti smokrist hægt og rölega af stað, jafnvel þótt kipparinn sé enn í sömu sporum. Það er stórfyndið að fylgjast með þessu, en ekki alveg eins fyndið að vera sá fasti – það er aldrei gaman.

Þegar verið er að kippa bílum

lausum ætti aldrei að nota til þess mikið afl eða hraða. Það getur farið ákaflega illa með bíla og undirritaður hefur þurft að skilja við fararskjóta lemstr- aðan á fjöllum og sækja hann aftur með varahluti og nýtt dekk í farteskinu. Það sem er öllu alvarlegra, sérstaklega ef teygjuspotti er notaður, er að ef eitthvað gefur undan getur farið illa fyrir þeim sem eru nálægt.

Það gerist við og við að teygjuspottar slitna og endarn- ir skjótast af gríðarlegu afli til baka eða til hliðar, eftir aðstæð- um. Það þekkist líka vel að í átökunum láti dráttarkúla eða jafnvel stuðari undan og komi fljúgjandi með teygjuspottanum til baka. Dráttarkúlur sem fara í gegnum aftur- og framrúður eftir spottaslit segja alla sög- una. Til að verða ekki höfðinu styttri hafa margir fyrir sið að binda tvo eða þrjá kuldagalla á spottann. Ef hann slitnar draga gallarnir úr kraftinum.

Svo má líka bara setja bíl- stjórann í að moka og nota spott- ann í snú snú í staðinn...

Megane söluhæstur

Keppni Renault og Volkswagen endaði með frönskum sigri.

Nokkur spennna hefur einkennt evrópska bílamerkaðinn vegna kapphlaupsins mikla á milli Ren- ault og Volkswagen um söluhæsta bíl Evrópu.

Þessir tveir stærstu bílafram- leiðendur álfunnar hafa skipst á um að hafa forystuna. Fyrst Ren- ault þegar nýja Megane II línan náði fyrsta sætinu af Golf seint á árinu 2003. Síðan Volkswagen þegar Golf náði því aftur seint á síðasta ári.

Samkvæmt skráningartölum hélt Megane II þó fyrsta sætinu miðað við sölu á árinu 2005 með samtals 619.462 selda bíla og 4,3% hlutdeild á Evrópumarkaði. VW Golf var þó skammt undan með 568.957 selda bíla og 3,9% hlut- deild.



Renault Megane hafði Volkswagen Golf í kapphlaupinu um söluhæsta bíl- inn í Evrópu.

10 söluhæstu bílarnir í Evrópu árið 2005

1. Renault Mégane II	4,3%
2. VW Golf	3,9%
3. Ford Focus	3,7%
4. Opel Astra	3,1%
5. Peugeot 206	2,7%
6. Peugeot 307	2,5%
7. Citroen Xsara + C4	2,5%
8. Renault Clio/ClioIII	2,2%
9. Ford Fiesta	2,2%
10. Opel Corsa	1,9%

Jeppa- og aldrifs- bílasýning í Heklu

Opíð verður um helgina á fimm stöðum á landinu.

Hekla verður um helgina með glæsilega sýningu á Mitsubishi jeppum og öðrum aldrifsbílum. Meðal annars verður frumsýndur nýr Mitsubishi Pajero jeppi sem breytt hefur verið fyrir 44“ hjólbarda.

Einnig verða kynntar Rallitronic aflaukar frá Ralli- art í Pajero, Pajero Sport og Mitsubishi L-200.

Sýningin fer fram laugardag og sunnudag frá klukkan 12-16. Á sama tíma verður Mitsubishi bíla- sýning hjá Söluumboðum Heklu á Selfossi, Reyðarfirði, í Reykjanes- bæ og hjá Höldi Akureyri.



Meðal þess sem verður á sýningunni um helgina eru nokkrar útgáfur af jeppanum vinsæla, Mitsubishi Pajero.

HVAÐ ER... TÚRBÍNA?

Bílvélar þurfa loft og eldsneyti til að vinna. Í einföldu máli er kveikt í eldsneytisblönduðu lofti og þannig myndast sprenging. Hönnun véla er þannig að hver sprenging hjálpar til við að snúa vélinni.

Til að fá meira afl út úr vél eru nokkrar leiðir færar. Ein þeirra er að bæta við túrbínu, eða forþjöppu eins og hún er kölluð á íslensku. Í einfaldri mynd virkar hún á þessa leið: Í bíl með forþjöppu sér útblástur vélarinnar um að snúa hjóli sem minnir lítilllega á vatnsmyllu. Í gegnum hjólið gengur ás sem er svo tengdur við annað áþekkt hjól sem er staðsett í loftinn- taksrás vélarinnar.

Snúist fyrra hjólið, snýst það síðara líka. Þegar bílnum

er gefið inn snúast þau hraðar og seinna hjólið þjappar meira og meira lofti í átt að vélinni. Meira loft í sprengirými vél- arinnar þýðir að þar þarf líka meira eldsneyti, þar sem bland- an verður alltaf að vera svip- uð. Þetta orsakar kraftmeiri sprengingu en áður og flýtir líka fyrir því að vélin nái háum snúningi.

Til að átta okkur á muninum getum við ímyndað okkur að við séum að drekka drykk með röri. Við þurfum að sjúga drykkinn líkt og bílvél sýgur til sín loft. Ef við setjum dælu í glasið sem dælir drykknum upp í okkur verður fljótt ljóst hversu miklu munar að þjappa loftinu að vélinni, frekar en að láta hana sjúga það.

Með túrbínu verður bíllinn spræk- ari og möguleikar vélarinnar eru betur nýttir.



Mercedes bens c 220 cdi diesel modelar 2004



kom á götuna sept 2003, ekinn 62 þús. sjálfskiptur, rafmagn í sætum, loftkæling, tveir gangar af felgum með dekkjum 17" og 15", eyðsla 8,4 í innanbæjar akstri verð 3,4 skipti á ódýrarari ath. upplýsingar í síma 821 4626

allt

hús

Alla mánudaga

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærdú í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið hefst 15. febrúar



Það er alveg hægt að slasa sig úti eins og hér heima.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikilvægt að tryggja

Mjög auðveldlega er hægt að tryggja sig fyrir ferðalög en einfaldast er yfirleitt að borga með kreditkort.

Áður en haldið er til útlanda eru margir sem spyrja sig fjölbreyttra „hvað ef...“-spurninga og velta sér upp úr mögulegum og ómögulegum aðstæðum og afleiðingum. Oftast er þetta stress óþarft en mikilvægt er að hugsa örlítið um ferðatryggingu áður en lagt er af stað.

Nú er svo komið að langflestir borga sínar flugferðir með kreditkortum. Bæði Mastercard og Visa bjóða viðskiptavinum sínum upp á fjölbreyttar ferðatryggingar ef helmingur eða meira af fargjaldinu er greitt með kreditkortinu. Í þessari ferðatryggingu felst meðal annars slysa- og farangurstrygging og fjölmargt annað. Hægt er að fá neyðarnúmer hjá kredit-

kortafyrirtækjunum til þess að hringja í ef slys verða en auk þess má nálgast frekari upplýsingar um ferðatryggingar hjá þjónustufulltrúum fyrirtækjanna.

Ferðatrygging er einnig í heimilistryggingunni hjá flestum tryggingafélögum. Hinar ýmsu ferðatryggingar og aðrar viðbótartryggingar í tengslum við ferðir má einnig kaupa aukalega hjá tryggingafélögunum. Hjá tryggingafélögunum má einnig nálgast sérstakt ferðatryggingakort.

Að lokum má einnig benda á það að hjá Tryggingastofnun er hægt að sækja um evrópskt sjúkratryggingakort, en allir Íslendingar eiga rétt á aðstoð sem nauðsynleg er í slysa- og veikindatilvikum á sömu kjörum og íbúar viðkomandi lands, innan EES og í Sviss. Umfram allt skal þó leita upplýsinga hjá tryggingafélögum og kreditkortafyrirtækjunum áður en farið er til annarra landa.

Mikil upplifun í Taílandi

Arna Frimannsdóttir eyddi jólahátíðinni með unnusta sínum, Guðjóni Bjarna Snæland, í Taílandi. Hún segir þessa ferð hafa verið eitt allsherjar ævin-týri og heillaðist af landinu.

„Okkur langaði að fara eitthvert út um jólin. Foreldrar mínir höfðu farið út til Taílands og það hljómaði mjög spennandi. Við vildum gera eitthvað annað en að liggja bara í sólbaði,“ sagði Arna Frimannsdóttir en hún flaug út ásamt unnusta sínum á aðfangadag. „Það var öðruvísi að vera í flugvél á aðfangadagskvöld en við vorum í vorum komin á jóladagsmorgun. Við vorum á eyjunni Puket sem er við suðurhluta Taílands og fórum í ferðir út frá þeim stað. Við heimsóttum ströndina þar sem kvikmyndin „The Beach“ var tekin upp og þar sáuum við mikla eyðileggingu eftir flóðbylgjuna miklu. Þar mátti sjá heilu hótelin sem voru skemmd og var mjög sérstakt að vera þar. Þetta var mjög frábrugðið þeirri strönd sem var við hótelið þar sem við gistum.“

Þegar ferðin var skipulögð vissu þau ekki að þau myndu lenda í miðri



Lítill strönd á James Bond-eyju. Taíland er fagurt land þar sem nóg er af fallegum ströndum og landslagi. En Taíland er líka ævintýrastaður og frábrugðinn hefðbundnum ferðamannastöðum.



Arna Frimannsdóttir og Guðjón Bjarni Snædal í góðum félagskap í Taílandi um síðustu jól.

minningarathöfn þar sem ár var liðið frá flóðbylgjunni miklu. „Þetta var heljarinnar minningarhátíð sem haldin var á ströndinni. Þar var búið að setja niður í sandinn eitt kerti fyrir hvern sem fór og kveikt á þeim um kvöldið.“ sagði Arna.

„Í sjónum þarna í kring eru risastórir klettur og við fórum í siglingu í ferðinni þar sem við fórum meðal annars inn í hella. Þá sáuum við fiskimenn sem lifa í þorpi sem byggt er á stöplum í sjónum kringum klettinn. Það var mjög athyglisvert.“

Arna var himinlifandi með

þessa ferð en hún og Bjarni komu aftur heim um miðjan janúar. Fram að þessu hafði hún aðeins farið á hefðbundna ferðamanna-staði en segist ekki ætla að gera það aftur. „Þetta var mikið ævin-týri og stórskemmtilegt. Svo skemmdi ekki fyrir hvað allt var hræðdyrt þarna, við fórum tvisvar mjög fínt út að borða þar sem við fengum mat og vín ásamt eftirrétti og öllu á 1.500 krónur. Það var það dýrasta sem þekktist þarna.“



Arna og Guðjón sigldu um fiskimannaþorp sem byggt er á stöplum.

Fyrst í fjallið

Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bilinn hérna heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bilinn á flugvöllinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að biða eftir bílnum - bilinn biður eftir þér.

Þýskaland - verð frá kr. 19.600 á viku
m.v. B flokk - Opel Astra eða sambærilegan.
Innifalið: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjóftrygging, flugvallargjald og skattar.

Við leggjum okkur fram

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is



Ferðamenn eru farnir að heimsækja Ísland í auknum mæli utan háannatíma og meiri aðsókn er í gistingu utan höfuðborgarsvæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR


Ferðamönnum fjölgar enn

Ferðamönnum hefur fjölgað um rúm tíu prósent síðastliðna fimm mánuði miðað við sama tíma í fyrra.

Ferðamálastofa stendur reglulega fyrir talningum í Leifsstöð á fjölda ferðamanna sem koma til landsins. Samkvæmt talningum fjölgaði ferðamönnum um tíu prósent í janúar miðað við janúarmánuð í fyrra. Frá september á síðasta ári til janúar hefur ferðamönnum fjölgað um rúm tíu prósent miðað við sama tíma í fyrra. Heildaraukning gistinátta á landinu er sex prósent en aukningin er

hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Telst þetta ánægjulegt þar sem meginmarkmið í vörupróun og markaðsvinnu Ferðamálastofu er að auka ferðamannastrauminn utan háannar og draga úr svokallaðri landshlutastefnu.

Forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu segir ferðamönnum frá Bandaríkjunum og Asíu hafa fjölgað nokkuð og Bretar eru farnir að koma til Íslands í auknum mæli. Í heildina er samdráttur í komu ferðamanna frá Norðurlöndunum þótt aukning sé frá Danmörku og Finnlandi.



Klæðir sig eftir veðri

Sóley Kristjánsdóttir lærir sálfræði í Háskóla Íslands og vinnur með skólanum hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni. Hún er mjög hrifin af gömlum fötum og blandar gjarnan nýjum og gömlum fötum saman.

Sóley kaupir sér oft notuð föt og er mjög hrifin af gömlum fötum. „Gömul föt eru oft vandaðri en ný og ég er líka hrifin af fötum sem eru öðruvísi en þau sem allir eru í,“ segir Sóley. Hún viðurkennir þó að hún kaupi sér alveg ný föt í tískuvöruverslunum. „Ég blanda nýjum og gömlum fötum voða mikið saman. Ég versla samt mest í Rokki og rósum og Gyllta kettinum,“ segir Sóley en síðasta flík sem hún keypti sér var pallíettutoppur úr Rokki og rósum.

Sóley segir að hún verði alveg fyrir áhrifum af tiskunni en reyni samt að halda persónulegum stíl. „Maður lifir ekkert eftir einhverjum annarra manna reglum en auðvitað verður maður fyrir áhrifum af því sem er í tísku hverju sinni. Það sem manni fannst kannski flott fyrir fjórum árum virkar ekkert endilega í dag.“ Sóley segist samt aldrei tíma að henda fötum sem hún er hætt að nota. „Þó að manni finnist eitthvað hræðilegt á tímabili kemur það alltaf aftur. Mér finnst til dæmis mjög gaman að gramsa í gömlum fötum af mömmu og geri það allavega einu sinni á ári. Stundum finn ég eitthvað flott sem mér fannst hræðilegt árinu áður.“



Uppáhaldsflíkin hennar Sóleyjar er úlpan sem pabbi hennar gaf henni í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Uppáhaldsflíkin hennar Sóleyjar er ný en það er úlpa sem pabbi hennar gaf henni í jólagjöf. „Þetta er úlpa frá 66 gráðum Norður og hún er hlý og æðisleg og mér hefur ekkert orðið kalt síðan

ég fékk hana. Ég var alltaf bara í leðurjakka og hettupeysu hvort sem það var vetur eða sumar en núna klæði ég mig eftir veðri og liður mjög vel,“ segir Sóley og hlær. emilia@frettabladid.is



Donatella Versace heldur iðulega parti þar sem fræga fólkið er í miklum meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Partídrósinn Donatella Versace

Donatella Versace er þekkt fyrir góð parti þar sem fína og fræga fólkið er á hverju strái.

Tískuvikan í New York snýst ekki eingöngu um föt og komandi tiskulínur. Stór þáttur tiskuvikunnar er allt fína og fræga fólkið sem hana sækir. Hverjir sækja tiskusýningar getur oft verið stærri frétt en hvaða föt voru sýnd á sýningunni. Fyrir- og eftirpartíin geta einnig verið afar skrautleg. Sá hönnuður sem er þekktastur fyrir villtustu veislurnar og þekktustu gestina er Donatella Versace. Versace hélt risa-matarboð í

húsi verslunar sinnar á fimmtu breiðgötu á Manhattan í síðustu viku. Meðal frægra gesta í boðinu voru meðal annars Cindy Crawford, Heather Graham, Hilary Duff, Kate Hudson, Milla Jovovich, Naomi Campbell, Nicollette Sheridan og Rupert Everett. Versace sjálf sat hins vegar á milli Benicios Del Toro og Nicholas Cage, ekki amalegt það.

Eftir matarboðið var svo haldið brjálað eftirparty. Þangað komu auk fyrri matargesta meðal annars Halle Berry og Jennifer Lopez. Ekki verður farið nánar út í það hvernig partyið fór fram en það hefur vafalaust verið fjörukt.

sumarið 2006 }

Tískustraumar

HEIMASÍÐAN STYLE.COM BIRTI NÝLEGA LISTA YFIR SEX HEITUSTU TÍSKUBYLGJUR SUMARSINS.



Djörf munstur
Hönnuðir hafa verið með mjög fjölbreytt munstur á sýningum sínum. Jafnvel hefur sumum mustrum verið blandað saman. Munstrin eru fengin héðan og þaðan en eru oftast litrík, áberandi og frókk.

Sakleysi

Hvitt verður afar áberandi næsta sumar. Ekkert lýsir sakleysi heldur eins vel og hvítur litur. Hvítir kjólar úr þunnu efni með blúndum þykja til dæmis mjög fallegir.

Kímónó

Tískuheimurinn liggur flatur fyrir kímónóum þessa stundina og í raun öllu asísku. Svo má líka hlusta meira á hina íslensku hljómsveit Kimono.

Hinn nýi kynþokki

Tískufræðingar tala um að tískan hafi sjaldan verið jafn kynþokkafull. Hún er þó ekki glyðrúleg heldur frekar djörf og falleg.

Buxnadráttir

Buxnadráttir eru aftur orðnar vinsælar. Samt ekki alveg þessar hefðbundnu heldur eru þær líflegri núna. Stelpur eiga því að vera óhræddar við að klæðast þunnum buxum við fallega jakka.

Pilsdráttir

Fyrir þær sem vilja ekki ganga alla leið með buxurnar. Fjölbreytnin er einnig meiri í pilsdrógtunum. Þær eru samt yfirleitt mjög víðar í mittið.



ÚTSÖLULOK

á Laugavegi um helgina

allt að **70%** afsláttur



gs skór

eva

galleri sautján

Kultur
menn

DIESEL
barnadeild

Laugavegi 89-91

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS **8-18**
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG **8-19**
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG **11-16**

notaðir bilar
Ingvar Helgason



VO962 Toyota Land Cruiser 31", bsk. Ek.
87 þús. km. Verð 2.430.000. Allt að
100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Þú byrjar ekki að borga af bilalánum fyrr en í maí.



U0019 Nissan Patrol Luxury 32" nýsk.
03/03, bsk. Ek. 126 þús. km. Verð
2.590.000. Allt að 100% lánamöguleik-
ar, sími 525 8020.



LG990 Opel Astra Coupe nýskr. 05/02.
bsk. Ek. 71 þús. km. Verð 1.690.000. Til-
boð 1.390.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



UD686 Citroen C3 nýskr. 11/03, ssk. Ek.
62 þús. km. Verð 1.060.000. Allt að
100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Þú byrjar ekki að borga af bílalánum fyrr en í maí.



SF357 Opel Astra 1.8 nýskr. 02/05, ssk.
Ek. 10 þús. km. Verð 1.860.000. Allt að
100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



OX724 Nissan Almera Visia nýskr. 09/04
bsk. Ek. 10 þús. km. Verð 1.390.000. Allt
að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



SZ201 Subaru Impreza GX nýskr. 01/03,
bsk. Ek. 43 þús. km. Verð 1.360.000. Allt
að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is



Porsche Cayenne nýskr. 04/2004, 3200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 25.000 þ. Verð 6.290.000 B&L. S. 575 1230.

Bilaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



Jeep Cherokee Liberty LTD 3.7, 2002, ek. 55 þús, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, CD, glerþopplúga, cruise control, leður, líknarbelgir. Rafm. í rúðum og speglum. Reyklaus o.m.fl. Ásett verð 2.460 þús.



Volvo X/C 90 2.5T AWD, 2/2003, ek. 61 þús, sjálfskiptur, 7 Manna, ABS, álfelgur, ASR spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, CD, Hiti í sætum, Cruise Control, leður, litað gler, loftkæling, rafm. í rúðum og speglum, Innbyggður sími, barnasæti o.fl. Ásett 3.990 þús.



M.Benz ML-270 Inspiration, 8/2004, ek. 16 þús, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, ASR spólvörn, fjarlægðarskynjarar, ESP stöðuleikakerfi, CD, glerþopplúga, hiti í sætum, cruise control, leður, líknarbelgir, rafm. í sætum, rúðum og speglum, Xenon ljós, Bose hljóðkerfi o.m.fl. Ásett verð: 4.990 þús.



Audi A6 3.2 Quattro, 8/2004, ek. 11 þús, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, armpúði, ASR spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, CD, glerþopplúga, handfrjálshúnaður f/ Nokia, hiti í sætum, Cruise Control, þokuljós í svuntu, leiðsögukerfi, leður, rafm. í sætum, rúðum og speglum, reyklaus, Xenon o.m.fl. Einn með öllu! Ásett verð 5.400 þús.



Dayasol er staðsett í Daya Veja, litlu og friðsælu sveitaborpi, 9 km frá sí héraði Alicante. Stutt er til Guardamar, Almordí og Elche. Rúmgóðar sérhæðir og raðhús með 2 eða 3 svefnherbergjum ásamt garði og/eða þaksvölum.



Falleg og gróðursæl smáíbúðabyggð við Punta Prima ströndina í 5 km fjarlægð frá Torrevieja. Stutt á 18 holu golfvöllina Las Ramblas, Villamartín og Campoamor. Glæsilegar sérhæðir og raðhús með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum ásamt garði og/eða þaksvölum.



Tilvalinn staður fyrir golfunnenndur, staðsett í Orihuela Costa, nokkra kílómetra frá Torrevieja. Stutt er á þrjá glæsilega 18 holu golfvelli, Las Ramblas, Villamartín og Campoamor. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum, auk íbúða ásamt garði eða þaksvölum.



Einstaklega falleg og gróðursæl smáíbúðabyggð við Mil Palmeras ströndina, stutt frá Pilar de la Horadada, Torrevieja og Campoamor. Glæsilegar íbúðir, sérhæðir og raðhús, auk lúxus íbúða sem staðsettar eru alveg við ströndina. 1, 2 eða 3 svefnherbergi.



Kjörinn staður fyrir þá sem dreymir um að eignast íbúð við sjávarsíðuna. Staðsett á náttúru-paradísinni La Manga Del Mar Menor á Costa Cálida, stutt frá San Javier og Cartagena. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum.



SJÓNARHORN



Fjölskylda af flugvélum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KOLAPORTIÐ

Leikfangabásinn
við Kaffi Port auglýsir

velkomin

50%
afsláttur

kolaportid.is

leikföng, töskur, tölvuvörur,
verkfæri og margt fleira

OPIÐ UM HELGINA
FRÁ KL. 11-17

TOPP 5: FAYE DUNAWAY



1. Chinatown (1974). Faye og Roman Polanski, leikstjóri myndarinnar, voru þekkt fyrir að rífast mikið meðan á tökum stóð. Framleiðandinn vildi upprunalega fá eiginkonu sína, Ali MacGraw, en hætti við þegar hún skildi við hann og tók saman við Steve McQueen. Framleiðandinn vildi þá fá Jane Fonda en Polanski vildi frekar fá Faye. Í einu atriði myndarinnar þar sem Jack Nicholson slær Faye það hún Nicholson um að slá sig í alvöru.

2. Bonnie & Clyde (1967). Jane Fonda hafnaði hlutverki Bonnie Parker. Alpahúfur urðu geysilega vinsælar um heim allan eftir að Faye bar eina slíka í myndinni. Faye er rúmlega 20 sentimetrum hærri en Bonnie var í raun og veru en Bonnie náði ekki 150 sentimetrum á hæðina.

3. Little Big Man (1970). Byggð á bók eftir Thomas Berger frá árinu 1964. Til þess að ná fram djúpri og grófri rödd manns sem á að vera yfir 120 ára gamall í einu atriði myndarinnar fór Dustin Hoffman inn í herbergi og öskraði eins og hann gat í klukkutíma.

4. Arizona Dream (1993). Leikstýrð af bosníska leikstjóranum Emir Kusturica en hann hefur meðal annars heimsótt Ísland. Hans eina mynd á ensku. Myndin keppti um Gullbjörnninn í Berlín. Myndin var tilbúin árið 1991 en kom ekki út fyrr en árið 1993.

5. Network (1976). Faye hefur fengið þrjár óskarstilnefningar og fyrir þessa mynd fékk hún sína síðustu tilnefningu. Hún hlaut hins vegar verðlaunin í það sinnið. Jane Fonda hafnaði hlutverkinu sem Faye fékk síðan á endanum, enn og aftur.

Allar smá-
auglýsingar
einnig frítt í
viku á **visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á **VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

Er fasteignin þín að seljast?

35%

Fréttablaðið

20%

Mbl.

80% fleiri lesa
fasteignablað Fréttablaðsins



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með því að auglýsa í fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að **35%** fólks á aldrinum 25 - 54 ára á höfuðborgarsvæðinu les **Allt - fasteignir**, sem berst frítt með Fréttablaðinu á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Morgunblaðsins. Allar eignir eru einnig skráðar á **visir.is**.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

Hvar birtist auglýsingin þín?

allt-fasteignir

- mest lesna fasteignablaðið



Málfrelsi og siðferði

Ef málfrelsi ríkir og allir mega tjá skoðanir sínar, má ég þá predika hið gagnstæða?

Hægt er að skilja þessa spurningu á tvo vegu: Annars vegar getur þetta verið spurning um hvort halda megi fram skoðunum sem eru andstæðar skoðunum annarra. Hins vegar getur spurningin verið um hvort leyflegt sé að predika skoðun sem er gagnstæð málfrelsi, til dæmis þá skoðun að málfrelsi skuli skert eða afnumið. Í báðum tilvikum er svarið: Já, það er í flestum tilvikum löglegt.

Hvað felst í málfrelsi?

Málfrelsi felur í sér að menn megi segja hvað sem þeir vilja bæði í ræðu og riti, á opinberum vettvangi jafnt sem í lokuðum hópi. Málfrelsi felur hins vegar ekki í sér að menn eigi rétt á að nokkur gefi orðum þeirra gaum eða taki mark á þeim. Menn sem njóta málfrelsis mega mótmæla skoðunum okkar, hvetja aðra til að hlusta ekki á okkur eða trúa ekki því sem við segjum. Siðferði krefst þess að menn gæti þess að segja satt, varist að bera út róg eða lygar um náungann og sýni kurteisi og tillitssemi. En það er alls ekki nein siðferðileg skylda að samþykkja skoðanir annarra eða jánka öllu sem sagt er. Ef einhver heldur fram skoðun sem ég álít að sé óskynsamleg og jafnvel hættuleg getur þvert á móti verið siðferðileg skylda mín að andmæla henni kröftuglega.

Þar sem fullt málfrelsi ríkir leyfist mönnum að halda fram röngum skoðunum. Sá sem gerir þetta vísvitandi breytir þó rangt í siðferðilegum skilningi. Í flestum tilvikum er samt ekki um lögbrot að ræða og oftast lítið að óttast því málfrelsið leyfir öllum hinum að andmæla vitleysunni. Samkvæmt lögum er málfrelsi þó ekki svo algert að menn megi segja hvað sem er. Til dæmis er bannað að bera rangar sakir á aðra eða blekkja kaupanda með því að segja að gölluð vara sé í góðu lagi eða hringja í neyðarlínuna og ljúga því að slys hafi átt sér stað.

Skorður við málfrelsi umdeildar

Bann við meiðyrðum og háskalegum blekkingum er líft eða ekki umdeilt. Minni einhugur er hins vegar um ýmsar aðrar skorður við málfrelsi sem hafa verið leiddar í lög, til dæmis bann við niðrandi ummælum um kynþætti eða minnihlutahópa, eða við því að mæla með neyslu fíkniefna. Sjónarmið af þessu tagi hafa þó haft áhrif á löggjöf á seinni árum samanber til dæmis 6. grein laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir númer 95 frá 2001 þar sem ýmisleg umfjöllun um einstakar tóbakstegundir er bönnuð.

Úr því Alþingi setur lög sem takmarka málfrelsi þá hlýtur að vera löglegt að mæla með slíkum takmörkunum og halda fram skoðunum í þá veru að þær skuli auknar. En þótt þetta sé tvímæla-laust löglegt má efast um að það sé skynsamlegt eða siðferðilega rétt.

Rök gegn röngum skoðunum

Ef skoðun er röng þá þarf varla að banna mönnum að halda henni fram. Það er hægt að andmæla henni með rökum sem duga til þess að fólk hafni henni. Ef rök duga ekki til að menn hafni skoðun þá er ástæðan oftast nær sú að rökin séu ekki fullkomlega

sannfærandi og á því leiki vafi hvort skoðunin sé í raun og veru röng.

Í einhverjum tilvikum kann þó að vera um það að ræða að fólk vilji ekki hlusta, eða nenni ekki að hlusta á rök og gíni þess vegna við vitleysu sem til eru fullgild rök gegn. Væntanlega hafa þeir sem vilja takmarka málfrelsi einkum í huga dæmi af þessu tagi og vilja þess vegna draga úr möguleikum einhverra (til dæmis tóbaksframleiðenda eða kynþáttahata) til að hafa áhrif á fólk með áróðri.

Bann getur haft öfug áhrif

Ýmis rök mæla gegn því að takmarka málfrelsi á þeim forsendum að banna verði málflutning af einhverju tagi, því skynsamleg rök gegn honum dugi ekki eða nái ekki eyrum fólks. Í fyrsta lagi er hætt á að bann við því að halda fram einhverri skoðun verði til þess að mönnum þyki hún spennandi og merkileg og dáist að þeim sem brjóta bannið. Slíkt bann getur því allt eins haft þau áhrif að fylgi við vitlausa skoðun vaxi eins og að það minnki.

Í öðru lagi ber öllum, þar á meðal löggjafa, siðferðileg skylda til að koma fram við aðra menn sem vitsmunaverur og virða rétt þeirra til að vega og meta á eigin forsendum hverju skuli trúa og hverju ekki. Sé bannað að birta mönnum einhverja skoðun þá er þeim ekki treyst til að vega og meta rök í málinu og taka sjálfir skynsamlega afstöðu og þá má efast um að þeim sé sýnd sú virðing sem menn eiga að bera hver fyrir öðrum.

Atli Harðarson, heimspekingur og kennari við Fjölbautaskóla Vesturlands.



Er til trúartákn í islam hliðstætt krossinum í kristinni trú?

Ekkert slíkt tákn er í trúarbrögðum múslíma. Þó er mánasigð og stjarna gjarnan talin svara til krossins og oft kallað íslamski hálfmáninn. Til dæmis er Rauði hálfmáninn tákn hjálparstarfs Rauða krossins í löndum íslam.

Í átrúnaði múslíma er þó ekki talað um mánasigðina sem slíkt tákn, enda var hún fyrst notuð í Ottómanríkinu og talið er að hún hafi fyrst verið sett í fána ríkisins eftir fall Konstantínópel árið 1453. Í hugmyndaheimi íslam er tunglið tákn tímans og árinu er skipt í tunglmánuði. Mánasigðin er tákn vaxandi tungls, al-hilal.

Í moskum er ætíð útskot, eins konar skápur, sem sýnir í hvaða átt hin helga borg Mekka er, en þangað skuli trúaðir snúa andlitinu er þeir biðjast fyrir. Þetta kallast mihrab og er eftirmynd hellis þar sem áður var beðist fyrir. Við hlið mihrab er pallur, mimbar, þar sem kennimaður stendur er hann ávarpar fólkið í moskunni. Í hvolfþaki moskanna er mánasigð grópuð og bendir til Mekka. Samkvæmt íslam má ekki hafa myndir í moskum en þess í stað eru skrautrituð vers úr Kóraninum upp um alla veggi.

Haraldur Ólafsson mannfræðingur, fyrrv. prófessor í mannfræði við HI.

Styrkir

vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífínu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífínu.

Við úthlutun úr starfsmenntasjóði á árinu 2006 hefur Starfsmenntaráð ákveðið, að ekki verði að þessu sinni lögð áhersla á tiltekin verkefni eða málaflokka. Verkefni sem fela í sér frumkvæði og nýsköpun í starfsmenntun og sem líkleg eru til að efla viðkomandi starfsgrein eða atvinnusvæði munu njóta forgangs til styrkja umfram önnur. Þá er áhersla lögð á að verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undibúin og umsóknir vandaðar.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimasíðu Starfsmenntaráðs

www.starfsmenntarad.is

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs.

Landgræðsla ríkisins auglýsir til umsóknar, styrki úr Landbótasjóði.

Landeigendur, félagasamtök og aðrir umráðahafar lands geta sótt um styrk úr Landbótasjóði. Þau verkefni sem hæf eru til að hljóta styrk úr sjóðnum þurfa að falla að markmiðum og áherslum landgræðsluáætlunar 2003 – 2014.

Áhersla verður lögð á að styrkja m.a.:

- Landbætur sem viðurkenndar eru af Landgræðslu ríkisins, þ.m.t. stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, uppgræðsla og skipulag landnýtingar.
- Bætta beitarstjórnun á afréttum og öðrum sameiginlegum beitar svæðum þ.m.t. friðun viðkvæmra svæða og rofsvæða svo og afmörkun á beitarhæfum svæðum.

Heildarframlag í Landbótasjóð á árinu 2006 er 17 milljónir kr. Hámarksfjárhæð styrks getur numið allt að 2/3 kostnaðar vegna vinnu, tækja og hráefnis.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur fyrir Landbótasjóð eru á heimasíðu Landgræðslu ríkisins (<http://www.land.is>). Einnig er hægt er að fá eyðublöð, úthlutunarreglur og nánari upplýsingar á héraðssetrum Landgræðslunnar og í Gunnarsholti, Rangárvöllum.

Skila skal umsóknum til Landgræðslu ríkisins rafrænt eða í pósti fyrir 15. mars 2006.

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanfórnu eru: Hvenær barst núllið til Íslands og hvaða talnakerfi notuðu norrænir menn fyrir tilkomu núllsins, hver er munurinn á engli og erkiengli, hvernig stofnar maður félag, til dæmis rithöfundafélag, er hægt að lýsa lit, gætu vísundar lífað villtir í íslenskri náttúru og hvernig skynjum við með húðinni? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is

Flýja land í von um atvinnu

Atvinnuleysið í Litháen er gríðarlegt og unga fólkið flýr land í stórum stíl í von um atvinnu. Lægstu launin innan Evrópusambandsins eru í Eystrasaltslöndunum. Þegar þeirra þurfa ekki mikið til, til að fá betur launaða vinnu en bíðst heima, þar sem algeng laun eru sem svarar um 25 þúsund krónum á mánuði.

Atvinnuástandið er bágborið í Litháen. Atvinnuleysið er gríðarlegt og mikill munur er á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Atvinnuleysið er minna í Vilnius, kannski um fimm prósent, en úti á landi er víða fimmti hver íbúi án atvinnu, efn það er þó ekki samkvæmt opinberum tölum.

Sergejus Glovackas, framkvæmdastjóri litháíska alþýðusambandsins, segir að stór hluti atvinnuleysisins sé falinn, til dæmis í landbúnaði, þar sem sjálfsþurftarþúskapur er oft stundaður og fólk á varla til hnifs og skeiðar.

Meðallaunin eru lág í Litháen.



FRÉTTABLAÐIÐ
Í LITHÁEN

GUÐRÚN HELGA
SIGURÐARÐÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Sergejus telur að meðallaunin séu um 400 evrur á mánuði eða rétt rúmar 30.000 krónur, lægstu launin eru varla hærri en 12.300 krónur. Verslunarmenn fá um 19.000 krónur á mánuði og iðnaðarmenn 23.000 krónur. Fólk í fjármálaheiminum fær um 46.000-54.000 krónur á mánuði og þykir það gott. Sergejus vonast til að Litháar hætti að flýja land þegar launin verða komin á svipað stig og laun í öðrum löndum Evrópusambandsins.

Sergejus segir vinnuþéttunni einkennast af brotum á réttindum fólks. Vinnuveitendur ákveði launin einhliða og láta fólk vinna yfirvinnu án greiðslu. Ekkert er sagt af ötta við að missa vinnuna. Ríkisstjórnin hefur reynt að hafa áhrif á málin en það hefur ekki skilað neinu, meðal annars vegna þess hve verkafélögin eru veik. „Kannski verður þetta betra eftir fimm ár,“ segir hann. Sergejus segir að dregið hafi úr atvinnuleysinu síðustu árin vegna þess hversu margir hafa flutt úr landi en flestir vilja komast til útlanda til að vinna og búa í haginn fyrir sig og fjölskyldu sína. Gildir þá einu á hvaða aldri fólk er.



SERGEJUS GLOVACKAS
Framkvæmdastjóri
litháíska alþýðusam-
bandsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN

Sergejus sér um tengslin við verkafélöshreyfinguna á Norðurlöndunum og tekur virkan þátt í að byggja upp verkafélöshreyfinguna í Litháen. Margir Litháar sem eru á leið utan hafa líka samband við hann til að spyrjast fyrir um vinnuþéttunni og fá upplýsingar um rétt sinn og skyldur erlendis, til dæmis vinnutíma og laun. Hann segir að verkafélöshreyfingin sé veik. Aðeins um tíu prósent af vinnuafninu sé í verkafélöshreyfingum og ástæðuna megi rekja til sovétímans þegar verkafélöshreyfingum var vantroyst. Eftir að sjálfstæði fékkst í byrjun tíunda áratugarins voru félögin lögd niður og er því verið að byggja þau upp á nýjan leik. Það er gert með aðstoð norrænu verkafélöshreyfingarinnar.

„Fólk er ekki hrifið af verkafélöshreyfingum. Það telur sig betur komið án þeirra. Það vantar eitt-hvað í þetta samfélag, fólk trúir ekki á nein samtök, það trúir ekki á samtakamáttinn,“ segir Sergejus.

Litháar eru tæpar fjórar milljónir, þar af búa um 800 þúsund í höfuðborginni Vilnius. Tíundi hluti vinnuafnsins vinnur erlendis, langflestir í Noregi en margir líka í Bretlandi, á Íslandi og Norðurlöndunum. Ekki er vitað hversu margir Litháar hafa sótt vinnu til Íslands en þó eru þeir í hópi fjölmennustu þjóða sem vinna á Íslandi.

Erlendar fjárfestingar hafa verið miklar í Litháen síðustu sex til átta árin. Útlendingar eiga um 95 prósent af fjármálaheiminum, Svíar og Finnar eiga fjarskiptamarkaðinn, Danir og Svíar eiga matvælaframleiðslufyrirtækin og skandinavísk fyrirtæki eiga hótél og þjónustufyrirtæki. Sergejus telur að Norðurlandabúar standi fyrir sjötíu prósentum af fjárfestingum í Litháen. „Það er stundum erfiðara að eiga við norræna vinnuveitendur en innlenda því þeir koma hingað og halda að þeir geti gert það sem þeir vilja. Þetta er oft mjög erfitt. Kapítalisminn er svo villtur hérna,“ segir hann. ■



DYR MORGUNROÐANS Eitt sinn var þetta borgarhlíð Vilnius, höfuðborgar Litháens. Fjölmargir Litháar leita til annarra Evrópulanda í leit að vinnu í von um hærri laun til að sjá fyrir fjölskyldunni heima fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

Eins og ein fjölskylda

Íslenska félagið Litis á 37 apótek undir heitinu Farma og Lucerna í Litháen. Starfsmennirnir eru 105. Kristina Sutkaityte, starfsmannastjóri Farma, segir að starfsmenn Farma séu betur borgaðir en starfsmenn annarra apóteka.

Rima Markuviene apótekari og Irma Pucklevic lyfjateknir hafa unnið hjá Farma í Vilnius í þrjú ár. Þær unnu áður hjá öðru apóteki en vinur mælti með Farma við Rimu. Hún fékk Irmu einnig til að koma til Farma. Rima stýrir daglegu starfi í þessu litla en snyrtilega apóteki sem er í einu af úthverfum Vilnius og Irma er staðgengill hennar og næstráðandi. Starf þeirra felst í að panta lyf, sjá um bókhald og aðra pappírsvinnu, selja lyf og eiga í samskiptum við viðskiptavinum. „Við vinnum vel saman og treystum hvor annarri,“ segja þær.

Apótekið er í gömlu úthverfi Vilnius, hverfi með sviplausum blokkum frá sovétímanum. Meirihluti íbúanna er eldri borgarar. Foreldrar Rimu búa í nágrenninu og hún er alin upp þarna. Lágtekjufólk og atvinnulausir búa í hverfinu



IRMA OG RIMA Báðar hafa þær unnið hjá Farma í Vilnius í þrjú ár. Rima stýrir daglegu starfi í apótekinu en Irma er staðgengill hennar og næstráðandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN

og það er fólk af ýmsum þjóðernum, til dæmis Rússar og Pólverjar.

Mikið er um glæpi. Rima segir að gamalt fólk leiti alltaf öðru hverju inn í apótekið þegar ráðist hefur verið á það eða eigum þess stolið á götunni fyrir utan.

Verkalýðsfélög eru ekki ofarlega í huga Irmu og Rimu, en þó er Irma í félagi lyfjatekna. Ástæðan er sú að fyrir nokkrum árum átti að breyta lögunum og gera lyfjateknum ókleift að halda starfi sínu í apótekum. Lyfjateknar ákváðu fyrir einu ári að stofna félag til að berjast gegn þessu, enda hefðu þeir flestir misst vinnuna. Lögin hafa verið samþykkt en ákvæðinu um lyfjateknana hefur verið frestað.

„Með lögunum varð árekstur milli lyfjatekna og annarra sem vinna í lyfjabúðum. Með lögunum átti ekki að leyfa lyfjateknunum að selja lyfin. Félagið var stofnað til að berjast gegn því. Það hefur ekki áhuga á launakjörum lyfjatekna. Það skiptir sér heldur ekki af aðstæðum á vinnustað,“ segir Irma. Þegar þær eru spurðar um kjör sín segja þær það vera trúnaðarmál.

Kristina Sutkaityte, starfsmannastjóri Farma, hefur bæst í hópinn og hún segir að tölfræðilega séu launin um 1.200 litas, um 27.300 krónur. Eftir skatta séu útborguð laun að meðaltali um 850 til 900 litas sem gerir um 18.700

til 20.500 krónur. Hún segir launin hjá Farma vera mun hærri. Mikil samkeppni er í lyfjageiranum og fyrirtækið borgi betur til að laða fólk til Farma. Andinn hjá fyrirtækinu sé góður og Irma og Rima

KAUPMÁTTUR LAUNA Í LITHÁEN

Jafnvel þótt meðallaun í Litháen séu ekki nema brot af meðallaunum á Íslandi, í krónum talið, verður að hafa í huga að verðlag í Litháen er mun lægra en á Íslandi. Verðlag árið 2003 var um 48 prósent af meðaltali Evrópusambandslandanna, en 128 prósent á Íslandi. Þjóðartekjur á mann í Litháen, þegar tillit er tekið til kaupmáttar, var 46 prósent af meðaltali Evrópusambandsríkjanna. Á Íslandi voru þjóðartekjur á mann, með tilliti til kaupmáttar, 119 prósent af meðaltali ESB-landanna. Af þessu sést að kaupmáttur meðallauna í Litháen er um helmingur af kaupmátti meðallauna í Evrópusambandinu í heild.

segja að starfsmennirnir standi saman eins og fjölskylda. Starfsmennirnir skiptist í hópa eftir aldri og þeir eldri séu duglegir að gefa þeim yngri góð ráð.

Kristina segir að yfirmenn apótekanna hittist öðru hvoru til að ræða saman, haldið sé upp á afmæli með blómasendingum til starfsmanna og svo komi allir saman á annan í jólum. ■

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

KYNNINGARVERÐ
3.970.000

STÓRSÝNING
UM HELGINA
laugardag 12-16
sunnudag 13-17

GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

ARNAR KRISTÍN

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

VÍKUR
V · E · R · K

Ótrúlegt verð



Whirlpool

Kælskápur Kombi

- 187 cm kælskápur með frysti
- 302 lítrar
- Kælir 210 lítrar
- Frystir 86 lítrar
- 2 hurðir
- Frystir fyrir ofan kæli
- Orkunýting A
- Hljóð: 38dB
- 4 glerhillur í kæli
- Mál (hxbxd): 187x60x61

TILBOÐ

59.990_{kr}

Verð áður 74.990,-



Whirlpool

Kælskápur Kombi

- 168 cm kælskápur með frysti
- 276 lítrar
- Kælir 210 lítrar
- Frystir 50 lítrar
- 2 hurðir
- Frystir fyrir neðan kæli
- Orkunýting A
- Hljóð: 38dB
- 4 hillur í kæli
- Mál (hxbxd): 168x60x62

TILBOÐ

46.990_{kr}

Verð áður 59.990,-



VESTFROST

Frystikista 247L A+

- 247 lítra vönduð frystikista með A+ orkunýtingu og því eins hagkvæm í rekstri og kostur er á
- Innri klæðning er úr áli
- 1 karfa og ljós eru í kistunni
- Mál (hxbxd): 86x113x65

TILBOÐ

29.990_{kr}

Verð áður 39.990,-



Indesit

Pvottavél 5kg 1200sn

- 1200 snúninga og 5kg þvottavél
- Evolution stafrænn upplýsingaskjár
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Hitastillir 0-90°C
- Hámarksvinda 1200 snúningar
- Tekur 5 kg af þurrum þvotti
- Ullarvagg/handþvottur
- Time4You, 4 hraðakerfi
- Sport, kerfi fyrir skó og íþróttafatnað
- Þvottahæfni A
- Orkunýting A+
- Vinduhæfni B

TILBOÐ

34.990_{kr}

Verð áður 46.990,-



9.990_{kr}

Exido hrærivél

4,4 lítra hrærivél
2 skálar, 4,4 l og 2,1 l
Tveir mótorar
Snúningsskál



2.990_{kr}

Exido blandari

2 hraðastillingar og púls
möguleiki. Innbyggður
öryggisrofi



1.490_{kr}

Melissa samlokugrill

Einfalt samlokugrill fyrir
2 sneiðar, hvítt á lit



3.990_{kr}

Melissa matvinnsluvél

500w matvinnsluvél með mörgum
möguleikum
1,4l skál og 1,2l blandari
2 hraðastillingar með púls
Hnífur úr ryðfríu stáli
Margir aukahlutir

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

TRYGGJU LÆGRA

GLÆSILEGT
ÚRVAL AF
LJÓSUM!

46%
afsláttur

1.190

2.154

Vnr.51353006

Loftloft

SANTA loftljós króm,
kantað 28 cm.

690

950

Vnr.51085051

Kastari

Halogen kastari
1/4GU10 50W.

VERÐ
VERND

BYKO

2.990

3.950

Vnr.51085045

Kastari

Halogen kastari
4XGU10 50W.

UM VERÐ!



Vnr.51352100

Loftljós

BONALUX loftljós, gler með
tíglamynstri, E27, 60W.

Hámark 5 á mann.

Gildir á meðan birgðir endast.

**SÚPER
VERÐ**
takmarkað magn!

290

~~890~~

25%
afsláttur
af öllum OSRAM
perum!*

Gildir aðeins um helgina

**Gildir ekki með öðrum tilboðum!*



BYGGIR MEÐ ÞÉR

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

Hin lífsglaða Lafði Dench

Kvikmyndin Mrs. Henderson Presents fékk tvær tilnefningar til Óskars-verðlaunanna í ár. Fyrir búningahönnun, auk þess sem Judi Dench fær tilnefningu fyrir leik sinn í aðalhlutverki. Birgir Örn Steinarsson hitti leikkonuna í London og spjallaði við hana um Óskarsverðlaunin, nekt og hina stórkostlegu Mrs. Henderson.

Stórleikkonan Judi Dench hlaut á dögum sjöttu tilnefningu sína til Óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í Mrs. Henderson Presents þar sem hún fer með titlhlutverkið. Hún hefur aðeins einu sinni unnið, en það var árið 1999 fyrir túlkun sína á Elísabetu Englandsdrottningu í myndinni Shakespeare in Love. Auk þeirra hefur hún unnið BAFTA-verðlaunin fimm sinnum og Golden Globe styttna tvisvar, svo fátt eitt sé nefnt.

Hugur hennar virðist ekki læstur á það hvort hún vinni eða ekki. Hún hlakkar nú bara mest til þess að mæta á staðinn og sjá allar kvikmyndastjörnurnar með berum augum eins og hver annar aðdáandi. Hún verður 72 ára á þessu ári, en það er ekki að sjá á henni. Talandi hennar og nærvera minnir meira á lífsglaða menntaskólastúlku.

„Ég verð svo rosalega stjórnudofin,“ segir Lafði Judi Dench og hlær að vitleysunni í sjálfri sér. „Ég fór með eiginmanni mínum tvisvar og svo dóttur minni í hin skiptin, eftir að hann dó. Maður gengur þarna um eins og geðsjúklingur, skjálfaði á beinunum innan um allar þessar stjórnur. Dóttir mín dýrkar Antonio Banderas og síðast kom hann til okkar og það um sígarettu. Hún gat varla talað eða tekið í höndina á

honum. Yndisleg örlög að hann skyldi hafa nálgast hana. Þetta er frábær hátíð sem fer gjörsamlega yfir strikið. Fólk byrjar að taka sig til klukkan sjö um morgunin. Lagar neglurnar, tennurnar, hárið og allt saman.“

Heldurðu að þú farir í ár?

„Hver veit? Kannski verð ég í Prag að taka upp nýju James Bond-myndina?“

Já, þú leikur M, yfirmann Bonds, hvernig list þér á Daniel Craig sem tekur nú við af Pierce Brosnan?

„Ég þekki hann bara ekki neitt. Hef aldrei séð hann leika.“

Hafðir þú strax áhuga þegar þér var boðið hlutverk í James Bond?

„Já, maður er náttúrliga mjög uppi með sér að vera beðin um að fá að leika í James Bond-mynd. Eiginmaður minn var líka virkilega spenntur yfir því að konan hans yrði Bond-stúlka.“

Vinnusjúka ekkjan

Það virðist ekki vera erfitt að ná Judi Dench á skrið. Hún virkar óvenju opin og maður ímyndar sér að það sé ómögulegt að hneyksla þessa kjarnorkukonu. Henni hefur þó líklegast ekki blöskrað öll nektin sem er í Mrs. Henderson Presents, en myndin segir frá því þegar naktar stúlkur birtust fyrst á leiksviði í Bretlandi á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Það gerðist í Windmill-leikhúsinu í

hluta Soho sem er í dag þekktastur fyrir strippbúllur. Lundúnabúar eiga Mrs. Henderson að þakka þetta framtak. Hún ýtti þannig af stað byltingu sem átti eftir að opna Bretland fyrir möguleikum sem þeir voru áður of siðprúðir til þess að þora að kanna.

„Það var vegna vináttu hennar við Lord Chamberlain sem hún fékk leyfi fyrir því að setja allsberar stúlkur á breskt svið,“ útskýrir Judi. „Leikhúslífið var mun strangara hérna í gamla daga. Þegar ég hóf minn leiklistarferil voru strangar reglugerðir Chamberlains enn yfirvofandi. Handrit voru ritskoðuð og sýningum breytt á síðustu stundu.“

Kunnir þú betur við að leika Mrs. Henderson en önnur hlutverk þín til þessa?

„Ég veit ekki hvort ég kunni neitt betur við hana en ég held að ég hafi skilið hana betur en aðrar. Þar sem hún var ekkja skil ég vel þá hvöt hennar að vilja gera sem mest til þess að lifga upp á tíma sinn.“

Er það eins með þig?

„Já, frá því að eiginmaður minn dó hef ég lítið sem ekkert hvílst. Ég vil bara ekki stoppa. Þetta er eins og eiga bíl og vilja ekki drepa á honum. Ef ég væri fertug myndi ég kannski taka mér eitthvert frí, en ég er það ekki lengur. Ég er sjötug. Þess vegna hef ég ekki efni á því að slökkva á bílvélinni og sitja í bílnum. Því um leið og ég geri það, er alveg líklegt að bíllinn fari ekki í gang aftur.“

Er þetta þá lífsþorsti eða undankomuleið frá einhverjum sársauka?

„Þetta er ekki undankomuleið. Ég tel mig ótrúlega lánsama að geta verið í vinnu sem ég hef unnað jafnmikið. Það er líka gjöf að fá að vinna með fólki sem ég dá. Frú Henderson missir alla fjölskyldu sína og skapar sér nýja með Windmill-leikhúsinu. Ég á dóttur og barnabarn, en líf mitt er mjög bundið því fólki sem ég dá og vinn með. Og það er heill hellingur af því. Ég er mjög heppin að fá að vera að vinna.“

Hvernig fannstu upplýsingar um Mrs. Henderson?

„Ég talaði við marga vini og ættingja hennar. Ég spjallaði líka við sumar stúlkurnar sem komu



wfram naktar í leikhúsinu. Þær eru níraðar núna, með ótrúlegan sjarma. Þær sögðu að hún hefði séð um þær eins og móðir. Hún passaði upp á þær, borgaði fyrir brúðkaup og svoleiðis. Atriðin í myndinni þar sem hún er að dulbúa sig og stelast í leikhúsið til þess að sjá hvernig allt gengur, gerðust í raun og veru. Hún fór inn til þess að ganga úr skugga um að starfsfólk sitt fengi góða meðferð frá Van Damm. Þetta er stórkostleg saga sem er vel þess virði að segja. Það er frábært að fólk fái að vita af henni. Almenn-ingur hér vissi af Vivian Van Damm og Windmill-leikhúsinu, en aldrei fyrr hefur saga hennar verið sögð.“

Að koma nakin fram

Hér áður fyrr voru Bretar þekktir fyrir feimni og ýkt siðgæði þegar kom að kynlífi. Í dag opnar maður varla dagblað án þess að sjá berbrjósta stúlkur strax á síðu 3. Judi heldur því þó enn fram að Bretar eigi langt í land í þessum efnum.

„Nánast allir sem hafa séð myndina hafa fundið hjá sér þörf fyrir að nefna við mig að Bob Hoskins skuli koma nakinn fram. Það var vissulega spennandi. Allir strákarnir gátu horft stanslaust á stelpurnar flesta dagana, en við stelpurnar höfðum ekkert. Ég leit eftir Will Young þegar við tókum senuna þar sem allir striplast en hann faldi sig á bak við hluta af sviðsmyndinni. Svo þegar ég leit til hliðar stóð Bob þarna með allt úti.“

Hefðir þú þorað að koma nakinn fram í myndinni?

„Já, ég hefði það. Ég kom fram allsber í myndinni Langrishe Go Down á móti Jeremy Irons. Fyrir stuttu birtist fáránleg frétt í einhverju blaðinu hérna sem hélt því fram að ég væri mjög miður mín vegna þess að það væri verið að sýna myndina einhvers staðar í dag. Ég var ekkert miður mín. Ég hafði ekki einu sinni hugmynd um að það væri möguleiki á því að hún yrði sýnd einhvers staðar.

Ég leit rosalega vel út á þessum tíma.“

Bob Hoskins segir að þú finnr ennþá fyrir óöryggi sem leikkona?

„Já, það er kannski einmitt ástæðan fyrir því að ég er leikkona.“

Hvað áttu við?

„Ég er stundum beðin um að halda fyrirlestra eða eitthvað álíka en ég hafna því alltaf. Ég gæti bara ekki staðið fyrir framan fjölda fólks og haldið ræðu. Ég get talað við fólk og svarað spurningum. Fólk dregur þá ályktun að sé maður leikari og feiminn eða óöruggur, þá sé maður að fela sig á bak við eitthvað. Ég lít ekki á þetta þannig. Mér finnst frekar eins og maður sé að stíga inn í eitthvað til þess að finna sig betur.“

Þú gerir þér grein fyrir því að þú ert orðin að tákni í breskri kvikmyndasögu?

„Það er eitthvað hryllilegt við þá tilhugsun. Ég kann ekki við það. Ég er bara leikkona sem var mjög heppin og fékk að leika mikið á sviði. Kvikmyndaleikur var bara eitthvað sem kom til mín, ég sóttist í rauninni aldrei eftir honum. Ég elska leikhúsið meira en allt og ætla að eyða öllu næsta ári í sviðsleik.“

Hvað gerir einhvern að góðum leikara?

„Ég er mikill aðdáandi Johnnys Depp, Ians McKellen og Bobs Hoskins. Maður þarf að trúa að leikararnir séu þær persónur sem þeir eru að leika en ekki þeir sjálfir. Það skiptir líka máli hvernig leikarar ná saman. Það er til dæmis stór hluti af þessari mynd hversu vel við Bob náum saman. Maður gat ekki beðið eftir því að leika atriðin, stundum leið manni eins og leikstjórinn væri bara fyrir. Það er ótrúlegt lán að það skuli vera svona gott samband á milli okkar því ef það hefði ekki verið til staðar, þá hefðum við þurft að leika það.“

Notarðu sjálf nafnbótina Lafði?

„Nei, aldrei sjálf. Mér finnst Lafði Dench hljóma skondið,“ segir hún, endurtekur orðin „Lafði Dench“ og fliissar.

biggi@frettabladid.is



ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR JUDI DENCH

1998 - Mrs. Brown, fyrir leik í aðalhlutverki.

1999 - Shakespeare in Love, vann styttna fyrir leik í aukahlutverki.

2001 - Chocolat, fyrir leik í aukahlutverki.

2002 - Iris, fyrir leik í aðalhlutverki.

2006 - Mrs. Henderson Presents, fyrir leik í aðalhlutverki.



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneyttinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir

kr. 1.930.000

Bílasamningur / Bílalan

kr. 20.426 á mánuði*

B & L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með allskonar fíneri sem hinir hafa ekki



Renault Megane II Sport Tourer, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjórnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánslutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.

VEGNA FLUTNINGA:

ALLSHERJAR

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

Ótrúlegt úrval af heimilisvörum á ævintýranlegu verði!

Búsáhöld, matvörur, gjafavörur, sælgæti, matarstell, eldhúsahöld,
pottar, hnífapör, glös, stígvél, leikföng og margt fleira!

AÐEINS NOKKRIR DAGAR EFTIR!

20-50% aukaafsaláttur af öllum sérvörum!
50% aukaafsláttur af öllum matvörum!
30% aukaafsláttur af öllu sælgæti!

nammidagar!

Laugardagar og sunnu-
dagar eru nammidagar
há okkur...öll börn fá
gefins nammi um helgar.

LUKKUHJÓLIÐ

Allir sem versla fyrir
meira en 10.000 krónur
fá að snúa lukkuhjólinu
og geta unnið glæsilega
vinninga – Engin núll!



Opið alla daga frá 11-19



INDIGO Dúettinn Indigo heldur tónleika í Gallerí Humar eða frægð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dúettinn Indigo með tónleika

Alt-kántrí dúettinn Indigo heldur stutta tónleika í Gallerí Humar eða frægð á Laugaveginum í dag. Tónleikarnir hefjast klukkan 15.00 og er frítt inn.

Indigo byrjaði sem sólóverk-efni Ingólfs Þórs Árnassonar seint á síðasta áratug. Fyrir örfáum árum fékk Ingólfur, eða Ingó eins og hann er kallaður, til liðs við sig Völu Gestsdóttur, söngkonu og

víóluleikara og síðan þá hefur Indigo verið dúett. Saman semja þau öll lög og útsetja á sinn seiðandi og angurværa hátt. Hefur tónlist þeirra verið líkt við Ninu Simone, Jeff Buckley, Neil Young, Billie Holiday, Elliott Smith og Wilco.

Indigo vinnur nú að sinni fyrstu plötu sem á að koma út með vorinu. Áður hafa komið út tvær þröng-skífur með sveitinni.

Sex danskar bætast við

Tilkynnt hefur verið um sex danskar hljómsveitir og tónlistarmenn sem munu spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

Jens Umack, L.O.C., Hate-shpere, Magtens Korridor, Rumpistol og Spleen United hafa allar bæst í hópinn. Áður höfðu þekkt nöfn á borð við Franz Ferdinand, Kanye West og Tool staðfest þátttöku sína, ásamt hinni efnilegu dönsku sveit Volbeat.



HATESPHERE Rokksveitin HateSphere hefur bæst við hópinn á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

Yamaha sýning á Motocross- og Enduro hjólum árgæð 2006.

Opið um helgina:
Laugardag kl. 12:00 – 16:00.
Sunnudag kl. 13:00–16:00.

Komdu og sjáðu bestu Enduro kappa landsins sýna hvernig Yamaha hjólin virka við erfiðustu aðstæður í alvöru sérútbúinni Enduro braut í landi Lunds við Nýbýlaveg, beint á móti Toyota. Sýningarnar verða tvær kl. 12:30 og kl. 13:30.



VISA: Möguleiki á allt að 100% láni.



- Í salnum okkar að Nýbýlavegi 2:
- Heimsækið Yamaha keppnisliðið í motocrossi í sýningarsalnum okkar.
 - Yamaha liðið aðstoðar viðskiptavinum okkar við val á hjóli og veitir faglega ráðgjöf.
 - Tilboð á startpökkum á fatnaði og hlífðarfatnaði fyrir vélhjólamenn.
 - Útsala á notuðum Motocross- og Enduro hjólum.
 - Veitingar í boði.

Allir velkomnir.

Nýbýlavegur 2 · 200 Kópavogur
Sími: 570 5340 · Fax: 570 5341
yamaha@yamaha.is · www.yamaha.is



Takið þátt, kjósið, stjórnið ykkar borg!



StefánBenediktsson

- Kæru Reykvíkingar!
- Takið þátt í prófkjöri samfylkingarinnar í dag og á morgun
- Kjósið fólk sem hefur margt til brunns að bera og vill nýta krafta sína í þágu okkar Reykvíkinga.
- Þið verðið að velja, kjósa.
- Ég er arkitekt og hef starfað sem kennari, þingmaður og þjóðgarðsvörður.
- Ég hef búið í Reykjavík, úti á landi og í útlöndum.
- Ég kem úr fjölskyldu þar sem flestir verða fjörgamlir og á fjölda barna.
- Ég er jafnaðarmaður með gagngera þekkingu á málefnum Reykvíkinga
- Reykjavík er rík borg sem dregur að erlenda listamenn og fjárfesta.
- Þessi þróttmikla borg okkar á spennandi erindi við framtíðina.
- Ég býð ykkur þjónustu mína þekkingu og reynslu í náttúruverndar-, mennta- og stjórnmálum, skipulagi og framkvæmdum.
- Komið og kjósið



VELKOMIN Í INTERSPORT

frábær kaup um helgina



6.990

VERÐ ÁÐUR **8.990**



Nike FUND TASLAN WARMUP Bómullarfóðraður ípróttagalli á herra. Litur: svartur, grár og blár. Stærðir: S - XXL kr. **6.990**



4.690

VERÐ ÁÐUR **5.990**



Nike W PW WARM UP Flottur polyester ípróttagalli á dömur. Litur: hvítur og svartur. Stærðir: XS - XL kr. **4.690**



1.690

VERÐ ÁÐUR **2.490**



Nike BAS EMBR TEE Bómullarbolur á herra. Litur: svartur, hvítur og grár. Stærðir: S - XXL kr. **1.690**



2.990

VERÐ ÁÐUR **3.690**



Nike LS COTTON TEE Síðerma bómullarbolur á herra. Litur: hvítur. Stærðir: S - XXL Kr. **2.990**



2.490

VERÐ ÁÐUR **2.990**




Nike LS ULTRA LIGHT Flottur langerma bolur á dömur. Þunnur og þægilegur. Litur: svartur og hvítur. Stærðir: XS - XL kr. **2.490**



100% ÖRYGGI

við lofum
þér lægra
verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. **Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.**



3.990
VERÐ ÁÐUR 5.490

NIKE W DART III Góðir æfingaskór á dömur. Litur: ljósblár/grár. Stærðir: 37 1/2 - 43 kr. **3.990**



5.990
VERÐ ÁÐUR 7.990

RYKA CHALLENGE Góðir æfingaskór á dömur með höggdempun í hæl ásamt góðum. Litur: hvítur. Stærðir: 38-43 kr. **5.990**

HÁGÆÐA SPORTFATNAÐUR

toppvörumerki



7.990
VERÐ ÁÐUR 9.490

NIKE W WARM UP Íþróttagalli á dömur. Netfóðraður og því þægilegur til æfinga. Litur: svartur. Stærðir: XS - L kr. **7.990**

NIKE FZ NO HOOD Þægileg rennd bómullarpeysa á dömur. Litur: svartur og hvítur. Stærðir: XS - XL kr. **3.990**



3.990
VERÐ ÁÐUR 4.990




NIKE W JACKET Flottur dömujakki. Litur: svartur og rauður. Stærðir: XS - XL kr. **5.990**

5.990
VERÐ ÁÐUR 7.990

 **INTERSPORT®**

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is

Stefán Jóhann Stefánsson

varaborgarfulltrúi og hagfræðingur



Velferð
Jafnrétti
Lífsgæði

3

Veljum Stefán Jóhann
í þriðja sætið

Prófkjör Samfylkingarinnar
í Reykjavík 11. og 12. febrúar.

www.stefanjohnn.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Hugarró í fæðingarorlofi

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR VILL ÁTAK Í DAGVISTUNARMÁLUM SMÁBARNNA



Ég var í minni-hlutaþópi í síðasta saumaklúbbi sem ég fór í. Ég er nefnilega ekki í fæðingarorlofi eins og þær flestar eru. Litlu ungarnir voru mættir með mæðrum sínum og voru auðvitað svakalega krúttlegir og samkoman var öll hin huggulegasta. Það er svo indælt að vera í fæðingarorlofi og við úti-vinnandi konurnar í hópnum gátum rifjað upp okkar nýafstöðnu fæðingarorlof. Það er semsagt mikið af litlum börnum í kringum mig. Minn vinahópur fylgir að mestu leyti því nútímatrendi að standa í barneign-

um á fertugsaldri og ekkert nema gott um það að segja. Við njótum til dæmis lengra fæðingarorlofs en áður þekktist og körlunum er boðið upp á fæðingarorlof líka. Það mætti reyndar að mínu mati lengja fæðingarorlof í eitt ár í stað þeirra níu mánaða sem það er í dag. Þá myndi líka sá tími styttest sem finna þarf gæslu fyrir ungviðið áður en það kemst á hefðbundna leikskóla.

Gæslumál ungbarna eru sannarlega mál sem þarf að leysa. Mér fannst satt best að segja dag-mömmuleitin ógurlega það leið-inlegasta sem ég lenti í í mínu fæðingarorlofi. Nafn sonar míns var komið á ýmsa biðlista hjá dag-mömmum hér og þar en þó fékk ég aldrei nein skýr svör hvenær hann

kæmist að hjá þeim, enda þær með krakka hjá sér sem ekki var vitað hvenær kæmust á leikskóla. Mín vandræði leystust fyrir mikla tilviljun. Ég hringdi í dagmömmu í hverfi langt frá heimahögum, þann sama morgun hafði losnað pláss hjá henni. Ég var heppin, en kerfi sem byggist upp á miklum tilviljunum er ekki gott.

Ég er því mjög ánægð með það að í prófkjörsbaráttu undanfarinna vikna hafa dagvistunarmál verið í umræðunni.

Það þarf að búa til gott kerfi fyrir litlu börnin því ótækt er að foreldrar séu með lífið í lúkunum allt fæðingarorlofið vegna þess að litli gullmolinn er ekki komin með dagvistun.

myndasögur


Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og pa

Eftir SÖB




Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Skiltagerðarmaður vanur óskast

Merkismenn ehf. óska eftir VÖNUM SKILTAGERÐARMANNI til starfa strax.

Æskilegt væri ef viðkomandi hefði á sínu valdi tölvukunnáttu og gæti unnið við helstu forrit s.s. Illustrator, Freehand og Photoshop. Hjá Merkismönnum er reglusemi, stundvísí og reykleysi í hávegum haft.

Skiltagerðarnemi

Merkismenn ehf. vilja ráða unga manneskju (17-23- ára) til starfa nú þegar.

Æskilegt væri að viðkomandi hefði áhuga á tölvum og væri laghent. Hjá Merkismönnum er reglusemi, stundvísí og reykleysi í hávegum haft.

Umsóknir sendist á netfangið gunnar@merkismenn.is

MERKISMENN 544 2030

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	9	1	4	7	6	2	5	8
4	8	7	2	1	5	6	9	3
6	2	5	8	3	9	4	1	7
7	4	6	9	5	8	3	2	1
1	3	9	7	4	2	5	8	6
2	5	8	1	6	3	7	4	9
9	7	3	5	2	1	8	6	4
8	6	2	3	9	4	1	7	5
5	1	4	6	8	7	9	3	2

4	7		2	8	5		3	9
5								1
		5		1		3		
	6	4	3		8	1	7	
		3		7		4		
1								8
6	2		4	9	1		5	3

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



Dýrslegar tölvur



TOSHIBA

PSM44E-00K00GED

Toshiba Satellite M40-276

Satellite

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Celeron® M 370
- 512MB DDR2 minni (Mest 2048MB)
- 80GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" WideScreen TruBrite (1280 x 800 upplausn)
- ATI Radeon® Xpress 200M
- Super DVD Multi brennari - Dual Layer
- VGA skjátengi, Sjönnvarpsútgangur
- i.LINK® (IEEE 1394) Firewire, 3x USB 2.0
- Harman Kardon víðöma hátalarar
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



Mest fyrir peninginn!



FYLGIR
1.999

2.870*

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

2.870*
Tölvukauplán 48 mán.

7.999**
Vaxtalaust 12 mán.

95.988
Staðgreitt

ATI skjástýring
DirectX 9.0 samhæf með PCI Express tækni.



Práðlaust net
Vélin er með innbyggðu práðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mbps staðallinn að sjálfsgöðu.



Celeron M
Nýji Celeron M örgjörvinn er byggður á Centrino tækni og afkastar mun meira en eldri Celeron örgjörvar



Tengdu við sjónvarp
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.



**Mánuð við 12 jafnar vaxtalaustar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldaðréf. 0,5% stimpilgjöld bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

MEDION

MD-41530
MEDION 30" LCD TV

- Upplausn 1280x720
- Mynd í Mynd (PIP)
- Contrast 500:1
- Birta 500cd/m2
- PC-inngangur / Tengir fyrir heymatöl



Þýsk gæði!



FYLGIR

Allur pakinn

Panasonic SCHT330

FYLGIR
34.999

Í hvaða stjörnumerki eruð þið?



30"
LCDsjónvarp

9.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

119.988
STADGREITT

149.967
HEILDARVERÐI

- Fjölkerfa
- Magnari 400W RMS
- Útvarp FM/AM RDS
- Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S- VCD/JPEG/MP3
- DVD-Audio
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

DVD veisla

BT

Nýir titlar



899



Kl. 13.00

Thor Vilhjálmsson flytur ásamt Eiríki Erni Pálssyni, Steef van Oosterhout og ítalska tónskáldinu Maurizio Pisati tónverkið Questio, sem Pisati samdi sérstaklega fyrir talrödd Thors, á tónleikum Myrkra músíkdaga í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð.

menning

menning@frettabladid.is

Nýsköpunarsýningu lýkur

Nú eru síðustu forvöð að bregða sér í Listasafn Íslands til þess að sjá sýninguna Ný íslensk myndlist II - Um rými og frásögn. Sýningunni lýkur á morgun. Með þessari sýningu, og forvera hennar Ný íslensk myndlist I, sem haldin var í fyrravetur, vill Listasafn Íslands varpa ljósi á þá nýsköpun sem átt hefur sér stað í íslenskrri myndlist. Jafnframt var hugmyndin sú að nota þessar sýningar til þess að efla samtalið milli listar og almennings og verða þannig mikilvægur vettvangur, sem styrkir tjáningarfrelsi og skoðanaskipti.

Eftirfarandi listamenn eiga verk á sýningunni: Darri Lorenzen, Elin Hansdóttir, Hafdis Helgadóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hlynur Helgason, Hulda Stefánsdóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Kristinn E. Hrafnsson, Ragnar Helgi Ólafsson, Sara Björnsdóttir, Unnar Örn Jónasson Auðarson og Þóra Sigurðardóttir.

Innblástur í verkin á sýningunni er úr ýmsum áttum, en verkin hafa það sammerkt að vera háð



HARPA ÞÓRDÓTTIR SÝNINGARSTJÓRI OG FLEIRI

rýminu sem þau eru í, hvort sem um er að ræða verk sem sérstaklega eru unnin í rými safnsins, eða verk sem fjalla beinlínis um ólíkar víddir rýmisins með forskrift huglægra merkinga.

Sýningarstjórar eru Eva Heisler, Harpa Þórsdóttir og Kristín G. Guðnadóttir.

> Ekki missa af ...

... tónleikum **Hymnodiú** - Kammerkórs Akureyrarkirkju, sem haldnir verða í Langholtskirkju í dag, á næstsíðasta degi Myrkra músíkdaga.

... leiðsögn **Kristínar Guðna-dóttur** listfræðings um sýninguna **Essens - Jóhannes S. Kjarval** á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 15.

... tónleikum **Guðrúnar Óskarsdóttur** samballeikara í tónlistarhúsinu Ými á morgun. Með henni leikur **Kolbeinn Bjarnason** á flautu og **Úlfar Ingi Haraldsson** sér um hljóðstjórn.



UNG OG EFNILEG Guðný, Júlía, Jóhann og Gunnhildur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spreyta sig á einleik

Fjórir ungir tónlistarnemar spreyta sig á einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í dag.

„Þetta er náttúrlega geðveik upplifun,“ segir Guðný Jónasdóttir, sem fær í dag tækifæri til þess að stíga á svið með heilli sinfóníuhljómsveit og leika með henni sellókoncert eftir Edward Elgar. „Það er frábært að fá tækifæri til þess að spila með henni hér heima áður en maður heldur út í hinn harða heim.“

Guðný lýkur sellónámi frá Listaháskóla Íslands núna í vor, en ætlar strax út í framhaldsnám þegar skólanum lýkur. Svipaða sögu er að segja af félögum

hennar, þeim Jóhanni Nardeau, Júlíu Mogensen og Gunnhildi Daðadóttur. Öll eru þau að ljúka námi hér heima, Jóhann frá Tónlistarskólanum í Reykjavík en þær Júlía og Gunnhildur frá Listaháskólanum.

Júlía, sem eins og Guðný leikur á selló, hefur nú þegar fengið inni í hinum virta tónlistarskóla Guildhall School of Music and Drama í London. Hún hefur þegar kynnst vantanlegum skóla sínum býsna vel því hún var skiptinemi þar á síðustu haustönn.

„Þetta er töluvert ólíkt skólanum hér heima. Þetta er svo risastór skóli og samkeppnin mikil, hér er þetta allt saman miklu persónulegra. En það er líka alveg

frábært að eiga möguleika á því að leika með Sinfóníunni hérna, slíkt væri útilokað þarna úti.“

Þær Guðný og Júlía ætla að leika hvor sinn sellókoncertinn. Júlía flytur sellókoncert eftir Camille Saint-Saëns en Guðný eins og fyrr segir sellókoncert eftir Edward Elgar. Gunnhildur, sem leikur á fiðlu, ætlar síðan að flytja fiðlukonsert eftir Alexander Glazunov, en Jóhann, sem er trompetleikari, flytur trompetkoncert eftir Johann Nepomuk Hummel.

Stjórnandi hljómsveitarinnar verður enginn annar en Rumon Gamba, aðalstjórnandi Sinfóníunnar. Tónleikarnir verða í Háskólabíói og hefjast klukkan 13 í dag.



GUÐMUNDUR ODDUR > SKRIFAR UM SJÓNMENTIR

Máttur myndmáls

Það er sagt að Ikea bæklingurinn sé prentaður í stærra upplagi en Biblían. Í raun er Ikea ekki að selja húsgögn heldur myndir af húsgögnum. Ekkert selur betur en myndir. Af myndum er mikið vegna áhrifa á undirmeðvitundina - ímyndun og dagdrauma. Það er mikil verðandi í sýnum. Það að sjá kemur á undan orðinu. Við orðum sýnir. Við réttlætum með orðum. Þetta vita skapandi rithöfundar en ekki alltaf þeir sem hnoða „góðan“ texta. Furðu margir virðast halda að myndir séu bara saklaust punt á veggjum, skreyting á texta eða minningar í fjölskyldualbúmi. Myndir hafa mátt til að sannfæra, til að sefa, til að vekja, til að efast, til að fagna, til að öggra og sækja gegn. Flestar magnaðar myndir eru eftirmyndir af því sem er orðið. Íkon eða auðkenni - það líkist einhverju sem við þekkjum, talar beint eða óbeint til undirmeðvitundarinnar. Jólaveinninn er gott dæmi. Fyrir síðustu jólfurft landsfrægur prestur þjóðkirkjunnar að afneita tilvist jólaveinsins á þeim forsendum að hann yrði að segja börnum sannleikann. Þetta er eins með storkinn - þarf að segja börnum „satt“ og hvaða sannleikur er það? - Hvað með Guð? Getur sami prestur með sömu rökum horft framan í börnin og sagt að Guð kristinna manna sé gamall hvítur karl með skegg? - Ég efast um hæfileika prestsins þegar hann afneitar jólaveininum. Skilningsleysi hans á líkingamáli virðist algert. Hann fær felleinkunn. Reyndar eru þeir afar fáir í íslenskrri prestastétt sem hafa sýnilegan skilning á myndmáli en ég veit þó um nokkra. Myndmál kirkjunnar í samtímanum er úrelt og óskiljanlegt flestum. Sú kynslóð sem alin er upp við Stjórnustríð, Hringadróttins sögu og Harry Potter er miklu betur menntuð í andlegu líkingamáli. Unglingar dagsins í dag hafa talsvert meiri þekkingu á því sviði en kynslóð prestsins sem gæti hafa legið í Sartre og sænskum raunsæissögum.

Myndbirting á guði sem manneskju er rakin til Grikkja. Þeir hikuðu ekki við að myndbirta guði í sinni eigin eftirmynd. Svöltið hrokafullt ef hugsað er út í það. Það er íhugunarvert að kristnir menn skyldu taka upp á því en ekki einu sinni gyðingar, hvað þá múslimar eins og öllum er núna kunnugt. Þeir myndbirta guðdóminn sem samstæði munstur og festingu. Gyðingar og Múslimar byggðu það svæði sem fæddi frumkristnina. Múslimar gerðu sér grein fyrir því að ef guð yrði birtur sem maður myndu margir komast að ófullkomleikanum. Elstu myndir af Kristi sýna hann skegglausan með sól fyrir aftan sig. Það er eins og Grikkir myndbirtu Apollon. Kristur fékk ekki skegg fyrr en löngu seinna og brún hans þýngdist fram eftir miðöldum. Hinn rómantíski Jesús eins og við þekkjum flest úr sunnudagsskólunum varð ekki til fyrr en á níjtjándu öld. Myndbirting Krists er til vandræða hjá fleirum en sértrúarsöfnuðum. Hlægilegasta myndin af honum er mjög póst-móðernísk sambræðsla þar sem ekki er ljóst hvort hann er asiúbúi, afró-ameríkani, karl eða kona. Merkilegasta myndin af Kristi sem ég veit um er hugmyndin um upphafsmyndina sem er sögð hafa innihaldið djöfulinn. Kristur innihélt bæði ljós og myrkur. En djöfsa mun hafa verið úthýst á 3. öld. Mikill fjöldi fólks hefur látið lífið í stríðsátökum vegna myndbirtinga á Kristi í aldanna rás.

Ýmsar blíkur eru á lofti og hætta á heimsstyrjöld aulanna í öllum löndum vegna myndbirtinga. Ekkert er betur til þess fallið á stríðstímum að vekja tilfinningaviðbrögð en myndir. Það er hreint ekki bundið við svæði múslima. Vitund mannsins er stjórnað með myndvæðingu í ríkari mæli og svakalegri hátt en nokkurn tíma áður. Hollywood og Pentagon eða Operation Hollywood, mynd sem sýnd var í sjónvarpinu í vikunni, er dæmi um það. Ágætis mynd um hvernig vitundinni er stjórnað í hinum frjálsa heimi sem stendur vörð um „tjáningarfrelsið“ - vantanlega frelsi til að stjórna huga hins sofandi meirihluta. Aular stríðsæsinga eru á fleiri stöðum en í heimi múslima.



VALIN EIN BESTA LEIKSÝNING ÁRSINS 2005 í Bretlandi af gagnrýnanda Time Out.

VesturPort

BORGARLEIKHÚSIÐ

Míðasala í síma 568 8000 og á www.borgarleikhus.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið er smáauglýsinga-blaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÞÁ Á VISIR.IS



David Edwards

púttmót

Sýningardagskrá

Carlsberg púttmót	11/02 & 12/02
David Edwards "Trick Shot Show"	11/02 & 12/02
Drive keppni Powerade - Golfhermír	11/02 & 12/02
Næst-holukeppni Golfbúðarinnar - Golfhermír	11/02 & 12/02
Viðurkenning Bleika Bikarsins	12/02
LEK Kyllingur ársins	12/02
* Styrktarkvöldverður; ýmsar upptökur og ávarp	11/02

LEK Kyllingur ársins

Meðal fyrirlestra á ráðstefnu

Brynjar Eldon Geirsson PGA frá Þýskalandi starfandi golfkennari GKG	Ert þú með réttar golfkyllur?
Jón Karlsson PGA frá Svíþjóð framkvæmdastjóri Draumagolf.is	Hvernig er hægt að nýta internetið til að bæta þjálfun og árangur í golfi?
Karl Ómar Karlsson PGA frá Svíþjóð starfandi golfkennari GL	Nytsamar upplýsingar fyrir byrjendur í golfi.
Hinrik G. Hilmarsson þjónustustjóri GSÍ og golfdómari	Golfreglur eru einfaldar.
Haraldur Magnússon Osteopath B.Sc. – Þjálfun og Heilsa	Styrktarþjálfun kyllinga, réttar og rangar æfingar.
Nick Edmund framkvæmdastjóri Faldo design	Möguleikar á uppbyggingu alþjóðagolfvallar á Íslandi.
Carol Borthwick Director of Golf and International Affairs – Elmwood College	Nám í grasvallarfræðum í Elmwood College.
Páll Ketilsson ritstjóri Golfs á Íslandi & Edwin Rögnvaldsson golfarkitekt	Þallborðsumræður
Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri GSÍ	Ráðstefnustjóri

nánari upplýsingar á www.icexpo.is/golf

Bleiki Bikarinn
Hekla
Norðurmjólk
Powerade
Task
Atlantsolía
Bennagolf
Carlsberg
Ecco á Íslandi

Icelandair Hótel Hamar
Icelandair
Íþróttakademían
Landssamtök eldri kyllinga
Lexa
LogoPrent
Markaðsskrifstofa ferðamála
á Norðurlandi
Marko–merki

MHM
Nike
Sýn–365
Terma
topdrive.is
Vélaver
Vestmannaeyjabær
Þjálfun og heilsa

Flexor
Garðar Ólafsson
GB Ferðir
Gleraugnabúðin
Golfbúðin
Golfsamtök fatlaðra á Íslandi
Golfklúbburinn Oddur
Golfleikjaskólinn
Golfsamband Íslands
Hole in One

GOLF á ÍSLANDI 2006

Stórskemmtileg
sýning og ráðstefna

11.–12. febrúar

á Nordica Hotel

SJÁÐU

UPPLIFÐU

PRÓFAÐU

...skemmtun og fróðleik
sem enginn golfari má láta
fram hjá sér fara!



David Edwards
Trick Shot Show



Næst-holukeppnir – Hóla í höggi – Þíttkeppnir – Drivekeppnir

*
Styrktarkvöldverður
á Nordica Hotel
Laugardaginn 11. febrúar
kl. 19.30
miðapantanir í s. 662 4156

Farðu holu
í höggi og keyrðu
heim á glænýjum
**VW Golf
Highline!**

Skýr
smoothie
SKYRDRYKKUR
SMOOTHIES Heilsuopnun



ICELANDAIR
www.icelandair.is

iceXpo

OPNUNARTÍMI:
Laugardag kl. 11.00–18.00
Sunnudag kl. 11.00–18.00

MIDAVEÐ:
1500 kr. (6–12 ára 500 kr.)
Helgarpassi 2250 kr.



Nína og Geiri

Þórsþúkk
Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

16. feb. Nokkur þoré leus
16. feb. Nokkur þoré leus
4. mars. Laus þoré
17. mars. **Aukasýning**
15. mars. Laus þoré

Aðeins þessar sýningar

Gæfukort á Nínu og Geira
fast í miðsalunni

5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar selðir hálfum mánuði fyrir viðbúnað

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**

4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20

6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20- 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20

KYNNING FYRIR SÝNINGU - KL. 19.15

Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku Óperunnar.

Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is

„Á meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa áhyggjur af framtíð Ízlensku óperunnar“

Ríkharrður Örn Pálsson, Morgunblaðinu

—



ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.

Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.







Stóra svið

Salka Valka

Fi 16/2 kl. 20 **SÍÐASTA SÝNING!**

Wozyeck

AUKASÝNINGAR

Fi kvöld kl. 20
Su 12/2 kl. 20

Fi 17/2 kl. 20
Lau 18/2 kl. 20

Kalli á Þakinu

AUKASÝNINGAR UM ÞÁSKANA!

Carmen

Su 19/2 kl. 20
Lau 25/2 kl. 20 **UPPS.**

Fi 3/3 kl. 20
Lau 4/3 kl. 20

Lau 11/3 kl. 20
Lau 18/3 kl. 20

Ronja Ræningjadóttir

Fi dag kl. 14 **FORSÝNING UPPSELT**

Su 12/2 kl. 14 **FRUMSÝNING UPPSELT**

Lau 18/2 kl. 14 **UPPSELT**
Su 19/2 kl. 14

Su 26/2 kl. 14 **UPPS.**
Su 26/2 kl. 17: 30

Lau 4/3 kl. 14
Su 5/3 kl. 14

Lau 11/3 kl. 14
Su 12/3 kl. 14

Nýja svið / Litla svið

Manntafl

Fi 22/2 kl. 20 **AUKASÝNING**

Alveg Brilljant Skilnaður

Fi 16/2 kl. 20 **UPPS.**
Fi 17/2 kl. 20 **UPPS.**

Lau 25/2 kl. 20 **UPPS.**
Su 26/2 kl. 20

Belgíska Kongó

Fi kvöld kl. 20 **UPPS**
Lau 18/2 kl. 20 **UPPS.**

Su 19/2 kl. 20 **UPPS.**
Fi 23/2 kl. 20

Fi 24/2 kl. 20
Lau 4/3 kl. 20

Su 5/3 kl. 20
Fi 10/3 kl. 20

Glæpur gegn Diskóinu

Su 12/2 kl. 20
Mi 1/3 kl. 20

Naglinn

Fi kvöld kl. 20 **UPPS.**
Su 12/2 kl. 20

Su 19/2 kl. 20 **UPPS.**
Lau 25/2 kl. 20

Hungur

FORSÝNINGAR, Miðav. 1.200.- Kr.

Má 13/2 kl. 20
Mi 15/2 kl. 20 **UPPSELT**

Fi 16/2 kl. 20
Fi 17/2 kl. 17

Lau 18/2 **FRUMSÝNING UPPSELT**

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



KOLBEINN BJARNASON OG EYDÍS FRANZDÓTTIR Á tónleikum Myrkra músíkdaga í Norræna húsinu á morgun flytja þau verk eftir danska tónskáldið Lars Graugaard, sem er í fremstu röð tölvtónlistarmanna í heiminum í dag.

MYND/JÓN HRÓLFUR SIGURJÓNSSON

Hreyfingar óbóleikarans

„Mér er uppálagt að fremja einhvern gjörning þarna,“ segir Eydís Franzdóttir óbóleikari, sem frumflytur á morgun verk eftir danska tónskáldið Lars Graugard á tónleikum Myrkra músíkdaga í Norræna húsinu.

Lars Graugaard er einn fremsti tölvutónlistarmaður í heiminum. Á tónleikunum á morgun verða flutt fjögur einleiksverk eftir hann fyrir blásturshljóðfæri og gagnvirk tölvuhljóð.

Tveir aðrir einleikarar koma fram, þeir Kolbeinn Bjarnason flautuleikari og Guðni Franzsson klarinetttuleikari. Kolbeinn flytur tvö verk eftir Graugaard, bæði samin fyrir flautu og gagnvirka tölvu, og Guðni flytur eitt verk fyrir bassaklarinet og gagnvirka tölvu.

Graugaard hefur í rúman áratug verið í góðum tengslum við íslenska tónlistarmenn, einkum Caput-hópin sem hefur flutt ýmis verk hans og meðal annars leikið inn á geisladisk með verkum hans.

Tónsmíðin sem verður frumflutt á tónleikunum á morgun samdi Graugaard sérstaklega fyrir Eyðísi. Fyrir þetta verk hefur Graugaard þróað nýja tækni sem felst í því að hljóð-færaleikarinn stjórna hljóðum úr tölvu með hreyfingum sínum.

„Þetta er það sem er nýjast í þessari tækni,“ segir Eydís, sem hefur gert töluvert af því að flytja raftónlist og tónlist þar sem hefðbundin hljóðfæri eru í samspili við tölvutæknina.

Verkið heitir *Those Gestures You Made* og er heitið nokkuð lýsandi fyrir flutninginn því hljóðfæraleikarinn getur ekki látið sér nægja að leika á hljóðfærið. Hann þarf að hreyfa sig eftir kúnstarinnar reglum til þess að kalla fram ákveðin hljóð.

„Framan af verkinu stjórnar ég þessu reyndar aðallega með spilamennskunni, spila ákveðna frasa á óbóid og þeir starta alltaf nýju hljóði í tölvunni. En svo þegar líður á verkið kemur frjálss kafli sem er allt að því dansat-

riði. Þá þarf ég að hreyfa mig með spilamennskunni og get stjórnað hæð og styrk í tölvunni með hreyfingum mínum. Maður dansar til dæmis einn hring og þá skiptir máli hvort höndunum er haldið hátt eða lágt. Ef ég lyfti hendinni fæ ég hærri og sterkari hljóð en tölvunni en því lægra sem ég fer því drungalegri verða hljóðin.“

Eydís er sannfærð um að tónlist af þessu tagi höfði til annars hóps en þeirra sem venjulega sækja klassíska tónleika.

„Þessi tölvutækni er svolítið framtíðs heimur fyrir okkur, sem eldri erum. Þetta er hins vegar heimur unga fólksins, krakka og unglinga sem hafa settið fyrir framan tölvuna alla tíð. Þeir eru margir spenntir fyrir því hvað hægt er að gera á tölvunni, ekki síst krakkar sem hafa stundað tónlistarnám.“

Tónleikarnir í Norræna húsinu hefjast klukkan 14 á morgun. Tónskáldið verður á staðnum og sér um tæknihljóðina.

Njóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Í kvöld lau. 11/2 **uppselt**, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt. Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3. Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 12/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í dag lau. 11/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**, þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 örfá sæti laus, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 nokkur sæti laus, mið. 15/3 örfá sæti laus, lau. 18/3 kl. 17:00 örfá sæti laus.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt. Vegna fjölda áskorana verða tveir fyrirlestrar endurteknir.**
Sun. 5/3 kl. 18:00 Kristín Ástgeirsdóttir - Svava og stjórnmálin örfá sæti laus, sun. 12/3 Gerður Kristný Guðjónsdóttir - Svava og skáldskapurinn örfá sæti laus.

KASSINN

PÉTUR GAUTUR

Frumasýning fim. 23/2 uppselt, sun. 26/2 örfá sæti laus, fim. 2/3, fös. 3/3, lau. 4/3. **Miðasala hefst í dag 11. febrúar.**

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhússveila í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.
Smárétir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HIMNARÍKI
Gæddóttin gæmdulekur
eftir Áma Íslen

Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars



eftir Jón Atla Jónsson

Sun. 12. Feb
Sun. 19. Feb
Síðustu sýningar

*Námsmenn og Vörðufélagar fá
miðann á Mind Camp á 1000 kr.
í boði Landsbankans*

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt



Míðspantánir í síma 555 2222 og á miðla

Sýnt á Nýja Sviði Borgarleikhússins

**GÆPUR
GEGN
DISKÓINU**

Sunnud. 12. feb. kl. 20
Miðvikud. 1. mars kl. 20

„Fimm stjórnur af fimm.“
Valgeir Skaggfjörð, Fbl.

„Fullt hús hjá
Steypiþaðsfélaginu Stút.“
Þorgeir Tryggvason, Mbl.

Miðasala í síma 568 8000 og á www.midi.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

8 9 10 **11** 12 13 14

Laugardagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- ☐ **13.00 Thor Vilhjálmsson** flytur ásamt **Eiríki Erni Pálssyni, Steef van Oosterhout** og **Maurizio Pisati** tónverkið *Questio*, sem er eftir Pisati, á tónleikum Myrkra músíkdaga í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð.
- ☐ **15.00** Argentínski gítarleikarinn **Sergio Puccini** heldur tónleika í Norræna húsinu á Myrkum músíkdögum þar sem hann frumflytur meðal annars verk eftir **Karólínu Eiríksdóttur**.
- ☐ **15.00** Alt-kontri dúettinn **Indigo** heldur stutta fyrirpartstónleika í Gallerí Húmar eða fræðg, Laugavegi 59.
- ☐ **16.00 Jónas Guðmundsson** tenór og **Jónas Ingimundarson** píanó-leikari halda Tíbráratónleika í Salnum í Kópavogi.
- ☐ **17.00 Hymnodia - Kammerkór Akureyrarkirkju** heldur tónleika á Myrkum músíkdögum í Langhótskirkju. Stjórnandi er **Eypör Ingi Jónsson**, en flutt verður tónlist frá Norðurlandi, Norður-Ameríku og Norðurlöndunum.
- ☐ **17.00** Fjórir ungir tónlistarnemar, þau **Jóhann Nardeu, Gunnhildur Daðadóttir, Júlía Mogensen** og **Guðný Jónasdóttir**, leika einleik með Sinfóníuhljómsveit á tónleikum í Háskólabíói. Stjórnandi er Rumon Gamba.
- ☐ **20.00** Tónlistarhópurinn **Caput** heldur tónleika á Myrkum músíkdögum í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. **Ásgerður Jónúsdóttir** syngur einsöng, stjórnandi er **Daniel Bjarnason** en um hljóðstjórn sér **Ríkharður H. Friðriksson**.

■ ■ OPNANIR

- ☐ **16.00** Sýningin **Stillansar**, sem er samsýning **Önnu Guðjónsdóttur**, **Önnu Hallin** og **Önnu Líndal**, verður opnuð í Nýlistasafninu.

■ ■ SKEMMTANIR

- ☐ **23.00 Rokkarinn Rúnar Júlíuson** verður með stórdansleik á Kringlukránni ásamt Rokksveit sinni.
- ☐ Evróvísionhöfundurinn **Hörður G. Ólafsson** spilar og syngur á Catalinu.

**HILMIR SNÆR GUÐNASON**

ÉG ER MÍN EIGIN KONA



laugardagur	11.02	UPPSELT
fimmtudagur	16.02	aukasýning
föstudagur	17.02	laus sæti
laugardagur	18.02	laus sæti
föstudagur	24.02	laus sæti
laugardagur	25.02	örfa sæti laus

SÝNT Í ÌÐNÓ KL. 20

MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700



Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.



NÝJA REYKJAVÍK - KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ


DAGUR ÁVANN SÉR TRAUST HJÁ SAMSTARFSFÓLKI OG SJÚKLINGUM



Það hefur verið ákaflega ánægjulegt að starfa með Degi B. Eggertssyni á Landspítalanum. Hann hefur aldrei dregið af sér og verið yndislegur við samstarfsfólkið, sama hvort það voru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar eða aðrir. Mér fannst hann nærgætinn við sjúklinga og vinna sér traust hjá þeim eins og öðrum.

Unnur Sigtryggsdóttir, deildarstjóri hjartadeilda
Landspítala-Háskólasjúkrahúss

DAGUR1 SÆTIL



> Appelsínugulur og bleikur draumur



...sem ilmar af blómum og endalausum vori, vonum og væntingum. Þetta er ilmurinn Floral frá Paul Smith.

útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN DÖGG HJALTALÍN FJÁRFESTATENGILL AVION GROUP

Liggur við að ég sofi í hælahaum skóm

Getur þú lýst eigin stíl?

Ég hef mjög gaman af glamúr með gulli og gimsteinum. Doppöttum fötum og skóm bregður líka oft fyrir í fata-skápnum mínum. Fallegir skór eru svo alveg nauðsynlegir. Ég rétt fer úr háu hælunum til að sofa.

Fylgist þú vel með tiskunni?

Ég les ekki tiskublöð reglulegu enda fíla ég klassa betur en tisku.

Hverjar eru þínar tiskufyrirmyndir?

Ég er nú frekar sjálfstæð í mínum stíl. Helstu tiskufyrirmyndirnar eru kannski vinkonur mínar enda tek ég mark á álitum þeirra. Betur sjá augu en auga.

Uppáhaldshönnuður?

30 ára gamall Dianne Von Furstenberg kjóll sem mér áskotnaðist varð til þess að hún varð uppáhalds erlendi hönnuðurinn minn. Brynja Dögg vinkona mín er uppáhalds íslenski hönnuðurinn bæði í fötum og fylgihlutum.

Uppáhaldsverslun?

Ég get ekki gert upp á milli Urban Outfitters, Hennes &

Mauritz og litlu búðanna í hliðargötunum sem finnast í öllum skemmtilegum borgum

Hvert færir þú í verslunarferð?

New York, enda er ég að fara þangað í næsta mánuði. Í New York er allt sem hugurinn girnist en þú verður að vita hverju þú leitar að.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?

Suma mánuði eyði ég engu og aðra mánuði eyði ég meiru. Næsti mánuður verður sennilega eyðslumánuður vegna áður nefndrar New York ferðar.

Uppáhaldslitir?

Allir bjartirog hreinir litir, er mikið fyrir gyllt og brúnt þessa dagana,

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?

Ég hef ekki enn fundið þá flík, en ég gæti ekki verið án hæla á fallegum skóm. Flestir halda að ég sé miklu hærri en ég raunverulega er og ég mun halda þeim blekkingar-leik áfram.

Hver eru verstu kaup sem þú hefur gert?

Gult minipils

úr plasti frá

Fiorucci

sem ég

keypti í

Ver-

ona á

Ítalíu er

ljótasta

flík sem

ég

hef keypt

en

ekki enn

hent,

geri alltaf ráð fyrir

að það gæti einn

daginn komið

að

góðum

notum.



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN

Sprautulökkun og hnébuxur

Ég gat ekki annað en brosa út í annað þegar ég fór í sund fyrir stuttu. Á leið niður í heita pottinn hrasaði ég næstum vegna bikiniklæddra þokkadísa sem voru rétt skriðnar yfir fermingu. Þær voru ekkert að hafa fyrir því að færa sig fyrir svona stelpukonum eins og mér og því varð ég að klöngrast hlussulega yfir þær.

Eftir barninginn virti ég þær fyrir mér. Hárið á þeim var vel strípað, hálf kíl af maskara á hvoru auga gerði það að verkum að þær áttu bág með að depla augunum svo maskarinn rynnir ekki niður á kindar. Húðliturinn var svolítið sérstakur, dökkur og glansandi ekki ólíkt þeim lit sem sprautað var á Gussa dyravörð í þættinum hjá Gilza um daginn. Ég verð þó að viðurkenna að mér fannst þetta svolítið niðurlægjandi, að standa á nærbuxunum einum fata og láta sprauta á sig í sturtuklefa af hanskaklæddri manneskju. Fannst eins og ég hefði séð svipað atriði í kvikmyndum um seinni heimsstyrjöldina. Þetta sagði mér bara að sprautulökkun væri eitthvað sem ég myndi aldrei láta plata mig í. Að minnsta kosti ekki í þessu lífi...

En að öðru. Hnébuxur verða málið í vor- og sumartískunni. Ég gladdist þegar ég heyrði þetta því þessi klæðnaður er svo upplagður fyrir okkur hérna á Íslandi. Það er hægt að vera í þykkum sokkabuxum undir hnébuxunum en svo þegar sumarið kemur eru þær æði fagrar einar og sér (án sokkabuxna). Hnébuxurnar eru þó ekki einu buxurnar sem verða málið í sumar. Mjög stuttar stuttbuxur (hotpants) munu sjást aftur eftir langt hlé. Mér finnst það svolítið skemmtilegt þótt þessi klæðnaður henti ekki hvaða líkamsvexti sem er. Ég held því að ég haldi mig við hnébuxurnar þangað til annað kemur í ljós og þarf því engu að kvíða...



Þægileg en jafnframt þokkafull

Í vikunni sýndi hönnuðurinn Marc Jacobs haust- og vetartískuna 2006 í New York.

Tískusýningin vakti mikla athygli enda er hönnun hans bæði smart og skemmtilega kærulaua og þægileg með bóhemívaði. Hvern dreymir ekki um að eignast vel sniðnar víðar, síðar dömubuxur úr léttu ullarefni? Litasínfonían er fremur köld með gráa litinn í fyrirrúmi í bland við bláan, fjólubláan, hvítan og svartan. Skósið gallapils koma við sögu ásamt hnébuxum, kjólum, stuttum jökkum, síðum treflum og þunnum, síðum ullarpeysum. Töskurnar eru ýmist risastórar eða smáar mjaðmatöskur sem bundnar eru um mjaðmirnar sem framkallar flottar línur. Þar sem vetur ríkir enn má taka Marc Jacobs sér til fyrirmyndar og vera örliðið á undan sinni samtíð. Þetta er bara spurning um að lita fötin sín grá, þrjóna sér mjög langan trefil og athuga hvort afi eigi ekki gráan rykfrakka sem hann er hættur að nota.

martamaria@frettabladid.is



FKA

Félag kvenna í atvinnurekstri

NÁÐU TAKI MEÐ MÖRKUN

Ráðstefna FKA um mörkun „branding“ – listina að koma á tilfinningalegu sambandi milli neytanda og ímyndar fyrirtækis

DAGUR: 16. febrúar 2006

STAÐUR: Bláa lónið

DAGSKRÁ:

- 12:00–13:00 Hádegisverður
- 13:00–16:30 Ráðstefna
- 16:30–18:30 Kokteill ofan í Bláa lóninu eða inni

FYRIRLESARAR:

- **Gerður Ríkhardsdóttir**, framkvæmdastjóri Útills: Hvað er „Branding“ og hvernig nýtum við okkur þetta spennandi verkfæri
- **Atli Freyr Sveinsson**, íslensku auglýsingastofunni: Listin að gefa vörumerkjum meiningu - líka á Íslandi
- **Sigurður Þorsteinsson**, meðeigandi Design Group Italia, Milánó: Designing Brand
- Spjall í hópum

FUNDARSTJÓRI: Inger Anna Aikman

RÚTUFERÐ FRÁ BSÍ: Kl. 11:15 – til baka 18:45. (Innifalín í verði)

VERÐ: Með hádegisverði: Félagskonur FKA kr. 7.900 – aðrir 11.900. Án hádegisverðar: Félagskonur FKA kr. 5.400 – aðrir 9.400.

SKRÁNING: Með tölvupósti á fka@fka.is og í síma 570 7267.

Við skráningu komi fram: Nafn þátttakanda, nafn og kennitala greiðanda, með eða án hádegisverðar og rútuferðar.



ÍSLANDSBANKI

BLUE LAGOON

DESIGN GROUP

tónlist með JOHNNY CASH á tilboði!

Þegar þú kaupir tónlistina úr myndinni

"Walk the line"

fylgja 2 miðar
á myndina


Takmarkað miðamagn



1.799 kr.



1.799 kr.



2CD

1.999 kr.



1.699 kr.



999 kr.



2CD

1.699 kr.



1.799 kr.

DVD



999 kr.



999 kr.



999 kr.

...hér er aðeins brot af úrvalinu





opið: virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.

útsölu lok

síðasti dagur útsölunnar er í dag!

h e i m a
húsgagnaverslun

bláu húsunum við faxafen - 108 reykjavík - 568 4242 - heima@heima.is

Grafíska smíðjan ehf. 01.06

Tryggjum Sigrúnu Elsu öruggt sæti, hún vill vinna fyrir þig

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR



2-4
sætið



Ég styð Sigrúnu Elsu í prófkjöri Samfylkingarinnar

...Það er mikilvægt að á framboðslista Samfylkingarinnar raðist bæði fólk með reynslu og að nýliðun verði í framvarðasveitinni. Sigrún Elsa Smáradóttir sameinar þetta tvennt...

Ágúst Ólafur Ágústsson

Þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar



Höfuðborgin mín þarfnast Sigrúnar Elsu

...Sigrún situr í Menntaráði og áður í fræðsluráði og leikskólaráði. Hún var formaður starfshóps sem mótaði stefnu um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir fimm ára börn og hún er varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur svo eitthvað sé nefnt. Allir sem starfað hafa með henni hafa gefa henni hæstu einkunn...

Margrét Frimansdóttir

Þingmaður Samfylkingarinnar



Velkomin Sigrún Elsa.

...Það er sannfæring mín að einstaklingur með getu og burði, efnistöð og verklag Sigrúnar Elsu hafi í ríku mæli þá eiginleika, sem kjósendur meta mest...

Birgir Dýrfjörð, rafvirkir.



Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík

... Ég veit líka að eitt af hennar helstu málum er að Reykjavíkurborg geti mætt og brúað bil á milli fæðingarorlofs og leikskólavistar. Sigrún hefur látið verkin tala í sinni vinnu fyrir borgarbúa, við skulum tryggja að svo verði áfram.

Guðrún Ógmundsdóttir

Þingmaður Samfylkingarinnar.



Styðjum Sigrúnu Elsu

...Hún býður sig núna fram í 2.-4. sæti Samfylkingarinnar. Kostir frambjóðandans Sigrúnar Elsu Smáradóttur eru sannarlega ótvíræðir...

Gísli Gunnarsson

prófessor í sagnfræði



Sigrúnu Elsu í sigurliðið

...Á borgarstjórnarfundum í vikunni sáu raunar ekki færri en fjórir af sex borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins ástæðu til að veitast að henni og þarf þá ekki frekar vitnanna við. Ástæðan var skörugleg framgangi hennar í gagnrýni á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson leiðtoga Sjálfstæðismanna sem augljóslega, einsog Sigrún er lagið, hitti í mark...

Helgi Hjörvar

Þingmaður Samfylkingarinnar



Setjum Sigrúnu Elsu í öruggt sæti

... Ég hef fylgst með Sigrúnu Elsu í mörg ár í pólitíkinni ma. sátum við saman í Fræðsluráði Reykjavíkur um tíma. Sigrún Elsa er málefnaleg, áhugasöm, hugmyndaríkur og drifandi stjórnmalamaður...

Margrét S. Björnsdóttir

forstöðumaður.

Stuðningsgreinarnar í heild má lesa á www.sigrunelsa.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og
upptökur þegar þér hentar



Nýtt í bíó

ÆVINTÝRIÐ ER RÉTT AÐ BYRJA!

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA

ZATHURA

SÝND MEÐ ISLENSKU
OG ENSKU TALÍ

SVAKALEGUR SPENNUTRYLLIR

ÞEGAR RÖÐIN KEMUR
AÐ ÞÉR ÞÁ FLYRÐU EKKI
DAUDANN!

FINAL DESTINATION 3

THIS RIDE WILL BE THE DEATH OF YOU

**SÝNINGIN VERÐUR AÐ HALDA ÁFRAM,
EN FÖTIN VERÐA AÐ FJUKA**

MRS. HENDERSON PRESENTS

2 Tilnefningar til
Óskarsverðlauna
f.a. JUDY DENCH BESTA LEIKKONA
(AÐALHÖFVERI)

★★★★★
..... Walk the Line er eins og klettur,
sterk ástarsaga og mannlíf drama sem
lætur engan ósnortinn. - SV MBL

★★★★★
„Enginn ætti að láta Walk
the Line framhjá sér fara
því myndin er auðgandi fyrir
augun, eyrun og hjartað.“
- VJW topps.is

★★★★★
- MMAJ Kvikmyndir.com

5 tilnefningar til
Óskarsverðlauna
f.a. BESTI LEIKARI OG BESTA LEIKKONA ÁRSINS

3 tilnefningar til
GOLDEN GLOBE
SEM BESTA MYND ÁRSINS,
BESTI LEIKARI OG LEIKKONA ÁRSINS

JOAQUIN PHOENIX REESE WITHERSPOON

walk the line

Jim Carrey

VINSÆLASTA MYNDIN Á
ÍSLANDI 2 VIKUR Í RÖÐ

Fun Dick Jane

★★★★★
- L.I.B. Topps.com

★★★★★
- L.I.B. Topps.com

★★★★★
- S.K. DV

★★★★★
- S.V. MBL

★★★★★
- M.M.J. Kvikmyndir.com

BROKEBACK MOUNTAIN

6 Tilnefningar
til Óskarsverðlauna

★★★★★
- Kvikmyndir.com

GEISHA

Sprengilegalegt
framhald,
Steve Martin fer enn og
aftur á kostum

„Cheaper by the
Dozen 2 er íalleg
og skemmtileg
fjölskyldumynd,
sem heppnast
hrint ágaðlega“
- MMAJ Kvikmyndir.com

CHEAPER BY THE DOZEN 2

★★★★★ VELJID HÉR AÐ NEDAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★★

SMÁRA BÍÓ

SÍMÍ 564 0000

ZATHURA m/islensku tali kl. 1, 3.30 og 5.45

ZATHURA m/ensku tali kl. 3.30, 5.45 og 8

FINAL DESTINATION 3 kl. 8 og 10.10 **B.I. 16 ÁRA**

WALK THE LINE kl. 5, 8 og 10.45 **B.I. 12 ÁRA**

SÝND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 10.45 **B.I. 12 ÁRA**

FUN WITH DICK AND JANE kl. 1, 3.45, 5.50, 8 og 10.10

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 10.15 **B.I. 12 ÁRA**

CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 1, 3.45

DRUAMALANDIÐ kl. 1

REGNBÖGINN

SÍMÍ 551 9000

MRS. HENDERSON kl. 3, 5.45, 8 og 10.15

WALK THE LINE kl. 3, 6 og 9 **B.I. 12 ÁRA**

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 **B.I. 12 ÁRA**

MEMOIRS OF GEISHA kl. 3 og 9

LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6 **B.I. 14 ÁRA**

DRÖMMALANDIÐ

SÍMÍ 462 3500

ZATHURA kl. 1.40, 3.50 og 6 **B.I. 12 ÁRA**

FINAL DESTINATION kl. 6, 8 og 10.10 **KRAFTSÝNING B.I. 16 ÁRA**

WALK THE LINE kl. 10.10 **B.I. 12 ÁRA**

FUN WITH DICK AND JANE kl. 4 og 8

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Dolby

THX

BIÓ.IS – alltaf á einum stað

- bara lúxus

HEINISERUMSYNING

ÞEGAR RÖÐIN KEMIÐAD ÞEYÐA FLÝRÐU EKKI DÚÐANN!

POWER-SYNING
AUGUST 10-11-12-13-14-15-16
KL. 19

FINAL DESTINATION 3

ego SVAKALEGGU EFTIR SÖTTUÐUM

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10-POWER **stronglaga kl. 16**

Siminn

ZATHURA

THE GREAT ESCAPE

SYND KL. 2, 4 OG 6 **kl. 16**

Jim Carrey

Fun with Dick & Jane

SYND KL. 2, 4, 6 OG 8

6 OSKARS

MEMORIES OF A GEISHA

SYND KL. 8 OG 10

JARHEAD

SYND KL. 10-40 **kl. 16**

40 KR. Í BÍÓ

GLÖÐU Á ALLAR SYNINGAR
MERKTAR MEÐ RAUÐU

Ítölsku mokka síurnar eru komnar!

Litir: Hvítt Silfur Gull
kr. 9.800
Þessir eru góðir!
Drangey Smáralind
sími 528 8800
www.drangey.is



Drangey

MICHAEL BUBLÉ Hjartaknúsarinn hefur sent frá sér DVD-tónleikadiskinn *Caught in the Act*.

Bublé gefur út mynddisk

Söngvarinn og hjartaknúsurinn
Michael Bublé hefur gefið út
DVD-tónleikadiskinn Caught in
the Act.

Einnig fylgir með geisladiskur með átta lögum af þessum vel heppnuðu tónleikum, sem voru haldnir í Wiltern-leikhúsinu í Los Angeles fyrr á þessu ári.

Michael Bublé hefur verið á tónleikaferð um heiminn undanfarið ár við miklar vinsældir. Næst mun hann syngja á Hilton hótelinu í Las Vegas dagana 10. til 14. febrúar í tilefni Valentínusardagsins.

Fyrsta plata hans, Michael Bubl , og s  s ðasta, It's Time, hafa selst   sj  millj num eintaka samanlagt.

Sungið í tómið

[TÓNLIST]
UMFJÖLLUN

Greyð hann Richard Ashcroft. Fyrir tæpum tíu árum var hann líklegast einn svalasti maður Bretlands, í dag er hann varla skugginn af sjálfum sér. Keys to the World er þriðja breiðskífa hans frá því að hann hóf sólóferil sinn og ég óttast að hún eigi eftir að falla í gleymsku jafnörugglega og hinar tvær gerðu.

Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvað virkar ekki hjá honum. Ég held að það gæti hugsanlega tengst tregðu hans að taka áhættu í sköpun sinni. Frá því hann reri á eigin mið hefur hann aldrei hætt að útsetja lög sín eins og hann sé í hlíómsveit.

Þar sem ég held að það færi Richard sérstaklega illa að aðlaga sig nútímalegri tónlistarstefnum hefði líklegast verið betri hugmynd að strípa lögin enn meira niður. Því ef lögin eru alltaf útsett með trommum, bassa, gítar og söng, eiga hlustendur hans alltaf meðvitað eða ómeðvitað eftir að líkja þeim við fyrrverandi hljómsveit hans, The Verve.

Elms og er stienst Richard þann samamburð engan veginn. Tónlist hans í dag er bara of óspennandi og meðalmennskuleg til þess og melóðíurnar ekki nægilega sterkar til þess að fanga athygli almennings. Hann er búinn að skera á rætur sínar í indírokkheimum og er ekki nægilega ferskur né uppblásinn til þess að ná til þeirra sem hlusta á dægurpopp. Hann gæti því hugsanlega endað í þeirri stöðu að lenda á milli sprungnanna og festast þar áður en hann finnur sér nýjan hlustendahóp.

Þetta er auðvitað hin mesta
synd því Richard hefur upp á
margt gott að bjóða. Hefur fína



RICHARD ASHCROFT:

KEYS TO THE WORLD

Niðurstaða: Þriðja breiðskífa Richards Ashcroft er eins og hinar tvær. Frekar flöt og óspennandi. Hljómar eins og plata frá listamanni í tilvistarkreppu.

rödd og hefur sýnt það hér áður
fyrir að hann er fullhæfur til þess
að hrista ódauðlega slagara fram
úr erminni. Ég trúi því að það séu
hæfileikar sem glatist aldrei og
því sorglegt að maðurinn skuli
vera svona fjartengdur þeim
þessa dagana. En þegar ég hlusta
á þessa plötu finnst mér eins og
hann sé kannski of lokaður inni í
sínu eigin heimi, þar sem tím-
inn hefur staðið kyrr frá árinu
1972. Hann vantar leiðsögn, fólk
í kringum sig sem þorir að segja
honum hvað þurfi að bæta sem
hann hlustar á. Hugsanlega væri
heldur ekki slæm hugmynd að
hætta að hlusta stanslaust á Roll-
ing Stones-safnið og kynna sér
eithvað nýtt. Hver veit nema það
gæti haft heilbrigð og þroskandi
áhrif á hann?

Birgir Örn Steinarsson



Grétar Ólafur framlengir

KR hefur framlengt samninginn við Grétar Ólaf Hjärtarson til ársins 2008. Grétar er 29 ára gamall og kom til KR árið 2004 en framherjinn skoraði sex mörk í sautján leikjum fyrir Vesturbæjarliðið á síðasta sumri og var markahæsti leikmaður liðsins.

sport
sport@frettabladid.is

KÁTT HJÁ KEFLAVÍK: SPILUÐU Í 24 ÁRA GÖMLUM BÚNINGUM

Það var nett nostalgía í gangi

Körfuknattleikslíð karla hjá Keflavík lék í 24 ára gömlum búningum gegn Hetti í Iceland Express-deildinni á fimmtudag. Reyndar voru þetta ekki nákvæmlega sömu búningar, enda búið að stela flestum búningunum úr upprunlega búningasettinu, en HENSON fyrirtækið var fengið til þess að sauma nákvæma eftirlíkingu af búningunum og fórst það vel úr hendi.

Aðeins einn leikmaður í Keflavíkurlíðinu í dag var að spila þegar liðið spilaði upprunalega í þessum búningum árið 1984. Hann heitir Guðjón Skúlason og var þá á sínu öðru ári í meistaraflökki. Hann virtist kunna vel við sig í gamla búningnum því hann setti niður þrjár fallegar þriggja stiga körfur í leiknum.

„Þetta var geysilega skemmtilegt og

gaman að fara aftur í þessa búninga,” sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær, en hann veit ekki nákvæmlega hvar þessi skemmtilega hugmynd fæddist. „Það var nett nostalgía að fara aftur í þessar treyjur og maður sá gömlu félagana fyrir sér á vellinum. Annars hefðu tveir þristar í viðbót mátt detta hjá mér í leiknum,” sagði Guðjón en hann vildi ekki meina að hann hefði fundið sig betur í þessum búningi en búningnum sem Keflavík spilar venjulega í. Guðjón er sífellt að smella betur inn í lið Keflavíkur en ekki er langt síðan hann reif skóna fram úr hillunni á nýjan leik.

„Ég er í ágætis formi en vantar aðeins upp á leikæfinguna og það tekur mig smá tíma að hitna inn á vellinum. Ég tel mig samt færan í að spila í nokkrar mín-

útur en ég er enginn 40 mínútna maður eins og staðan er í dag,” sagði Guðjón en hann gerir fastlega ráð fyrir því að spila aftur í þessum búningi í vetur enda var vel passað upp á að allir skiluðu treyjunum aftur í búningatöskuna.



> Hver verður fyrirliði ÍA?

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, hefur enn ekki ákveðið hver muni taka við fyrirliðabandinu af Gunnlaugi Jónssyni sem gekk í raðir KR eftir síðasta sumar. Ólafur sagði í samtali við Fréttablaðið að valið stæði á milli Kára Steins Reynissonar og Þórðar Guðjónssonar en báðir eru þeir uppdalir á Skaganum. Kári hefur leikið með ÍA allan sinn feril fyrir utan stutta viðkomu hjá Leiftri, en Þórður sneri heim úr atvinnu-mennsku þar sem hann lék meðal annars með Bochum, Genk og Derby County.



Breiddin skiptir litlu máli í umspili

Landsliðsþjálfari Svía í handbolta er hóflega bjartsýnn fyrir umspilsleikina gegn Íslendingum í sumar. Hann telur dagsformið koma til með að ráða mestu um hvort liðanna komist til Þýskalands og segir helsta veikleika íslenska liðsins, breiddina, skipta litlu máli þegar kemur að umspili.

HANDBOLTI Ingemar Linnél fékk það erfiða hlutverk að taka við stjórn sænska landsliðsins af Bengt Johansson á sínum tíma og bera um leið ábyrgð á nauðsynlegri uppstokkun á liðinu. Eftir mikla lægð hefur Linnél nú náð að búa til gríðarlega öflugt sænskt lið sem skipað er frábærum leikmönnum í öllum stöðum. „Það er komið jafnvægi í liðið að nýju en ég tel okkur ennþá vera í stöðugri framför,” sagði Linnél við Fréttablaðið í gær, en sem kunnugt er drógust Íslendingar á móti Svíum í umspilinu fyrir HM í Þýskalandi á næsta ári.

Í dag er sænska liðið að mestu skipað ungum leikmönnum sem flestir spila í toppliðum í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Sænskur handknattleikur varð fyrir miklu áfalli síðasta sumar þegar landsliðið tapaði fyrir Póllandi í umspilinu fyrir sæti á EM í Sviss. Fyrir vikið þurfti sænska liðið að keppa í undanræði um að komast í umspilið, sem liðið átti eftir að vinna með miklum yfirburðum, og vera síðan í lægri styrkleikaflokki þegar dregið var í sjálft umspilið fyrir HM á næsta ári. „Við vissum að öll átta liðin sem við gátum mætt voru sterk en ég viðurkenni alveg að ég hefði viljað komast hjá því að mæta Íslandi,” segir Linnél.

Sænski landsliðsþjálfarinn sá fjóra leiki með íslenska landsliði-



INGEMAR LINNÉL Hefur stokkað upp í sænska landsliðinu á undanföllum árum og er nú loksins kominn með lið á heimsmeikvarða. Hann býst við gríðarlega erfiðum leikjum gegn Íslendingum í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

SÆNSKA LANDSLIÐIÐ Svíar sigruðu Super Cup í október sl. þar sem liðið lagði allar sterkustu þjóðir heims að velli. Hér sést liðið stilla sér upp í mótslok. NORDICPHOTOS/AFP

inu á EM í Sviss, tvo þar sem hann var mættur á völinn og tvo horfði hann á í sjónvarpinu. Linnél segir engan vafa leika á því að íslenska liðið sé firnasterkt. „Það er mikill kraftur í íslensku leikmönnum, liðið spilar hraðan bolta og byggir á góðri vörn og mögnuðum hraða-upphlaupum.“



Linnél segir augljóst hver helsti veikleiki íslenska liðsins hafi verið á EM. „Liðið skorti breidd

en það skiptir engu máli í svona umspili. Þá eru þetta tveir leikir með viku millibili og þá er hægt að spila á sömu sjö leikmönnum allan tímann. Ísland spilaði á 8-9 leikmönnum í Sviss og á endanum sprakk liðið,” segir Linnél. „Ég myndi segja að bæði lið hafi á að skipa þremur heimskeppa leikmönnum, en þegar kemur að öðrum leikmönnum hópsins erum við líklega sterkari á pappírnum. En á endanum held ég að úrslit leikjanna muni ráðast af dagsforminu.“

Sænska landsliðið er gríðarlega sterkt og í október sl. bar liðið sigur úr ýtum á hinu gríðarlega sterka Super Cup móti. Þar lagði liðið m.a. ólympíumeistara Króata og spænsku heimsmeistarana í riðlakeppninni og síðan verðandi Evrópumeistara Frakka í úrslitaleiknum. Þá var liðið með sitt sterkasta lið en í umspilsleikjunum gegn Póllandi voru fimm lykilmenn fjarverandi vegna meiðsla.

„Það er langt í leikina gegm Íslandi og lykilmenn gætu auðveldlega meiðst. En ég hlakka mikið til. Leikirnir eru gríðarlega mikilvægir fyrir báðar þjóðir og það er mikið lagt undir. En megi betra liðið vinna.“

vignir@frettabladid.is



ÓLAFUR RAFNSSON Stefmir á forsetastólinn hjá ÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur Rafnsson:

Býður sig fram til forseta ÍSÍ

ÍSÍ Ólafur Rafnsson, formaður KKÍ, tilkynnti í gær framboð sitt til forseta ÍSÍ en sem kunnugt er sækist Ellert B. Schram ekki eftir endurkjöri, þrátt fyrir að hafa fengið fjölmargar ásakanir þess efnisad undanförunu.

Ólafur, sem starfar sem lögfræðingur, hefur setið í stjórn KKÍ síðastliðin sextán ár og síðustu tíu sem formaður. Ólafur situr einnig í stjórn og fjárhagsnefnd evrópska körfuknattleikssambandsins svo og í áfrýjunarnefnd alþjóða körfuknattleikssambandsins.

- hbg

Forráðamenn Stoke sakna stjórnuframherja síns:

Óáægja með Bangoura

FÓTBOLTI Forráðamenn Íslendingafélagsins Stoke City eru æfir út í stjórnuframherja sinn Sammy Bangoura sem hefur enn ekki látið sjá sig í herbúðum félagsins þó að nokkuð sé liðið síðan landslið hans Gínea féll út úr Afríkukeppninni í fótbolta. Bangoura hefur verið magnaður í framlínu liðsins á tímabilinu

það sem af er og virðist eini leikmaður liðsins sem getur skorað.

Búið var við því að Bangoura kæmi til Englands fyrir síðustu helgi en nú á Stoke ekki von á honum fyrr en í dag og þá ekki í tæka tíð fyrir leikinn gegn Cardiff. „Honum verður refsad fyrir þetta, enda hefur hann brugðist öllum,” sagði óánægður



SAMMY BANGOURA Sést hér spila með Gíneu í Afríkukeppninni í síðustu viku. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Tony Scholes, framkvæmdastjóri Stoke City, í gær.

- vig



Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Almennur hluti 1a

www.isisport.is

Helgina 17. - 19. febrúar verður **þjálfari 1a – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lágmarksaldur þátttakenda er 16 ár. Námskeiðið er undanfari annara námskeiða sem síðar verður boðið uppá og þannig fyrsta námskeiðið í samræmdu kerfi íþróttahreyfingarinnar.

Námskeiðið er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum.

Nemandi sem lýkur þessu námskeiði ásamt því að ljúka sérgreinahluta þjálfarastigs 1a hlýtur réttindi sem aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá íþróttaskóla eða yngstu flokkum.

Verð á námskeiði er **kr. 12.000,-** Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** í síðasta lagi miðvikudaginn 15. febrúar.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.



RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR Hefur verið á meðal fremstu íþróttamanna þjóðarinnar um árabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Kjöri íþróttamanns Reykjavíkur lýst í gær:

Ragnhildur kórónaði frábært ár í Höfða

ÍPRÓTTIR Kyllingurinn Ragnhildur Sigurðardóttir var í gær kjörin íþróttamaður Reykjavíkur við hátiðlega athöfn í Höfða. Ragnhildur átti verulega gott ár á golfvöllum því hún varð þrefaldur Íslandsmeistari, í högggleik í þriðja sinn, í holukeppni í fimmta sinn og í sveitakeppni með félagi sínu.

Þá varð hún einnig stiga-meistari Toyota-mótaraðarinnar. Ragnhildur fékk farandbikar og

eignarbikar í verðlaun ásamt 150 þúsund krónum.

Fyrir utan krýninguna þá voru afhentir styrkir úr afreks- og styrktarsjóði Reykjavíkur en alls fengu 29 félög og deildir styrk úr sjóðnum í gær. Styrkirnir voru á bilinu 250.000 kr til 1.000.000 kr. eða samtals 9.250.000 kr. Það eru Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur sem standa að sjóðnum.

Tíu íþróttamenn fengu styrk upp á 50.000 kr.



DROGBA Í SÁRUM Didier Drogba klúðraði víti í vítakeppninni í gær og var að vonum svekktur í leikslök.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Afríkumótinu lokið með sigri heimamanna:

Egyptar meistarar

FÓTBOLTI Egyptar urðu Afríku-meistarar eftir úrslitaleik gegn Fílabeinsströndinni í gær sem fór í framlengingu og vítaspyrnukeppni. Mido, frægasti knattspyrnumaður Egypta, sat á áhorfendapöllum eftir að hafa rifist við þjálfara sinn en það hafði lítil áhrif á heimamenn þrátt fyrir að leikurinn væri tilþrífalítil.

Egyptar skorðu undir lok venjulegs leiktíma þegar boltinn lak framhjá Jean-Jacques Tizie markmanni en markið var dæmt af vegna rangstöðu. Egyptar fögnuðu markinu án afláts en vonbrigðin leyndu sér ekki þegar þeir sáu flagg aðstoðardómarans hátt á lofti.

Bæði lið spiluðu varkáran fót-

bolta í framlenginunni. Egyptar fengu vítaspyrnu sem var mjög strangur dómur en Blaise Kossi Kouassi braut þá á Mohamed Barakat. Réttlætinu var fullnægt þegar Ahmed Hassan skaut spyrnunni í stöngina og leikurinn fór í vítaspyrnukeppni.

Þar höfðu Egyptar betur og skorðu úr fjórum spyrnum en Fílabeinsstrendingar skorðuðu aðeins úr tveimur. Didier Drogba, einn besti leikmaður mótsins brenndi af sinni spyrnu og það var Mohamed Aboutrika sem tryggði sínum mönnum sigur við gífurlegan fögnuð heimamanna sem hafa setið límdir við sjónvarpsskjáinn yfir mótið.

- hþh

Einn af þremenningunum sem munu velja næsta landsliðsþjálfara Englands:

Næsti þjálfari skal vera breskur

FÓTBOLTI Dave Richards, framkvæmdastjóri ensku úrvals-deildarinnar og einn þeirra þriggja sem sjá um ráðningu landsliðsþjálfara Englands, sagði í gær að sá maður sem leysti af Sven-Göran Eriksson sem þjálfara enska landsliðsins ætti að vera breskur. Þykja ummæli Richards gefa sterklega til kynna að næsti þjálfari verði innlendur og hafa möguleikar manna eins og Guus Hiddink og Otmars Hitzfield á að fá starfið minnkad verulega hjá veðbönkum. „Það er kominn tími fyrir breskan stjóra, einhvern sem skilur ástríðuna í starfinu,“ sagði Richards í gær, en sem kunnugt er hefur Eriksson alltaf verið til vandræða í stjóratið sinni.

Ummælin eru talin gefa sterklega til kynna að Martin O'Neill sé efstur á óskalista enska knattspyrnusambandsins, en nöfn manna á borð Stuart Pearce, Sam Allardyce og Alan Curbishley hafa þó ekki enn verið útilokuð. „Við erum stærsta þjóð í heimi sem stundar þann leik sem fótbolti er og við viljum einhvern sem getur náð alla leið með landslið okkar. Við vitum ekki ennþá hver það verður en við munum vanda valið,“ sagði Richards jafnframt.

- vig



MARTIN O'NEILL Er talinn líklegastur til að hreppa landsliðsþjálfarastarfið.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Líkams- og heilsurækt aldraðra Hádegisverðarfundur ÍSÍ

Hádegisverðarfundur

Föstudaginn 17. febrúar heldur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

Janus Friðrik Guðlaugsson mun halda erindi um niðurstöður meistararannsóknar á líkams- og heilsurækt aldraðra hér á landi.

Janus Friðrik Guðlaugsson varði nýlega meistaraþrófverkefni sitt við Kennaraháskóla Íslands og er það fyrsta rannsóknartengda meistaraverkefni á sviði íþróttافرæða við íslenskan háskóla. Janus mun í erindi sínu gera grein fyrir framkvæmd rannsóknar og segja frá helstu niðurstöðum.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá café **easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar

Framsæknir og reynsluríkir með ábyrgð

www.toyota.is



Peugeot 407 W/G

F. skráð. 07/2005, ekinn 9.000 km
Vél: 3000cc V6, sjálfskiptur
Litur: Dökkgrár
Verð: 3.050.000 kr.
Glerþak og álfelgur



Skoda Octavia

F. skráð. 07/2005, ekinn 8.000 km
Vél: 2000cc, sjálfskiptur
Litur: Rauður
Verð: 2.250.000 kr.
Álfelgur, þokuljós og filmur



Peugeot 307 Break W/G

F. skráð. 12/2004, ekinn 15.000 km
Vél: 2000cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 2.050.000 kr.
Glerþak, dráttarbeisli og aukasæti



Mercedes Benz 200 E S/D Kompressor

F. skráð. 11/2003, ekinn 44.000 km
Vél: 1800cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 3.850.000 kr.
Avantgarde pakki, Xenon aðalljós með hreinsibúnaði, sóllúga, og regnnemi f. rúðup.



VW Touareq V6

F. skráð. 01/2004, ekinn 30.000 km
Vél: 3200cc, sjálfskiptur
Litur: Dökkgrár
Verð: 4.490.000 kr.
Hlaðinn aukahlutum



BMW X3

F. skráð. 08/2004, ekinn 15.000 km
Vél: 3000cc, sjálfskiptur
Litur: Dökkrauður
Verð: 3.990.000 kr.
Leðurklæðning sóllúga



Nissan Quest SL

F. skráð. 01/2004, ekinn 9.000 km
Vél: 3500cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 3.450.000 kr.
7 leðurkafeinstólar, DVD, rafmagns-opnun á hliðar og afturhurð, spólvörn, skriðvörn og margt fleira



Jeep Grand Cherokee Hemi

F. skráð. 02/2005, ek. 10.000 km
Vél: 5700cc, sjálfskiptur
Litur: Ljósbrúnn
Verð: 4.490.000 kr.
Leður, álfelgur og fleira



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar, - sjá nánar á www.toyota.is notaðir bílar.

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð. Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

Landslið Trinidad & Tobago:

Breytingar á hópnum

FÓTBOLTI Leo Beenhakker, landsliðsþjálfari Trinidad & Tobago, hefur valið þá 20 leikmenn sem mæta munu íslenska landsliðinu í vináttuleiki í London í lok mánaðarins. Beenhakker gerir nokkrar breytingar á sínu liði og velur m.a. fimm nýliða í hópinn.

„Síðan við tryggðum okkur sæti á HM höfum við verið að skoða nýja leikmenn og nokkrir þeirra fá nú tækifæri,“ sagði Beenhakker þegar hann tilkynnti liðið. Flest nöfnin í hópnum eru lítt þekkt en hann er skipaður eftirtöldum leikmönnum:

Shaka Hislop (West Ham), Clayton Ince (Coventry), Tony Warner (Fulham), Dennis Lawrence (Wrexham), Cyd Gray (San Juan), Marvin Andrews (Rangers), Anthony Noreiga (Kansas City), Dennis Lawrence (Wrexham), Avery John (New England), Kevon Neaves (University of FL), Carlos Edwards (Luton), Ricky Shakes (Swindon), Chris Birchall (Port Vale), Aurtis Whitley (Jabloteh), Collin Samuel (Dundee), Kenwyne Jones (Southampton), Russell Latapy (Falkirk), Stern John (Coventry) og Dwight Yorke (Sydney FC) sem er fyrirlíði liðsins. Þá eru þeir Nigel Henry og Silvio Spann einnig í hópnum en þeir eru báðir án liðs.

- vig

Knattspyrnudeild Grindavíkur:

Setur pressu á bæjarstjórn

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild Grindavíkur ályktaði á aðalfundi sínum að skora á bæjarstjórn Grindavíkur að hraða byggingu fjölnota íþróttahúss þar sem meðal annars yrði hægt að leika knattspyrnu. Deildin vill einnig að húsið verði staðsett við núverandi íþróttahús og íþróttahúsið verði stækkað fyrir inniþróttir og almenning.

Jordan segist örugglega hafa fengið sex villur

Goðsögnin Michael Jordan segir að Kobe Bryant hefði aldrei náð að skora 81 stig hefði hann verið að spila gegn sér. Jordan segir öruggt að hann hefði fengið sex villur gegn Kobe í þessum ham og verið þannig útilokaður frá leiknum.

KÖRFUBOLTI Besti körfuboltamaður allra tíma, Michael Jordan, hefur í fyrsta sinn tjáð sig um það magnaða afrek Kobes Bryant hjá LA Lakers fyrir nokkrum vikum þegar hann skoraði 81 stig í leik gegn Toronto Raptors, sem er það næstmesta sem nokkur leikmaður hefur skorað í einum leik. Jordan sagði við fjölmiðla í Bandaríkjunum að það væri með ólíkindum að einn maður gæti náð að skora svona mörg stig eins og körfuboltinn sé í dag. Þá bætti Jordan við að öðruvísi hefði horft við hefði hann sjálfur þurft að dekka Kobe.

„Hefði ég verið í hinu liðinu þá hefði ég verið búinn að fá sex villur. Ég held að ég hefði aldrei getað látið nokkurn skora 81 stig yfir mig án þess að vera útilokaður frá leiknum,“ segir Jordan.

Skömmu eftir að Kobe skoraði 81 stig gerði Epiphanny Prince, leikmaður í háskólakeppni kvenna í Bandaríkjunum, gott betur og skoraði 113 stig í einum og sama leiknum og setti þannig að sjálfsögðu nýtt met. Í kjölfarið hafa sprottið upp miklar umræður meðal körfuboltaspekinga og aðdáenda í Bandaríkjunum um hvort það sé siðferðislega rétt að leyfa leikmanni að skora jafn mörg stig eins og var í þessum leikjum. Margir vilja meina að verið sé að niðurlægja andstæðingana með því að gefa boltann ávallt á sama leikmanninn, í þeim eina tilgangi að reyna að láta hann setja stigamet. Þegar Jordan, sem sjálfur skoraði margoft yfir 50 stig á ferlinum, var spurður um álit sitt á þessu sagði hann að sökin væri að mestu leyti þjálfarans.

„Það er ekki hægt að gagnrýna stelpuna fyrir að leggja sig alla fram og skora 113 stig. Ef það á að finna einhvern blóraböggul þá



FÉLAGAR Kobe Bryant sést hér hjálpa Michael Jordan á fætur í viðureign LA Lakers og Washington á síðasta tímabilinu sem Jordan spilaði í deildinni. Jordan kveðst sjá margt líkt í leikstíl þeirra félaga.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ætti það að vera þjálfarinn fyrir að taka hana ekki út af,“ sagði Jordan. „Ég lagði mig allan fram á mínum ferli og skoraði stundum mörg stig. Ég skil ekki af hverju það er verið að gagnrýna fyrir það.“

Kobe hefur látið hafa eftir sér að Jordan sé ein af hans helstu fyrirmyndum og segist goðsögnin sjá margt líkt með leikstíl þeirra. „Hann vill verjast bestu

leikmönnum andstæðinganna og vonast til þess að þeir dekki hann í sókninni. Þannig var mitt hugafer,“ sagði Jordan og bætti því við að Kobe væri óumdeilanlega einn allra besta leikmaður deildarinnar í dag.

„Það er erfitt að segja til um hvort hann sé bestur en svo virðist sem hann sé betri en allir aðrir a.m.k. í sinni stöðu, ef ekki betri en allir í deildinni.“

- vig



DUNCAN FERGUSON Hefur lengi verið talinn geðsjúkur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Duncan Ferguson:

Fær fjóra leiki til viðbótar

FÓTBOLTI Duncan Ferguson, framherjinn hjá Everton, hefur fengið fjóra leiki ofan á þriggja leikja bannið sem hann fékk sjálfkrafa fyrir að fá rauða spjaldið í leik gegn Wigan á dögnum. Þetta ákvað aganefnd enska knattspyrnusambandsins á fundi sínum í gær. Ferguson hlaut rauða spjaldið fyrir að kýla Paul Scharner, leikmann Wigan. Þegar hann var að ganga af leikvelli sló hann einnig til Pascal Chimbonda og það er þess vegna sem sambandið þyngir bannið.

Ferguson hefur þegar afplánað tvo þriðju hluta bannsins og á því fimm leiki eftir. Hann verður næst löglegur með Everton í nágrannaslagnum gegn Liverpool eftir rúman mánuð.

- vig

KR fær liðsstyrk:

Valdís komin frá FH

FÓTBOLTI Burðarás kvennaliðs FH síðustu ár, Valdís Rögnvaldsdóttir hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir KR. Þetta er mikill missir fyrir FH en að sama skapi hvalreki fyrir KR. Valdís er ekki ókunnug í herbúðum KR því hún lék með félaginu árið 1991 og hefur einnig leikið með Stjórnumni og Fjölni.

Tveggja marka tap Valsstúlkna í Evrópu-áskorendakeppninni í Grikklandi:

Eigum góða möguleika á að komast áfram í keppninni

HANDBOLTI Valur mætti gríska liðinu HC Athinaikos í fyrri leik liðanna í áskorendakeppni Evrópu í gær. Báðir leikir liðanna fara fram í Aþenu. Gríska liðið fagnaði tveggja marka sigri, 26-24, eftir að hafa leitt með fimm mörkum í leikhléi, 14-9. Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, var nokkuð sáttur við leik sinna stúlkna og telur þær eiga góða möguleika í síðari leiknum sem fram fer í dag.

„Við vorum að elta meira og minna allan leikinn en náðum mest að minnka forskotið í eitt mark. Miðað við hvernig leikurinn þróaðist er þetta ágætlega sloppið,“ sagði Ágúst. Hann lét vel af öllum aðbúnaði í Grikklandi og þótti dómgæslan í leiknum vera góð. Það voru svo svissneskir dómamar sem sáu um flautukonsertinn.

„Við eigum nokkuð inni fyrir síðari leikinn og ef við nýtum dauðafærin okkar vel þá klárum við þetta dæmi. Við eigum mjög góða möguleika að komast áfram að mínu mati enda eru þess lið áþekkt að styrkleika en þetta gríska lið yrði á topp fjögur á Íslandi. Ef við spilum okkar leik þá förum við áfram en við klúðruðum þrem vítum og tólf dauðafærum í dag og það er einfaldlega of dýrt.“

Mörk Vals: Arna Grímsdóttir 7, Hafrún Kristjánsdóttir 6, Ágústa Edda Björnsdóttir 3, Sigurlaug Rúnarsdóttir 3, Alla Gorgijsdóttir



BERGLIND ÍRIS HANSDÓTTIR Stóð sig vel í gær og varði 17 skot.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

2, Katrín Andrésdóttir 1, Rebekka Skúladóttir 1, Drífa Skúladóttir

1. Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 17.

- hbq

Opið prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra helgina 11. og 12.febrúar



Kjósið Þekkingu og reynslu

Kjósið Skynsemi og skilning

Kjósið Stefán Benediktsson

Stuðningsmenn Stefáns Benediktssonar



Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, verður haldinn á Hótel Sögu laugardaginn 18. febrúar 2006 kl. 13.30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Berglind Magnúsdóttir verkefnisstjóri skýrir frá niðurstöðum samþættingar um heimahjúkrun og heimaþjónustu.
3. Önnur mál.

Ársreikningur félagsins liggur frammi á skrifstofu félagsins frá 16. febrúar.

Ath. aðeins þeir sem framvísa félagsskrteinum hafa atkvæðisrétt. Félagsmenn fjöllumennið og takið með ykkur gesti.

Stjórnin

Útvarp KR:
Lýsir beint frá
La Manga

FÓTBOLTI Höskuldur Höskuldsson, útvarpsstjóri hjá Útvarpi KR, hefur ákveðið að senda út frá æfingaleikjum meistaraflokks KR á La Manga en það verður Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR-Sports, sem mun lýsa leikjunum.

KR keppir gegn Brann, Tromsø og Krylya Sovetov á mótinu en leikirnir fara fram dagana 13., 16., og 20. febrúar. Útvarp KR sendir út á tíðninni 98,3 og verður hægt að nálgast frekari upplýsingar um leikina á KR.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
FEBRÚAR

8 9 10 11 12 13 14

Fimmtudagur

LEIKIR

- ☐ 15.15 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast í SS-bíkar karla í handbolta í Ásgarði.
- ☐ 16.15 **Haukar** og **Fram** mætast í SS-bíkar karla í handbolta á Ásvöllum.
- ☐ 14.00 **Haukar** og **Gróttá** mætast í SS-bíkar kvenna í handbolta á Ásvöllum.

SJÓNVARP

- ☐ 10.30 **Ítölsku mörkin** á Sýn.
- ☐ 11.00 **Ensku mörkin** á Sýn.
- ☐ 11.30 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- ☐ 11.55 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Sýnt frá skíðaskotfimi.
- ☐ 12.00 **NBA** á Sýn. Sýndur verður sjötti leikur **Chicago** og **Utah** í úrslitunum 1997.
- ☐ 12.40 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Wigan** og **Liverpool**.
- ☐ 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Enska boltanum. Hitað upp fyrir leiki dagsins.
- ☐ 14.00 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Bein útsending frá setningaratöfninni.
- ☐ 15.00 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Bolton**. Allir aðrir leikir umferðarinnar verða í beinni á öðrum rásum Enska boltans.
- ☐ 16.10 **SS-bíkarinn í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **Fram** í undanúrslitunum.
- ☐ 17.15 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Portsmouth** og **Man. Utd.**
- ☐ 18.00 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Samantekt frá deginum.
- ☐ 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- ☐ 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- ☐ 01.40 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Samantekt frá kvöldinu.

SONY
Lækkað verð

KLVS32A10
SONY 32"LCD SJÓNVARP ▶

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

Verð
16.663 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
199.950 krónur staðgreitt



Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.

Dagskráin á
þínum tíma!
Kynning um
helgina. Komdu
og prófaðu.



- ▶ RDRHX510S
SONY DVD UPPTÖKUTÆKI
- Innbyggður harður diskur (80GB)
- Timeslip
- Precision Cinema Progressive
- Spilar DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS
- Fjarstýring

Með sjónvarpi
39.950 stgr.
3.329 vxtl.

Verð
4.996 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
59.950 krónur staðgreitt

NWE405B
SONY MP3 WALKMAN 512MB ▶

- 3 Linu skjár
- Raflöðuending allt að 50 klst
- Aðeins 37 gr

Verð
13.950 krónur



Pláss fyrir
240 lög



▶ DAVDZ300
SONY HEIMABIÓ DAVDZ300

- Fjölkerfa
- S-Master Digital Magnari
- 800 Wött (5x133W +135W)
- Spilar S-VCD/MP3/JPEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII

Með sjónvarpi
29.950 stgr.
2.496 vxtl.

Verð
4.162 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
49.950 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalaugar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjöld bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Svona lúxus á ekki að kosta

3.160.000*

Bílar á milliverði eru fljótir að verða dýrir þegar aukabúnaðinum er bætt við. SAAB 9-5 er vel búinn lúxusbíll á milliflokksverði. Öruggur, glæsilegur og á allra færi að eignast. Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta yfir í lúxus.



* Þú átt það skilið

Vel útbúinn Saab 9-5 Sedan Linear 2.0 turbo. 150 hestar og sjálfskiptur á kr. 3.160.000. Þetta er ekki flóknara.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab 95



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„For the last six months, he’s gone to Harvard and Berkeley. I’m betting he can get a passport.“

Me if You Can árið 2002.
Carl Hanratty úr kvikmyndinni Catch

SVAR:

dagskrá



Í TÆKINU DANIELS LEIKUR Í KVIKMYNDINNI BLOOD WORK, SEM SÝND ER Í KVÖLD Á STÖÐ 2 KL. 02.40

Giftist skólástinni sinni

Jeff Daniels fæddist í Aþenu í Georgíu árið 1955 en ólst hins vegar upp í Chelsea í Michigan. Þar á fjölskylda Daniels stærðar-innar búgarð þar sem meðal annars eru ræktaðir hestar. Hann hefur sagt að ef hann hefði ekki leiðst út í leiklistina hefði hann án efa snúið sér að hestamennskunni. Daniels hefur verið giftur ástinni sinni frá framhaldsskólaárunum frá árinu 1979. Í Michigan lærði hann leiklist áður hann fluttist til New York þar sem hann reyndi fyrir sér í leiklistinni. Hann vakti fljótt á sér athygli og árið 1982 vann hann meðal annars til hinna virtu Obie-verðlauna. Kvikmyndaferill Dani-



els fór síðan almennilega á skrið eftir að hann lék í myndinni Terms of Endearment árið 1983. Eftir leik sinn í Woody Allen myndinni The Purple Rose of Cairo var ekki aftur snúið. Síðan þá hefur ferill Dani-els spannað bæði hæðir og lægðir. Þekktasta hlutverk Daniels er þó án efa þegar hann lék hin skemmtilega Harry í Dumb & Dumber. Nýlega var Daniels þó tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni The Squid and the Whale. Daniels leikur í kvikmynd Clints Eastwood, Blood Work, sem sýnd er í kvöld á Stöð 2 klukkan 02.40.

Þrjár bestu myndir Jeff Daniels:

The Purple Rose of Cairo - Dumb & Dumber - The Squid and the Whale



▶ 21.45
Kvikmyndir

DANCE WITH ME



▶ 19.10
Gaman

THE COMEBACK



▶ 20.00
Drama

SUMMERLAND



▶ 20.50
Gaman

THE DREW CAREY SHOW



▶ 20.50
Fótbolti

ATL. BILBAO – REAL MADRID

SYNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.06** Jói og þóra **8.08** Bú! **8.19** Fæturnir á Fanney **8.30** Jói og þóra **8.32** Arthúr **8.54** Jói og þóra **8.56** Konráð og Baldur **9.09** Konráð og Baldur **9.21** Jói og þóra **9.25** Gló magnaða **9.45** Orkuboltinn **10.04** Kóalabirnir **10.30** Stundin okkar **11.15** Kastljós

11.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **14.00** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **16.10** Bikarkeppnin í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

18.30 Frasier (Frasier XI) Bandarísk gamanþáttaröð. e.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Tíminn liður hratt – Hvað veistu um Söngvakeppnina?
20.10 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006
21.15 Spaugstofan Karl Ágúst, Pálmi, Randver, Sigurður og Örn sprella og spauga og sýna áhorfendum samtímaviðburði frá nýjum og óvenjulegum sjónarhornum.
▶ **21.45** Dansaðu við mig (Dance with Me) Ungur Kúbverji sem er nýbúinn að missa mömmu sína kemur til Houston í Texas til að hitta pabba sinn í fyrsta skipti. Pabbinn veit ekki af syninum en hann rekur dansskóla og þar eru æfingar fyrir heimsmeistaramót í fullum gangi.

23.50 Klefinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára) **1.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **2.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Adams Sandler's Eight Crazy Nights **8.00** The School of Rock **10.00** My Big Fat Greek Wedding **12.00** Three Seasons **14.00** Adams Sandler's Eight Crazy Nights **16.00** The School of Rock **18.00** My Big Fat Greek Wedding **20.00** Three Seasons (Víetnam eftir stríð) **22.00** Robocop 2 (Véllöggan) Véllöggan snýr aftur á götur Detroit-borgar. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Texas Rangers (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Shot in the Heart (Bönnuð börnum) **4.00** Robocop 2 (Stranglega bönnuð börnum)



7.00 Jellies **7.10** Müsti **7.15** Pingu **7.20** Ljós-vakar **7.30** Töfravagninn (... og býflugnabúið) **7.55** Grallarnir **8.20** Barney **8.50** Með afa **9.45** Kalli á þakinu **10.10** Thumbelina **11.35** Home Improvement 4

12.00 Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **12.35** Bold and the Beautiful **12.55** Bold and the Beautiful **13.15** Bold and the Beautiful **13.35** Bold and the Beautiful **14.00** Idol – Stjörnuleit **15.30** Idol – Stjörnuleit **16.00** Meistarinn **17.00** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
18.54 Lottó
19.00 Íþróttir og veður
▶ **19.10** The Comeback (Endurkoman) Valerie reynir af veikum mætti að peppa upp leikhópin eftir að frumsýning á þættinum þeirra „Room and Bored“ fær vægast sagt dræmar viðtökur.
19.40 Bestu Strákarnir
20.10 Starsky & Hutch Geysivinsæl endurgerð með Ben Stiller og Owen Wilson á sígildum sakamálaþáttum.
21.50 Stelpurnar
22.15 Það var lagið Gestasöngvarar að þessu sinni hjá Hemma eru Friðrik Ómar og Regína Ósk sem syngja á móti Matthíasi Matthíassyni úr Pöpum og Thelmu Ágústsdóttur fyrrum Eurovisionfara.

23.15 Broken Arrow (Stranglega bönnuð börnum) **1.00** Daredevil (Bönnuð börnum) **2.40** Blood Work (Stranglega bönnuð börnum) **4.25** Bones (Stranglega bönnuð börnum) **6.00** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

17.30 Fashion Television (13:34) (e) **18.00** Laguna Beach (8:17) (e)

18.30 Fréttir NFS
19.00 Friends 6 (19:24) (e)
19.30 Friends 6 (20:24) (e)
▶ **20.00** Summerland (10:13) (Space Between Us) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
20.45 Sirkus RVK (15:30) (e) Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur pulsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
21.15 American Idol 5 (5:41) (e) (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 3 – #507 – Audition Show 5) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dóm-arasætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynirir keppninnar.
22.05 American Idol 5 (6:41) (e)
22.55 HEX (19:19) (e)
23.45 Splash TV 2006 (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 101 Biggest Celebrity Oops! **13.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **14.00** It's Good To Be **14.30** Celebrity Soup **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Mariah Carey Uncut **19.00** E! News Week-end **20.00** Awards Fashion Police **21.00** Usher Uncut **22.00** Dr. 90210 **23.00** Celebrity Soup **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Dr. 90210

SKJÁREINN

10.10 Top Gear (e) **11.00** 2005 World Pool Championship

12.40 Game tívi (e) **13.05** Yes, Dear (e) **13.30** According to Jim (e) **14.00** Charmed (e) **14.45** Blow Out II (e) **15.30** Australia's Next Top Model (e) **16.30** 101 Most Shocking Moments (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** The King of Queens – lokabáttur (e)

18.35 Will & Grace (e)
19.00 Family Guy (e)
19.30 Malcolm in the Middle (e)
20.00 All of Us Robert verður afbrýðisamur þegar Nesee fer á stefnumót með myndarlegum tannlækni.
20.25 Family Affair Bill sendir Sissy á nám-skeið þar sem á að kenna henni almenna mannsiði.
▶ **20.50** The Drew Carey Show Drew Carey frá Cleveland, Ohio er líklega ein skrítnasta sjónvarpspersóna sem sækir SkjáEinn heim. Svo ekki sé minnst á Mimi. Og Oswald. Og Lewis.
21.15 Australia's Next Top Model Ástralska of-urfwyrirætán Erika Heynatz fetar í fót-spör Tyrú Banks og leitar að næstu stjórn ástralska fyrirsætuheimsins.
22.15 Law & Order: Trial by Jury

23.00 Strange – NÝTT! **0.00** Stargate SG-1 (e) **0.50** Law & Order: SVU (e) **1.40** Boston Legal (e) **2.30** Ripley's Believe it or not! (e) **3.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.50** Östðövandí tónlist

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á Klukkutíma fresti til kl. 9.15



6.55 A1 Grand Prix **9.00** World Poker **10.30** Ítölsku mörkin **11.00** Ensku mörkin **11.30** Spænsku mörkin

12.00 NBA 2005/2006 – Regular Season **13.40** NBA – Bestu leikirnir **15.10** World Supercross GP 2005-06 **16.10** US PGA 2005 – Inside the PGA T **16.40** World's strongest man 2005 **17.10** Enski boltinn

18.50 Spænski boltinn (Real Madrid – Barcelona)
▶ **20.50** Spænski boltinn beint (Atl. Bilbao – Real Madrid) Bein útsending frá leik í spænsku deildinni.
22.50 Hnefaleikar (Box – John Ruiz vs. Nikolai Valuev) Útsending frá bardaga John Ruiz og Nikolai Valuev sem fór fram 17. desember síðastliðinn í Berlín í Þýskalandi.

ENSKI BOLTINN

12.10 Upphitun (e) **12.40** Wigan – Liverpool (b) **14.40** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Arsenal – Bolton (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Portsmouth – Man. Utd. (b)

19.30 Middlesbrough – Chelsea Leikur frá því fyrr í dag.
21.30 Aston Villa – Newcastle Leikur frá því fyrr í dag.

23.30 Everton – Blackburn **1.30** Dagskrárlok

N Ý J A R E Y K J A V Í K - K R A F T M I K I L , S K E M M T I L E G , Ö R U G G O G H E I L B R I G Ð

KJÓSUM DAG Í DAG

VIÐ KEYRUM ÞIG
Á KJÖRSTAÐ

SÍMINN ER 824 3369

Stuðningsfólk Dags B. Eggertssonar

Kosið er á fimm stöðum: **Miðbær:** Hallveigarstíg. **Laugardal:** Félagsheimili Próttar. **Árbæ:** Fylkishöllinni. **Breiðholti:** Álfabakki 16 (Visa). **Grafarvogi:** Gylfaflöt 9.

DAGUR1 SÆTI

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Það var lagið

Stöð 2 kl. 22.15

Stuð hjá Hemma Gunn í kvöld

Í kvöld verður mikið stuð hjá Hemma Gunn eins og svo oft áður en miklir söngfuglar verða í aðalhlutverki í kvöld. Gestasöngvarar að þessu sinni eru dúettinn Friðrik Ómar og Regína Ósk, en þau gáfu út plötu saman fyrir jólin, og munu þau syngja á móti Matthíasi Matthíassyni úr Pöpunum og Thelmu Ágústs dóttur fyrrum Eurovision-fara sem söng lagið Tell me svo eftirminni-lega með Einar Ágústi á sínum tíma. Í hvoru liði verða síðan píanóleikararnir Pálmi Sigurhjártarson og Karl Olgeirs-son og hvetja sitt lið áfram ásamt áhorfendum í sal.

Hemmi Gunn heldur að sjálf sögu uppi fjörunu.

▶ 10.05

Spjall

HELGIN

10.00 Fréttir ▶ 10.05 Helgin – með Eiríki Jónssyni 11.00 Sögur af fólki 12.00 Hádegis-fréttir/Íþrótt fréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blað-anna.

12.25 Skaftahlíð – vikulegur umræðubáttur 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.15 Sögur af fólki 14.00 Fréttir 14.10 Helg-in – með Eiríki Jónssyni 15.00 Vikuskammtur-inn 16.00 Fréttir 16.10 Frontline 17.10 Skafta-hlíð – vikulegur umræðubáttur 18.00 Veður-fréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir 19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðubáttur Maður vikunnar. 19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni 20.45 Sögur af fólki 21.35 Skaftahlíð – vikulegur umræðubáttur Maður vikunnar. 22.10 Veðurfréttir og íþróttir 22.40 Kvöldfréttir og veður

23.20 Síðdegisdagskrá endurtekin 9.00 Sög-ur af fólki

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT..... 12.00 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy 13.55 Olympic Games: Olympic News Flash 14.00 Nordic Combined Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 14.45 Freestyle Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 15.30 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy 16.45 All Sports: Daring Girls 17.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Tor-ino Italy 18.00 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 19.15 Olympic Games: Olympic News Flash 19.20 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 21.15 Freestyle Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 22.00 Olympic Games: Olympic Extra 23.00 All Sports: Daring Girls 23.15 Olympic Games: Mission to Torino (m2t) 23.30 Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 0.00 Tennis: WTA Tournament Paris 1.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 2.00 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME..... 12.00 Some Mothers Do 'Ave 'Em 12.30 Passport to the Sun 13.00 Doctors 13.30 Doctors 14.00 Doctors 14.30 Doctors 15.00 Friends Like These 16.00 Top of the Pops 16.40 As Time Goes By 17.10 2 point 4 Children 17.40 No Going Back: A Year in Tuscany 18.10 Little Angels 18.40 Casualty 19.30 Star Portraits 20.00 The Kumars at Number 42 20.30 The Secret Life of Richard Nixon 21.30 Absolutely Fabulous 22.00 Body Hits 22.30 Human Race 23.00 This Life 23.40 Linda Green 0.10 Wild Weather 1.00 The Boy Can't Help It 2.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC..... 12.00 Air Crash Investigation 13.00 Air Crash Investigation 14.00 Air Crash Investigation 15.00 Air Crash Investigation 16.00 Air Crash Investigation 17.00 Air Crash Investigation 18.00 Air Crash Investigation 19.00 Air Crash Investigation 20.00 Air Crash Investigation 21.00 Return from the River Kwai 23.00 Bridge on the River Kwai – The Documentary 0.00 The Day James Dean Died 1.00 Autobahn

ANIMAL PLANET..... 12.00 Miami Animal Police 13.00 Big Cat Diary 13.30 Big Cat Diary 14.00 Wild Africa 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Animals A-Z 16.30 Vets in the Wild 17.00 Animal Icons 18.00 Animal Planet at the Movies 18.30 Animal Planet at the Movies 19.00 Equator 20.00 Zoo for Sale 21.00 The Lost Elephants of Timbuktu 22.00 Weird Nature 22.30 Supernatural 23.00 Maneaters 23.30 Predator's Prey 0.00 Miami Animal Police 1.00 Zoo for Sale 2.00 The Lost El-ephants of Timbuktu

MTV..... 15.00 TRL 16.00 MTV Making the Movie 16.30 Just See MTV 17.30 The Trip 18.00 European Top 20 19.00 The Fabulous Life Of 19.30 Cries 20.00 Trailer Fabulous 20.30 Pimp My Ride 21.00 Top 10 at Ten 22.00 Run's House 22.30 Meet the Barkers 23.00 So '90s 0.00 Just See MTV 2.00 Chill Out Zone

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Bílaþáttur 10.03 Laugardagsmorgunn

12.10 Hádegisútvarpið 13.00 Bókmennaþáttur-inn 14.00 Úr skríni 15.03 Glópagull og gisnir skógar e 16.00 Sannar kynjasögur efir Cheiro. 17.03 Frjálsar hendur Illuga e. 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Bílaþáttur e. 20.00 Laugardagsmorg-unn e. 22.00 Hádegisútvarpið e. 23.00 Bók-menntaþátturinn e. 0.00 Úr skríni e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykja-vík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Þar sem austrið er ekki lengur rautt 11.00 Víkulokin 12.00 Hádegisútvarp 13.00 Laugardagsþátt-urinn 14.00 Er ofbeldi fyndið? 14.35 Tónlist á laugardegi 15.00 Til í allt 16.10 Orð skulu standa 17.05 Til allra átta 18.26 Grúsk 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Fastir punktar 21.05 Fimm fjórðu 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Uppá ten-ingnum 23.10 Danslög 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsd. 10.00 Rósa Ingólfs-dóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 13.00 Ylfa Lind 14.00 Kjartan G. Kjartansson 15.00 Hildur Helga 17.00 Guðstaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsd. 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. Kjartans. 0.00 Hildur Helga 2.00 Guðstaf Nielss. 3.00 Rósa Ingólfs 4.00 Kjartan G. Kjartanss. 5.00 Arnþrúður Karlsd.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morgun-tónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.05 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Geymt en ekki gleymt

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarps-fréttir 19.30 ÞZ-senar 22.10 Næturvörðurinn

0.00 Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Landsbankinn

Banki allra námsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Námsstyrkir

Við vitum hvað námsmenn þurfa. Árlega veitir Landsbankinn viðskiptavinum Náunnar tólf námsstyrki. Í ár höfum við hækkað þá töluvert og sýnum námsmönnum þannig sjálfsagða tillitssemi.

Styrkirnir skiptast þannig:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms á Íslandi, 150.000 kr. hver
- 4 styrkir til háskólanáms á Íslandi (BA/BS/MA/Phd), 300.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms erlendis (BA/BS/MA/Phd), 350.000 kr. hver
- 2 styrkir til listnáms, 300.000 kr. hvor

Umsóknarfrestur vegna úthlutunar námsstyrkja er til 24. febrúar 2006.

Allar nánari upplýsingar og skráningarblöð eru að finna á landsbanki.is.



HRÓSIÐ

...fær Arnþjórg Hlíf Valsdóttir fyrir að taka að sér hlutverk Ronju ræningjadóttur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 málhelti 6 tónlistarmaður 8 vafi 9 óp 11 sláturfélag 12 skordýr 14 hægur 16 steikjast 17 kisu 18 veita eftirför.

LÖÐRÉTT

1 óhreint vatn 3 drykkur 4 hrekja 5 skjón 7 þungt slípað gler 10 borgað 13 fitla 15 kropp 16 gerast.

LAUSN

nart, 16 ske.

LÖÐRÉTT: 1 skol, 3 te, 4 afsanna, 5 mís, 7 kristal, 10 greitt, 13 fitka, 15 katta, 18 elta.

LÁRÉTT: 2 stam, 6 kík, 8 efi, 9 org, 11 ss, 12 líra, 14 seinn, 16 stíkna, 17

allt atvinna

Alla sunnudaga

NÚNA

Túlípanapils. Þetta gerir konur afskaplega undarlegar í laginu, en þetta er víst það heitasta með hækandi sól.



Hermannaklippingar. Kannski er það heimsástandið og myndir eins og Jarhead, en það er engin haus með hausum nema vera rakaður.



Blinis. Prófaðu að baka þessar rússnesku hveitikökur og þekja þær með kaviar, sýrðum rjóma og rauðum lauk. Namm.



Snjó. Hann reyndi, hann reyndi, en hann gafst upp. Skellið ykkur til Aspen í staðinn.



Menningarþættir í sjónvarpi. Þetta á greinilega ekki upp á pallborðið hjá sjónvarpsstjórnendum. Skorum á Ása Ásmunds til að vera með myndlistarrýni.

Langa hæ-ið. Konur, hættið þessari tilgerðarlegu vitleysu og segið bara „sæl“ í staðinn. Erum ekki í Sex and the City.



ESKIMO: ÍSLENSK FEGURÐ SLÆR Í GEGN Á INDLANDI

Á forsíðu India Times

Eskimo-skrifstofan og starfsemi hennar á Indlandi er umfjöllun-arefni í India Times, einu stærsta dagblaði Indlands sem er mikill fjölmiðlarísi þar í landi. Dagblaðið er gefið út í 2,1 milljóna eintaka og prýða fyrirsæturnar Tinna og Heiða forsíðu blaðsins. Þær hafa starfað í Bombay á vegum umboðsskrifstofunnar. Tinna var til að mynda Levi's stúlkan og Heiða hefur verið að gera það gott sem dansari í tónlistarmyndböndum auk þess að leika nokkur smáhlutverk í indverskum kvikmyndum. Eskimo hefur verið gerð nokkuð góð skil í indverskum fjölmiðlum að undanförnu og birtist meðal annars svipuð grein í Society Magazine í síðustu viku. Indland er stór markaður og er kvikmyndaframleiðslan þar til dæmis meiri en í Hollywood. Hefur kvikmynda-borgin Bombay oft gengið undir nafninu Bollywood vegna þessa.

Í greininni kemur fram að mikil eftirspurn er eftir stúlkum með ljóstr höndum og augu en dökkt hár. Andrea Brabin, framkvæmdarstjóri Eskimo, var stödd hér á landi og útskýrði þessar vinsældir. „Eftir því sem húðin er ljósari á fólki því hærra sett er það á Indlandi,“ segir hún. Í blaðinu kemur einnig fram að erlent vinnuafli í þessum geira sé dýrara og þykir nokkuð gott. Andrea segir að erlendar fyrirsætur á þeirra vegum taki ekki undir 500 dollara á dag. Í greininni er enn fremur vitnað í Ástu Kristjánsdóttur, sem stofnaði Eskimo, og segir hún að mikil aðsókn sé eftir erlendum stelpum með indverskt yfirbragð. Grein-arhöfundur lætur þess getið að þegar austur-evrópskar stúlkur hafi litað hárið hafi þær fengið nóg að gera.

Fimm stúlkur frá Íslandi starfa nú á vegum Eskimo í Indlandi og þær hafa allar í nógu að snúast. „Það erum við og Elite, ein stærsta umboðsskrifstofa heims, sem berjumst um bestu bitana,“ segir Andrea og telur að þessi umfjöllun sé mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið. „Þetta



TINNA OG HEIÐA Íslenskar stelpur hafa slegið í gegn á Indlandi og var stór umfjöllun í India Times um starfsemi Eskimo þar í landi.

er líka mikil landkynning fyrir Ísland því þarna er landið kynnt fyrir fólki sem vissi varla af tilvist okkar,“ útskýrir hún og segir að síminn hafi varla stoppað hjá sér eftir að blaðið kom út.

Hún og Ásta skipta því bróðurlega á milli sín að fara til Bombay. Andrea segir það vera einstaka upplifun að koma þarna út og þetta sé allt annar heimur.

„Okkur líður óskaplega vel þarna og Indverjar eru yndislegt fólk,“ segir hún en viðurkennir að það sé fólk alls staðar, úti um allt. Þegar hún er spurð hvort þær hygðast færa eitthvað frekar út kvíarnar segir hún að þær vilji fyrst festa sig enn frekar í sessi á Indlandi og horfi til annarra borga þar í landi.

freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill Helgason finnur ekki mikið fyrir sinn smekk í rokkinu sem hann segir á heimasíðu sinni á Visi.is vera orðið jafn „spennandi og endurskoðun eða fluguveiðar“. Egill varð áþreifanlegur var við þetta dapra ástand þegar hann horfði á brot af Grammy-verðlaunaafhendingunni í vikunni. „Það er ekkert í rokkinu sem getur gengið fram af manni, hneykslað eða hreyft við manni á nokkurn hátt,“ segir Egill og bætir við að hápunktur Grammy-kvöldsins hafi verið þegar „Paul McCartney og Bruce Springsteen stígu á svið. Þeir eru samanlagt búnir að vera í bransanum í 90 ár.“ Yngra fólk í bransanum gerði hins vegar lítið annað en fara í taugarnar á Agli sem vandar ekki írsku dverggoðinu Bono kveðurnar. „Svo komu hinar ofboðslega leiðinlegu hljómsveitir U2 og Coldplay, tákngervingar meðalmennskunnar sem einkennir rokkbransann. Verstur er þó Bono sem, eins og Rod Little segir í Spectator, er farinn að líta á sig sem einhvers konar nútíma Kissinger - flygur stöðugt á milli funda með George Bush og Tony Blair.“



Andrea Róbertsdóttir birtir reglulegar Áskýrslur af ævintýraferð sinni um Austurlönd á blogg síðunni <http://spennidbeltin.blogspot.com/>. Andrea er stödd á Indlandi þessa dagana. Hún segist hafa reynt töluvert að blanda geði við heimafolk en hafi þrátt fyrir það ekki orðið vör við reiði múslíma vegna birtingar Jótlandsþóstsins á skopmyndum af Múhamed spámanni. Indverjar virðast því nokkuð afslappaðir út af málinu og það er helst að Danir, sem verða á vegi Andreu, láti deilurnar sem skekja heimsbyggðina um þessar mundir setja sig út af laginu. „Hitti reyndar danska stelpu í gær á kaffihúsi sem sagði mér að allir Danir á ferdalagi segjast vera íslenskir.“



Leiðrétting

Í Fréttablaðinu á föstudag var ranglega hermt að tiskuhönnuð-urinn Steinunn hafi samið við 140 búðir í Bandaríkjunum og Evrópu. Hið rétta er að ELM er með samning við þessar búðir og er beðist velvirðingar á mistökunum.

SÚR HVALUR

30% afsláttur af harðfiski og hákarli

Opið alla laugardaga 10-14

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

Tók upp auglýsingu með Evu Longoria

Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason tók fyrir skömmu upp glænýja auglýsingu fyrir gosdrykkjaframleiðandann Pepsi með Evu Longoria úr þættinum vinsæla Desperate Housewives í aðalhlutverki.

Tökurnar fóru fram í Los Angeles og gengu vel að sögn Óttars, sem ber Evu vel söguna. „Við vorum þarna í tvo daga með Evu Longoria þar sem hún var að drekka Pepsi og labbaði í rigningu sem við bjuggum til,“ segir Óttar. „Hún er indælis píá.“

Auglýsingin verður frumsýnd í Norður- og Suður-Ameríku eftir um það bil tvær vikur en hvort hún verði sýnd hér á landi verður tíminn að leiða í ljós.

Ekki fær hver sem er að taka upp dýrar auglýsingar eins og þær sem Pepsi hefur staðið fyrir og því ljóst að Óttar er orðinn afar virtur á sínu sviði. Ekki er langt síðan hann tók upp fyrstu kvikmynd sína, A Little Trip to Heaven, eftir um það bil áratug í auglýsingabransanum. Hefur hann fengið mjög góða dóma fyrir frammistöðu sína.

Ítarlegt viðtal við Óttar verður birt í Fréttablaðinu á morgun.

ÓTTAR GUÐNASON Kvikmynda-tökumaðurinn Óttar Guðnason er orðinn afar virtur á sínu sviði.





Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Citroën. Bildshöfða 8. Komdu í kaffi. Sjáðu Citroën í nýju ljósi.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



C4 SALOON

C4 SALOON SX 1,6i 110 hö. 5 gíra*

FRANSKT TILBOÐ

1.720.000 kr.

Bílasamningur 22.847 kr. Rekstrarleiga 29.973 kr.

Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.

Sífelld fleiri Íslendingar kaupa Citroën. Í ljósi þess eykur Brimborg gæða þjónustu Citroën enn frekar: Citroën er kominn í hjartari og glæsilegri sýningarsal hinum megin götunnar. Einnig byggjum við nýtt þjónustuverkstaði og nýjan lager varahluta.

Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8 í dag. Skoðaðu Citroën í nýju ljósi.



Citroën C4 SALOON dúxði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallett og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stíllanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnfrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Pokuljós í framstuðara
- 6 Öryggisþúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspylari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstólva
- Úthitamaelir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórásæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útspeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakskynjari
- Minibar/kællir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstýrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspylari

Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bildshöfða 8.

■ C2 VTS 1,6i 125 hö. 5 gíra*	■ C3 SX 1,4i 75 hö. 5 gíra*	■ C4 SALOON SX 1,6i 110 hö. 5 gíra*	■ Xsara Picasso Exclusive 1,8i 117 hö. 5 gíra*	■ C5 SX 2,0i 143 hö. sjálfskiptur*	■ Berlingo Multispace 1,6 Disil 90 hö. 5 gíra*
Franskt tilboð 1.549.000 kr. Bílasamningur 20.575 kr. Rekstrarleiga 27.954 kr.	Franskt tilboð 1.319.000 kr. Bílasamningur 17.518 kr. Rekstrarleiga 23.896 kr.	Franskt tilboð 1.720.000 kr. Bílasamningur 22.847 kr. Rekstrarleiga 29.973 kr.	Franskt tilboð 1.859.000 kr. Bílasamningur 24.694 kr. Rekstrarleiga 32.463 kr.	Franskt tilboð 2.220.000 kr. Bílasamningur 29.491 kr. Rekstrarleiga 39.258 kr.	Franskt tilboð 1.649.000 kr. Bílasamningur 21.903 kr. Rekstrarleiga 30.178 kr.

Citroën flytur í nýtt húsnæði




Gildir aðeins til 15. febrúar!

Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun. Sjáðu Citroën – ekta franskan munað.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.



Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu sulumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

Í tilefni nýrra heimkynna Citroën, Bildshöfða 8, býður SP fjármögnun viðskiptavinum Brimborgar enn betri kjör á nýjum Citroën. Nýttu þér tilboðin á Citroën í dag. Veldu bílasamning og aðeins 10 prósent útborgun.



Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: áfelleigur og bakskynjari. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Spámaðurinn

Það getur vel verið að það reynist rétt hjá formanni Framsóknarflokksins að Íslendingar verði gengnir í ESB eftir tíu ár. Og mér finnst reyndar ágætt að einhver stjórnmalaleiðtogi skuli hafa tekið upp á því að tala um framtíðina og lýsa því svona afdráttarlaust yfir hvað hann persónulega haldi að muni gerast. Vanalega hefur umræða um framtíðina nefnilega verið álitin annars flokks á meðal stjórnmalamanna á Íslandi. Menn hafa jafnan talað á niðrandi hátt, með glott á vör um það þegar stofnaðar hafa verið svokallaðar framtíðarnefndir, bæði fyrr og nú, sem hafa haft það að markmiði að reyna að sjá fyrir hvað sé skynsamlegt fyrir þessa þjóð að gera í framtíðinni.

AULAHÚMOR eins og: „Halda menn að þeir séu einhverjir spámenn?“ hefur jafnan verið viðkvæðið þegar umræða um framtíðina er annars vegar. Í stað þess að vera upphrópaðir sem spámenn hafa stjórnmalamenn því yfirleitt forðast það að ræða nokkuð um það hvert þeir vilja stefna. Þeir tönnlast frekar á því að mikilvægara sé að láta verkin tala. En ég persónulega vil ekki að verkin tali. Ég vil að menn tali. Svo mega þeir framkvæma verkin sín í samræmi við talið, ef þeir fá umboð til þess.

EN þetta gerði að vísu Adolf Hitler þannig að ekki er þessi aðferðafræði ávísun á manneskjulegt þjóðfélag ein og sér, svo notað sé öfgakennt dæmi. Ef við lítum okkur nær hefði ég þó gjarnan viljað að menn hér á landi hefðu tekið sér þann erkiþrjót til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Menn mega gjarnan segja hvað þeir ætla sér að gera. Menn fóru til dæmis alltaf leynt með þá stefnu sína að ætla að stóriðjuvæða Ísland frá fjöru til fjalla. Eitt stykki Mein Kampf um það mál fyrir tíu árum hefði verið athyglisvert innlegg í umræðuna og þarft. Þá hefði ég til dæmis afdráttarlaust vitað hverja ég ætti ekki að kjósa.

ÆTÍÐ hafa menn leitað skjóls í þessari klisju um að verkin eigi að tala, en neitað að tala sjálfir. Þess vegna sitjum við allt í einu upp með álmædda þjóð án þess að nokkur almennileg umræða hafi farið fram og hvað þá verið kosið um málið. Þetta einkenni á íslenskum stjórnmalum hefur orðið til þess að ég hef alloft spáð því í vitna viðurvist í þvöglukenndum hitaumræðum um stjórnmal í matarboðum og slíku að ef Íslendingar gengju í Evrópusambandi myndu þeir gera það allt í einu, upp úr þurru, án mikillar umræðu, á haustþingi, svona rétt áður en þingmenn færu í jólafrí.

ÞAÐ er því gott að Halldór Ásgrímsson skuli hafi klætt sig í spámannshempuna og sagt fólkinu í landinu frá því hvað hann sér í kaffibollanum sínum. Honum virðist hugnast sú framtíðarmynd vel að Ísland gangi í Evrópusambandið. Þeir sem eru sammála honum um þetta geta þá kosið hann en þeir sem eru það ekki – og mig grunar reyndar að í þeim hópi sé ákaflega stór hluti hans eigin flokksmanna – kjósa hann þá ekki.

Skpiulag


á baðherberginu...



490,-
NIMMERN
baðsett 5 stk.



THISTED handklæði 4 stk.
70x140/50x100 sm 1.490,-



LILLHOLMEN hilla
60x13 sm 1.490,-



LIDAN körfur 2 stk.
1 stk. Ø19x21 sm
1 stk. Ø25x26 sm 890,-



FLÅREN speglaskápur
39x16x74 sm 7.950,-



LILLHOLMEN krókur
ryðfrítt stál 790,-



HULINGEN ruslafata
ryðfrítt stál Ø24x33 sm

1.490,-



GRUNTAL baðvog
ryðfrítt stál Ø32 sm 1.990,-



VISEN krókar fyrir
sturtuhengi 12 stk. 150,-



990,-

BOASJÖ baðsett 5 hlutir



LILLHOLMEN spegill
ryðfrítt stál 27x33 sm 990,-



95,-
VIREN klósettbursti
ýmsir litir



SONGA hjólaborð
40x27x72 sm 990,-



Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum
og grænmeti

490,-

IKEA Restaurant

Allt á sinn stað
Dagana 26. janúar til 5. mars

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 20:00 | www.IKEA.is

